**BÍLAÁHUGAKLÚBBURINN LIVE2CRUIZE**

*Vilja engan hraðakstur*

Bílar
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**JÓN ÓLAFSSON**

*Leikur prest í Hollywood-mynd*

Kemur til landsins á frumsýninguna

FÓLK 62



SVÖR VIÐ ÖLLU
fylgja blaðinu í dag!
BÓKA BÚÐIR · PENNINN · Eymundsson




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. mars 2006 — 76. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Allt að 20 milljarða arðgreiðsla í hlutafé

**Kaupþing banki stefnir að því að rjúfa krosseignarhald sitt við Exista. Stefnt er að því að hluthafar fái allt að tuttugu milljarða verðmæti í sérstakan arð í bréfum Exista, sem er stærsti hluthafi Kaupþings banka, Bakkavarar og Símans.**

**VIÐSKIPTI** Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, segir gagnkvæmt eignarhald milli KB banka og Exista hafa verið til umræðu í stjórn bankans. Í ræðu sinni á aðalfundi bankans sagði hann að viðræður væru hafnar um að bankinn leysti upp eignarhlut sinn í Exista.

Exista á 21 prósents hlut í KB banka og bankinn á aftur um 19 prósenta hlut í Exista. „Þetta krosseignarhald er ekki á grundvelli neins valdaspils fyrir bankann. Stjórnin hefur því rætt það hvort ekki sé kominn tími til að leysa það eignarhald upp. Við munum vinna að því að finna lausn á því og höfum átt í viðræðum við eigendur Exista með það að markmiði að Exista verði skráð á markað og eign Kaupþings verði greidd hluthöfum bankans sem arður.“

Stærstu eigendur Exista eru bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, stjórnendur Bakkavarar. Lýður er stjórnarformaður Exista og staðfesti hann að viðræður stæðu yfir við stjórn KB banka um eignarhlut bankans í Exista. „Það er vafalaust að ef verðmæti hluthafa eykst við breytingar ber mönnum að vinna að slíkum lausnum. Einn möguleikinn er að skrá Exista í Kauphöllina og að bankinn greiði hlutinn í arð, eins og Sigurður Einarsson benti á á aðalfundi bankans.“

Exista er stærsti hluthafi Símans með um 43 prósenta hlut. Aðrar eignir eru kjölfestuhlutur í Bakkavör og hlutir í VÍS, Flögu og Kögun.

Hlutur Exista er bókfærður í KB banka á 6,7 milljarða. Eigið fé Exista var um áramót 96 milljarðar og hefur vaxið síðan. Virði hlutarins liggur því að lágmarki í kringum tuttugu milljarða. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort bankinn greiði allan hlutinn út sem arð.

Krosseignarhald sem þetta er meðal þess sem erlendir greiningaraðilar hafa gagnrýnt við undanförnu og yrði sú ráðstöfun sem boðuð er væntanlega til þess að auka gagnsæi og traust á innlendum hlutabréfamarkaði.

- hh / sjá síðu 28



**FÍKNIEFNASMYGLARI ÁSAMT LÖGMANNI SÍNUM** Héraðsdómur Reykjavíkur framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir tveimur Litháum sem setið hafa inni, ásamt þriðja Litháanum, vegna stórfelldrar smygltilraunar á amfetamíni og brennisteinssýru. Á myndinni má sjá annan mannanna mæta fyrir dóminn í fylgd Sveins Andra Sveinssonar lögmanns. Litháinn sem reynir að hylja andlit sitt er búsettur hér. - sjá síðu 2

## Ánægður með reynslubankann



Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, er 45 ára í dag. Hann lítur á daginn sem góð tímamót enda er hann ánægður með reynslubankann sem safnast í með árunum.

TÍMAMÓT 26

## Vill vekja menn til vitundar

Kristinn H. Gunnarsson hefur undanfarna daga bent á það sem hann kallar þverrandi grunnfylgi Framsóknarflokksins. Hann vill vekja sína menn til vitundar um að haldi fram sem horfir verði flokkurinn að jaðarflokki með lítil áhrif.

STJÓRNMÁL 24

## Mikill húmoristi

Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður hefur verið mikið í fréttum vikunnar vegna sýknudóms Héraðsdóms Reykjavíkur í Baugsmálinu svokallaða. Gestur er sagður mikill húmoristi.

MAÐUR VIKUNNAR 18

## Gunnar Heiðar til Þýskalands



Miklar líkur eru á því að landsliðsmaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson skrifi undir samning við þýskt úrvalsdeildarlið á næstu vikum. Viðræður standa yfir við nokkur félög.

ÍÞRÓTTIR 56

## VEÐRIÐ Í DAG




**SÚLD** - í dag verður hæg vestlæg átt. Súld af og til á landinu vestan- og norðanverðu en bjartviðri austan og suðaustan til. Hlýtt í veðri. VEÐUR 4

Konur 18-49 ára
Lestur laugadaga




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.



**JARÐSUNGINN Í DAG** Fjölmargir hafa lagt leið sína að líkkistu Slobodans Milosevic í Belgrad. Óljóst er hvort ekkja hans sækir útförina í dag. MYND/AP

Slobodan Milosevic:

## Ekkert bendir til eitrunar

**HAAG, AP** Engar vísbendingar fundust um eiturefni eða lyf sem gætu hafa valdið dauða Slobodans Milosevic, samkvæmt niðurstöðum úr krufningu og rannsókn á blóðprufu. Frá þessu var skýrt í gær.

Fausto Pocar, forseti dómstólsins í Haag sem hafði stríðsglæpamál Milosevic til meðferðar, sagði að óháð rannsókn yrði engu að síður gerð á rekstri fangelsisins þar.

Marko Milosevic, sonur Slobodans, hefur sagst sannfærður um að faðir sinn hafi verið myrtur og rússnesk stjórnvöld sögðust fyrr í vikunni ekki trúa fyrri krufningsskýrslu. - gb

E.coli sýking í Noregi:

## Mörg börn veik og eitt dáið

**NOREGUR** Fjögurra ára drengur lést úr E.coli sýkingu í Noregi í síðustu viku. Tólf önnur börn hafa veikst þar í landi og fjögur þeirra hafa nú þegar hlotið varanlegar nýrnaskemmdir.

Sýkingin er rakin til unninar kjötvöru frá stærsta kjötvinnslufyrirtæki Noregs sem heitir Gilde. Norska matvælaeftirlitið hefur engu að síður innkallað kjötvörur allra norskra kjötframleiðenda frá 1. janúar að telja.

Sú tegund E.coli sýkingar sem hér um ræðir hefur aldrei komið upp hér á landi samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunnar. - shá

Stefnt að tollfrjálsum viðskiptum milli Kína og Íslands:

# Einir í Evrópu án tolla í Kína

**VIÐSKIPTI** Stefnt er að tollfrjálsum vöruviðskiptum milli Íslands og Kína. Náist samningar verður Ísland eina ríkið á norðurhveli jarðar með fríverslunarsamning við Kínverja. Kína verður annað landið á eftir Færeyjum með slíkan samning við Ísland.

Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir að auk iðnvara sé stefnt á að samningurinn nái að einhverju leyti yfir landbúnaðarvörur, þjónustu, viðskipti og fjárfestingar milli landanna. Grétar segir ekki samið um frjálst flæði vinnuafls en rætt sé um að auðvelda Kínverjum að ferðast til landsins.



**GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON** Skrifstofustjóri Viðskiptaskrifstofu.

„Við vöktum fyrst athygli Kínverja á möguleikanum á fríverslun fyrir tveimur árum. Við höfum unnið vel með þeim frá því að sendiráð okkar var opnað í Peking. Við erum til dæmis með einn besta loftferðasamning sem nokkurt ríki hefur við þá,“ segir Grétar Már, sem fór fyrir íslensku sendinefndinni sem fundaði með Kínverjum í byrjun vikunnar.

Grétar segir að reynt hafi verið að fá Kínverjana til að semja við EFTA en þeir hafi aðeins viljað semja við Ísland: „Þeir eru að þreifa sig áfram varðandi fríverslun í markaðshagkerfinu. Íslenska hagkerfið er öflugt en landið smátt og getur því aldrei skaðað þá eða ógnað.“ Einn fund þurfi til að klára samningaferlið en hann verði í sumar. Með samningunum nái Ísland forskoti á önnur ríki Evrópu. - gag

Veldu það besta
Þitt val skiptir máli
Íslenskir framleiðendur
SI Samtök iðnaðarins



## SPURNING DAGSINS

*Helst ykkur illa á kvenfókinu?*

„Þegar þessu er lokið koma konurnar því karlarnir eru svo góðir.“

Smári Geirsson er forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu eru karlmenn þar alls 2.332 en konurnar aðeins 1.575.

Bónusfjölskyldan styrkir Barnaspítala Hringsins:

# Gefa 300 milljónir króna á fimm árum

**STYRKVEITING** „Ég óska barnaspítalanum innilega til hamingju með að hafa fengið svona rausnarlega gjöf,“ sagði Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra þegar tilkynnt var um 300 milljón króna gjöf Bónusfjölskyldunnar til hans.

Feðginin Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Kristín Jóhannesdóttir gáfu í gær fyrirheit um sextíu milljóna greiðslu til barnaspítalans ár hvert næstu fimm ár svo hægt sé að reka þar hágæsluþjónustu.

Siv sagði að fjölskyldan hefði áður gefið spítalanum höfðinglegar gjafir upp á tugi milljóna króna. „Þau eru að sýna barnaspítalanum geysilegan velvilja og núna kemur þessi gjöf sem slær hinar fyrri út.“ Með fénu verði hægt að efla þá framúrskarandi þjónustu enn frekar sem spítalinn veiti.

Anna Ólafía Sigurðardóttir, sviðstjóri hjúkrunar á barnasviði, segir starfsfólk hafa viljað leggja áherslu á hágæsluþjónustu við barnaspítalann og féð því ekki skilyrt til þess. „Féð mun nýtast til að efla þessa þjónustu, ráða starfsfólk og þjálfa.“ - gag




FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**FORSVARMENN SJÚKRAHÚSSINS** Anna Ólafía Sigurðardóttir, Ásgeir Haraldsson, Jóhannes M. Gunnarsson og Siv Friðleifsdóttir tóku við 300 milljóna gjöf í gær.

Fuglaflensan í Danmörku:

## Áhættustig óbreytt hér

**FUGLAFLENSA** Áhættustig vegna viðbúnaðar fuglaflensu af stofninum H5N1 verður óbreytt hér á landi, þótt hún hafi greinst í Danmörku, að sögn Jarle Reiersen, dýralæknis fuglasjúkdóma.

Jarle sagði að flensan hefði greinst í músvági, fuglategund sem kæmi ekki hingað til lands. Menn drægju enn sem fyrr línuna varðandi áhættumatið við Bretland.

Hann sagði enn fremur að á næstu dögum yrðu tekin um 400 saursýni úr villtum fuglum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Hornafirði, Mývatnssveit, Blönduósi og Borgarfirði. - jss



**ATHUGASEMDUM SKILAÐ** Ragnar Sverrisson, kaupmaður í JMJ, var á meðal þeirra Akureyringa sem skiluðu inn athugasemdum í gær en Ármann Jóhannesson, Pétur Bolli Jóhannesson og Guðmundur Jóhannsson veittu þeim viðtöku.

Aðalskipulag Akureyar:

## Hátt í 400 athugasemdir

**AÐALSKIPULAG** Frestur til að skila inn athugasemdum vegna tillögu að aðalskipulagi Akureyrar 2005 til 2018 rann út í gær.

Alls bárust um 370 skriflegar athugasemdir en að baki þeim standa þúsundir bæjarbúa.

Flestar athugasemdinar lúta að landnýtingu á íþróttavallarsvæðinu við miðbæinn, legu Miðhúsabrautar og að Dalsbraut skuli felld úr skipulaginu. - kk

# Fleiri Litháar teknir til yfirheyrslu

**Lögreglan í Reykjavík hefur yfirheyrt fleiri Litháa en þá sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna tilraunar til smygls á sjö flöskum af amfetamíni og brennisteinssýru til landsins. Málið er rannsakað af fullum krafti.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík hefur í fórum sínum sjö flöskur af fljótandi amfetamíni og brennisteinssýru, sem teknar voru af tveimur Litháum sem reyndu að smygla þeim inn í landið. Tvær þeirra innihéldu brennisteinssýru.

Þrír Litháar sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna þessara tveggja mála. Sá fyrsti kom hingað í byrjun febrúar og var stöðvaður á Keflavíkurflugvelli. Hann reyndist hafa tvær vínflöskur með fljótandi amfetamíni meðferðs. Í kjölfar handtöku hans var annar Lithái, sem búsettur er hér á landi, handtekinn. Eiginkona hans hefur verið úrskurðuð í farbann til 24. mars. Húsleit var gerð heima hjá þeim en þar fundust engin efni. Þriðji Litháinn kom svo til landsins um síðustu mánaðamót. Hann var einnig handtekinn á Keflavíkurflugvelli og reyndist hann vera með fimm flöskur meðferðis, þrjár sem innihéldu fljótandi amfetamín og tvær með brennisteinssýru. Hún er notuð til að breyta fljótandi amfetamíni í neysluhæft form.

Rannsókn lögreglunnar á málunum hefur leitt í ljós að fyrstnefndi Litháinn hefur komið hingað áður. Hinn 19. desember á síðasta ári var hann á ferðinni hér og tókst þá að smygla inn tveimur flöskum af amfetamíni. Það sem sendiferðin gekk áfallalaust fyrir sig tókst hann aðra slíka á hendur en var þá stöðvaður eins og áður sagði.

Gæsluvarðhald yfir tveim síðarnefndu mönnunum rann út í gær. Héraðsdómur framlengdi það til 28. apríl. Annar mannanna, sá sem búsettur er hér, kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, en það hefur hann gert tvívegis áður eftir framlengingu Héraðsdóms. Hæstiréttur staðfesti í bæði skipti úrskurði dómsins. Tveggja flösku manninum hefur verið gert að sitja inni til 31. mars.




**FRAMLENGING** Gæsluvarðhald var í gær framlengt yfir tveimur Litháum sem eru í haldi vegna rannsóknar á stórfellri tilraun til smygls á amfetamíni og brennisteinssýru. Maðurinn á myndinni er búsettur hér á landi ásamt eiginkonu sinni.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur lögreglan yfirheyrt fleiri Litháa, sem búsettir eru hér á landi, vegna þessara mála, en enginn handtekinn. Hins vegar er ekki rétt að yfirheyrslur hafi farið fram í Litháen, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum.

Litháar hafa margoft áður orðið uppvísir að því að reyna að smygla amfetamínefnum til landsins. Lithái var tekinn með tvær flöskur af brennisteinssýru á síðasta ári. Tveir Litháar hlutu hér dóm fyrir að reyna að smygla inn fjórum kílóum af amfetamíni.

jss@frettabladid.is



**FIMM FLÖSKUR** Litháinn sem hér sést á myndinni mæta fyrir héraðsdóm reyndi að smygla inn fimm flöskum, þremur með fljótandi amfetamíni og tveimur með brennisteinssýru.



**DÝRT ER HÚSIÐ ALLT** Sé húsnæðisliðurinn tekinn frá reynist verðbólga hér á landi síðasta árið í lægri kantinum miðað við önnur lönd Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Vísitala neysluverðs:

## Verðbólgan var 1,2 prósent

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólga mæld með samræmdri vísitölu neysluverðs hefur einungis verið 1,2 prósent á Íslandi frá febrúar á síðasta ári til febrúar þessa árs, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, og er vel undir meðaltali Evrópulanda.

Lægst mældist vísitalan á tímabilinu í Finnlandi 0,6 prósent, Póllandi 0,9 prósent og í Svíþjóð 1,1 prósent en meðaltal evrusvæðisins var 2,3 prósent.

Samræmd vísitala neysluverðs tekur ekki mið af húsnæðisverði sem hefur vegið þungt hér á landi og hefur vísitalan með húsnæði hækkað um 4,5 prósent síðastliðna tólf mánuði. - aöe

Lögreglan í Borgarnesi:

## Fann fíkniefni og skotvopn

**FÍKNIEFNI** Lögreglan í Borgarnesi lagði hald á fíkniefni og skotvopn á sveitabæ í Borgarfirði í gær. Einkum er um 400 grömm af kannabisefni að ræða en einnig hugsanlega amfetamín.

Einn maður um þrítugt var handtekinn og var hann í yfirheyrslu í gærkvöld. Maðurinn gat ekki gert grein fyrir skotvopninu og var því lagt hald á það.

Fíkniefnaleitarhundurinn Týra var notaður við leitina. - ghs


MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FERÐAVÖGNUM



*Komdu og kynntu þér vönduðu Bandarísku A-húsin frá Chalet. Þau sameina kosti fellihýsa og hjólhýsa og uppsetningin tekur aðeins um 30 sekúndur.*

*Verslaðu við traustan aðila!*

Tjalduagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203


Upp komst um stórfelld fíkniefnabrot við aðgerðir lögreglu:

# Fimm inni vegna 4,5 kílóa

**LÖGREGLUMÁL** Fimm einstaklingar sæta nú yfirheyrslum eftir að þeir voru handteknir í fyrradag vegna gruns um aðild að fíkniefnamisferli. Þeir sitja allir í gæsluvarðhaldi. Í aðgerðunum gerði lögreglan upptæk ríflega fjögur kíló af kannabisefnum og um 440 grömm af meintu amfetamíni.

Það var að morgni fimmtudagsins sem lögreglan í Hafnarfirði og lögreglan í Kópavogi fóru sex húsleitir á höfuðborgarsvæðinu, í fjórar íbúðir og tvö iðnaðarhúsnæði, vegna gruns um stórfellt fíkniefnamisferli. Voru leitir þessar framkvæmdar að fengnum úrskurði dómara í fimm tilvika en í einu tilviki heimilaði húsráðandi leit.

Í tengslum við rannsókn málsins voru handteknir tólf einstaklingar á þrítugs- og fertugsaldri. Sjö þeirra var sleppt að yfirheyrslum loknum en fimm einstaklingar úrskurðaðir í gæsluvarðhald til mánudagsins 20. mars að kröfu sýslumannsins í Hafnarfirði.

Mál þetta var unnið sem samvinnuverkefni lögreglunnar í Hafnarfirði og lögreglunnar í Kópavogi, en að leitunum kom einnig fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, sérsveit ríkislögreglustjórans og tollgæslan. Þá veitti tæknideild lögreglunnar í Reykjavík liðsinni sitt. Á fjórða tug manna tók þátt í aðgerðunum, sem stóðu hátt í sex klukkustundir. - jss



**LÖGREGLAN** Lögreglan í Hafnarfirði og Kópavogi naut aðstoðar starfsbræðra sinna í Reykjavík.









**Ýmis tilboð**
**í öllum verslunum Dýraríkisins yfir helgina**

# Hundakynning

18-19 mars

**í Blómavali Skútuvogi**



**25%** afsláttur af öllum **blómum**

- Frá **kl.13-17** laugardag og sunnudag
- 20 mismunandi **hundategundir**
- **Hundasnirtir** verður á staðnum
- **Hundaþjálfari** með ráðleggingar
- Kynntur verður búnaður fyrir **veiðihunda og veiðimanninn** sjálfann

**DÝRARÍKIÐ**

**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,32 | 68,64 |
| Sterlingspund | 119,92 | 120,5 |
| Evra | 83,17 | 83,63 |
| Dönsk króna | 11,144 | 11,21 |
| Norsk króna | 10,418 | 10,48 |
| Sænsk króna | 8,9 | 8,952 |
| Japanskt jen | 0,5866 | 0,59 |
| SDR | 98,86 | 99,44 |

*Gengisvísitala krónunnar*

116,1034

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samráð er hafið milli Varnarliðsins og verkalýðsfélaga á Suðurnesjum:

# Búist við fjöldauppsögnum

**SUÐURNES** Íslenskir starfsmenn hjá Varnarliðinu fá tvo daga í mánuði á launum til að fara af Keflavíkurflugvelli til að leita sér að vinnu. Starfsmannahaldið á Vellinum ætlar að hjálpa til við atvinnuleit fyrir starfsmenn í samstarfi við ráðningarskrifstofu.



**GUÐBRANDUR EINARSSON**

Samráð vegna fjöldauppsagna er hafið milli Varnarliðsins og stéttarfélaga á Suðurnesjum. Samráðinu verður haldið áfram í næstu viku en þá verður aflétt trúnaði af tölum og umfangi uppsagnanna.



**HERSTÖÐIN Í KEFLAVÍK** Íslenskir starfsmenn Varnarliðsins bíða uppsagnarbréfa.

Flestir íslensku starfsmannanna á Vellinum eru með sex mánaða uppsagnarfrest. Búist er við að uppsagnarbréf verði send út fyrir mánaðamót þannig að starfsmenn vinni til 1. október þó að hermennirnir fari sennilega fyrr. Verslunarmannafélag Suðurnesja er stærsta verkalýðsfélagið á Keflavíkurflugvelli. Guðbrandur Einarsson formaður hefur óskað eftir því að orðið verði við beiðni starfsmanna um starfslokasamninga. Hann fær svar í næstu viku.

„Þetta eru erfiðir dagar og verða áfram þar til uppsagnarbréfin byrja að streyma. Það er ljóst. Ég er þungur á brún eftir samráðsfundinn sem við áttum, þetta lítur illa út," segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Suðurnesja.

Nokkrir tugir starfsmanna eru komnir yfir sextugt. - ghs

Ógnaði pítsusendli og rændi:

# Situr inni í ár við skilorðsrof

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur sem rændi fimm þúsund krónum og síma af pítsusendli fékk árs fangelsisdóm sem hann þarf ekki að sitja af sér haldi hann skilorð í fjögur ár. Hann ógnaði sendlinum með dúkahnífi þegar hann rændi hann.

Pilturinn var nýkominn úr vímuefnameðferð en hóf aftur neyslu kvöldið fyrir ránið. Hann sagðist fyrir dómara hafa verið ruglaður og ekki hugsað út í það sem hann var að gera. Hann vantaði peninga. Eftir ránið fór hann aftur í meðferð og flutti að henni lokinni til Noregs og segist enn edrú. Dómurinn var piltsins fyrsti. - gag



**SPJALLAÐ Á STUTTUM FUNDI** Jalal Talabani forseti, Adbul-Azia Al-Hakim, leiðtogi sjíamúslima, og Ibrahim Jaafari forsætisráðherra. MYND/AP

Þingið í Írak kom loks saman:

# Fundur í hálfa klukkustund

**BAGDAD, AP** Nýja þingið í Írak kom í fyrsta sinn saman á fimmtudag en þingfundurinn stóð einungis í hálftíma og var þingi síðan frestað um óákveðinn tíma. Flokkarnir hafa ekki getað komið sér saman um stjórnarmyndun og í gær gátu þeir heldur ekki komið sér saman um kjör þingforseta.

Þingkosningar voru haldnar 15. desember en það hefur tafist í meira en mánuð að þingið komi saman. Helsti ásteytingarsteinninn er ósk núverandi forsætisráðherra, Ibrahims al-Jaafari, um að vera áfram forsætisráðherra eitt kjörtímabil í viðbót. - gb

Formannsskipti hjá SI:

# Ekki álver í hverjum firði

**VIÐSKIPTI** Helgi Magnússon, stjórnarformaður Flugger HörpuSjafnar ehf., hlaut meirihluta atkvæða í formannskosningu Samtaka iðnaðarins á Iðnþingi í gær. Vilmundur Jósefsson, fráfarandi formaður, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Helgi sagði mörg fyrirtæki heyra undir Samtök iðnaðarins og erfitt væri að sætta alla aðila. Sagði hann nauðsynlegt að nýta alla möguleika til iðnaðar sem landið hefði upp á að bjóða. Samt væri ekki verið að ræða um byggingu álvers í hverjum firði. - jab



**EFTIRLITSFLUG** F-16-þota belgíska flughersins á eftirlitsflugi í Litháen. NORDICPHOTOS/AFP



**HITTAST Í WASHINGTON** George W. Bush Bandaríkjaforseti og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO. Framtíðarvarnir Íslands verða á dagskrá viðræðna þeirra á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Íslandi býðist lofthelgiseftirlit

**Samkvæmt heimildarmönnum Fréttablaðsins hjá Atlantshafsbandalaginu ætti Íslandi að standa til boða sams konar lofthelgiseftirlit og herþotur NATO-ríkja skiptast á um að sinna í Eystrasaltslöndunum þremur og Slóveníu.**

**VARNARMÁL** Lofthelgiseftirlit af því tagi sem NATO hefur séð Eystrasaltslöndunum og Slóveníu fyrir frá því þessi loftherslausu lönd gengu í bandalagið vorið 2004 ætti einnig að standa Íslandi til boða, fari það fram á slíkt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins í höfuðstöðvum NATO í Brussel er litið svo á að lofthelgi alls bandalagsins sé ein heild og séð verði fyrir öryggiseftirliti í henni allri.



Lofthelgiseftirlit var eitt meginverkefni þotusveitarinnar sem nú liggur fyrir að muni yfirgefa herstöðina á Miðnesheiði í september.

Starfsmaður í höfuðstöðvum NATO í Brussel sagði í samtali við Fréttablaðið að kæmi fram ósk frá stjórnvöldum á Íslandi um að NATO sæi fyrir slíku eftirliti með íslensku lofthelginni yrði sú ósk tekin til velviljaðrar skoðunar af hálfu hinna bandalagsríkjanna. James Appathurai, aðaltalsmaður NATO, sagði í samtali við fréttastofu Ríkissjónvarpsins á fimmtudag að ekkert NATO-ríki yrði skilið eftir í lausu lofti hvað varðar öryggi lofthelginnar.



**CONDOLEEZZA RICE** Geir H. Haarde fundaði með Rice í byrjun febrúar þar sem hann lagði fram tillögu um aukna þátttöku Íslendinga í kostnaði af rekstri Keflavíkurstöðvarinnar.

Lofthelgiseftirlit nær til eftirlits í lofti, flugumferðarstjórnar og ratsjáreftirlits, en ekki eiginlegra loftvarna. Þotur úr loftherjum Belgíu, Danmerkur, Noregs, Bretlands, Þýskalands, Bandaríkjanna og Póllands hafa til skiptis sinnt þessu eftirliti í lofthelgi Eystrasaltslandanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens, frá því þau gengu í NATO vorið 2004. Ítalskar og ungverskar þotur hafa sinnt sama hlutverki í lofthelgi Slóveníu. Lúxemborg, sem auk Íslands er eina „gamla" NATO-ríkið sem hefur ekki eigin flugher, hefur tvíhliða samning við Belgíu um loftvarnir.

Hingað til hafa „útgerðarríki" þeirra þotna sem sinna eftirlitinu borið kostnaðinn af því, en skiptar skoðanir kváðu vera á því hvernig beri að fjármagna það til lengri tíma litið. audunn@frettabladid.is

Valur Ingimundarson:

## Íslendingar sögðu nei takk

Fulltrúar Bandaríkjastjórnar hvöttu Íslendinga fyrir tveimur árum mjög eindregið til að þiggja lofthelgiseftirlit á vegum NATO, eftir að Bandaríkjaher hefði kallað Varnarliðsþoturnar heim frá Íslandi. Íslenskir ráðamenn höfnuðu þessu boði hins vegar alfarið með vísan til þess að varnarsamstarf við Bandaríkin væri í gildi. Þetta segir Valur Ingimundarson, sagnfræðingur og sérfræðingur í varnarmálum Íslands. Valur segist hafa mjög öruggar heimildir fyrir þessu. Hann segir Bandaríkjamenn hafa lýst vonbrigðum með viðbrögð Íslendinga.



Valur bendir á að þotur Varnarliðsins hafi sjaldnast borið vopn. Hins vegar séu NATO-þoturnar sem sinna lofthelgiseftirliti í Eystrasaltslöndunum jafnan vopnaðar.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝTT ÁFRAM** Veður dagsins er afar hagstætt. Hægviðri og milt en reyndar súldarhætta með ströndum vestan og norðan til. Hins vegar verður sólbaðsveður á Suðausturlandi gangi spáin eftir.

**KÓLNANDI** Eftir helgina kólnar nokkuð ákveðið og um miðja næstu viku verður komið frost um allt land. Þetta þýðir þó ekki að vorblíðan sé að baki, síður en svo.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Hæg vestlæg átt. Súld af og til. Hiti 6-8 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 10°C hálfskýjað | Alicante | 18°C heiðskírt |
| Osló | 2°C alskýjað | Berlín | 2°C alskýjað | Mílano | 12°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C alskýjað | Frankfurt | 6°C alskýjað | New York | 4°C léttskýjað |
| Helsinki | 0°C alskýjað | Madríd | 12°C skúrir | San Francisco | 15°C hálfskýjað |
| London | 8°C léttskýjað | Barcelona | 14°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 28°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hvers vegna gerist alltaf allt, allt í einu?

**Við sumum spurningum fást bara engin svör.**
Það er ekki nema einn stafur sem skilur að gæfu og ógæfu. Þannig er það líka oft í lífinu. Þú getur minnkað áfallið með því að tryggja þig hjá tryggingafélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Það er því miður ekki hægt að sjá fyrir óorðna hluti. Það hvetur alla sem hafa fyrir öðrum að sjá og hafa tekist á hendur fjárhagslegar skuldbindingar, að gera ráðstafanir gagnvart hinu óvænta og tryggja fjárhagslegt öryggi sitt og sinna.

Líf- og sjúkdómatrygging TM er jafnt fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Tryggingaráðgjafar TM hjálpa þér að meta tryggingaþörfina og velja saman þá þætti sem reynslan sýnir að gagnast best í hverju tilfelli fyrir sig.

---

**Dæmi um hvað tryggingarnar bæta:**

// Sjúkdómatrygging greiðir bætur þegar hinn tryggði greinist með tiltekinn sjúkdóm eða þarf að gangast undir aðgerð. Bætur eru greiddar út í formi eingreiðslu.

**Dæmi um sjúkdóma sem falla undir trygginguna:**
Hjartaáfall – kransæðaskurðaðgerð – krabbamein hjartalokuaðgerð - skurðaðgerð á meginslagæð/ósæð heilaáfall - góðkynja heilaæxli – MS - MND - meiriháttar líffæraflutningar – nýrnabilun – alzheimersjúkdómur – parkinsonssjúkdómur - alvarleg brunasár – útlimamissir – blinda.

// Líftrygging greiðir rétthöfum bætur við fráfall þess sem tryggður er, hvort sem það er af völdum sjúkdóma eða slysa. Hinn vátryggði ákveður sjálfur hverjir eru rétthafar bóta og eru þeir tilgreindir á vátryggingarskírteini. Bætur eru greiddar út í formi eingreiðslu og eru skattfrjálsar. Líftrygging gildir til 70 ára aldurs hins vátryggða.

**Líf- og sjúkdómatrygging** TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TMI 31835 03/2006

Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.



## KJÖRKASSINN

*Kom ákvörðun Bandaríkjastjórnar um brottför Varnarliðsins á óvart?*

| | |
|---|---|
| Já | 25% |
| Nei | 75% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu sátt(ur) við að Varnarliðið fari úr landi?*

Segðu þína skoðun á visir.is.

Nokkrum dótturfélögum var illa stjórnað segir stjórnarformaðurinn:

# Icelandic tapaði yfir milljarði

**VIÐSKIPTI** Nýliðið ár var vindasamt í rekstri Icelandic Group, sem tapaði 1.176 milljónum króna. Árið 2004 hagnaðist félagið um 597 milljónir króna.

Afkoman á lokafjórðungi ársins var langt undir væntingum stjórnenda Icelandic og spám greiningardeilda bankanna en þess ber þó að geta að félagið hafði gefið út neikvæða afkomuviðvörun í febrúar. Skrifast tapið að mestu leyti á slakan árangur dótturfélaga á borð við Coldwater UK, Ocean to Ocean og Icelandic France sem dregur niður ágæta afkomu annarra dótturfélaga.





**ICELANDIC TAPAÐI YFIR 1,1 MILLJARÐI** Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson segir að hluti af tapinu skýrist af vondri stjórnun á dótturfélögum.

„Hluti af tapi félaganna skýrist af kostnaði við endurskipulagningu, en engu að síður er ljóst að félögunum var illa stjórnað og ekki var gripið til róttækra breytinga nægjanlega snemma,“ segir í tilkynningu frá Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni, stjórnarformanni Icelandic. Gjaldfærður kostnaður vegna endurskipulagningar nam 1.368 milljónum króna á árinu.

Heildartekjur Icelandic námu tæpum 94 milljörðum króna á síðasta ári og uxu um þriðjung, rúma 23,6 milljarða, á milli ára.

Stjórnendur Icelandic telja að afkoma félagsins batni á þessu ári og það verði í ákjósanlegri aðstöðu til að leiða það sameiningarferli sem fram mun fara í vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða í Evrópu og Norður-Ameríku á næstu misserum. **- eþa**

Samið um vatnalög:

# Taka gildi eftir kosningar

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstæðingar fagna því að samist hafi um að breytt vatnalög taki ekki gildi fyrr en 1. nóvember árið 2007. Niðurstaðan sé óvænt og betri en menn hafi þorað að vona. Mest um vert sé að lögin taki ekki gildi fyrr en eftir þingkosningar á næsta ári.

Samkomulag allra þingflokka felur meðal annars í sér skipun nefndar með fulltrúum allra þingflokka sem falið verður að skoða og samræma lög sem um vatn gilda, þar á meðal vatnsréttindi og vatnsvernd. Nefndinni ber að skila niðurstöðum fyrir 1. október á þessu ári. **- jh**

Þjóðarhreyfingin heldur fund:

# Ný mynd um stríð frumsýnd

**STJÓRNMÁL** Þjóðarhreyfingin efnir til almenns fundar í Háskólabíói klukkan 13 í dag af því tilefni að þrjú ár eru liðin síðan forsætisráðherra sendi Bandaríkjaforseta yfirlýsingu um stuðning við innrásina í Írak.

Hans Kristján Árnason, sem stýrir fundinum, segir kröfuna um að Ísland verði tekið af lista staðfastra þjóða enn við lýði og vill aukinheldur að Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson verði dregnir til ábyrgðar vegna stuðningsyfirlýsingarinnar. Á fundinum verður frumsýnd heimildarmyndin 1001 nótt sem sýnir hrylling Íraksstríðsins. **- bþs**

Reykjanesbær:

# Fundað um atvinnumál

**VARNARLIÐIÐ** Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur lýst yfir áhyggjum af atvinnumöguleikum hundraða Íslendinga sem hafa starfað fyrir Varnarliðið.

Fundur verður haldinn með forsætisráðherra, utanríkisráðherra og forsvarsmönnum bæjarins þar sem farið verður yfir stöðuna, þau verkefni rædd sem ríkið þarf að taka á sig og afstaða ríkisstjórnarinnar til þess að styrkja atvinnutækifæri á svæðinu rædd. Varnarliðið er annar stærsti vinnuveitandinn á Suðurnesjum. **- ghs**

# Unnið að yfirtöku flugvallar

**Forsætisráðherra segir að undirbúningur að rekstri Keflavíkurflugvallar og þyrlukaupum sé þegar hafinn. Engin tengsl séu milli stuðnings við hernað Bandaríkjamanna í Írak og varnarviðræðnanna.**



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Þetta varðar undirbúning þess að kaupa nýjar þyrlur. Við þurfum að efla okkar björgunarsveitir. Við þurfum að taka við rekstrinum á Keflavíkurflugvelli þannig að það er margt sem gera þarf á næstunni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segist ekkert vilja fullyrða um það hvort Bandaríkjamenn hafi brotið varnarsamninginn við Ísland með einhliða ákvörðun um að hverfa á brott með þyrlur og orrustuþotur frá Keflavíkurflugvelli eigi síðar en í september næstkomandi.

Halldór sendi Bandaríkjaforseta bréf í fyrradag sem hann væntir að sé komið í réttar hendur. „Í bréfinu er fyrst og fremst farið yfir málið og spurt um hvað Bandaríkjamenn hafi í huga þannig að það komi skýrt fram hvað þeir vilja gera. Við höfum spurt þeirrar spurningar í mörg ár. Það er alveg rétt að þeir hafa lengi viljað fara með þoturnar. Við höfum ekki neitað því að þær fari ef það kemur í ljós með hvaða hætti verði þá staðið að sýnilegum vörnum og loftvörnum Íslands. En það hafa aldrei fengist nein svör við því. Ég tel núna að Bandaríkjamenn verði að koma með sínar hugmyndir um það og það þýði ekki að spyrja aðeins okkur um það í því sambandi.“

Halldór segir að málin verði að gerast hratt miðað við tímasetningar sem Bandaríkjamenn hafi sett einhliða. Fjögur ráðuneyti hafi þegar hafið undirbúningsvinnu varðandi Keflavíkurflugvöll. „Þetta varðar undirbúning þess að kaupa nýjar þyrlur. Við þurfum að efla okkar björgunarsveitir. Við þurfum að taka við rekstrinum á Keflavíkurflugvelli þannig að það er margt sem gera þarf á næstunni.“

Atvinnuvandinn verður ræddur sérstaklega á fundum með heimamönnum á næstunni og segir Halldór að ríkisstjórnin hlutist ekki til um að gerðir verði starfslokasamningar heldur verði Bandaríkjamenn að standa við sína starfssamninga.

Halldór neitar því að stuðningur Íslands við hernað Bandaríkjamanna í Írak hafi átt að liðka fyrir áframhaldandi veru herþotnanna á Keflavíkurflugvelli.

„Að þetta tvennt hafi blandast saman er ekki rétt. Hinu er ekki að leyna að það sem Bandaríkjamenn eru að gera núna er mikil vonbrigði fyrir okkur og við áttum ekki von á því að þetta yrði gert með þessum hætti.“

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins ræðir stöðu loftvarna á Íslandi við Bandaríkjaforseta á mánudag. **johannh@frettabladid.is**









**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR** Stjórnvöldum hefur mistekist og þau eru á byrjunarreit, segir Ingibjörg.

Einhliða niðurskurður ekki í samræmi við samning:

# Íslendingar móti sjálfstæða stefnu

**VARNARMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, lýsir ánægju með að niðurstaða sé fengin í ellefu ára samningaþófi við Bandaríkjamenn um varnir landsins, en gagnrýnir oddvita stjórnarflokkanna.

„Þeir lögðu af stað í leiðangur, komust aldrei þangað sem þeir ætluðu sér og eru nú aftur á byrjunarreit. Það er tímabært að við Íslendingar mótum sjálfstæða utanríkisstefnu, skilgreinum þær ógnir sem að okkur geta steðjað og ákveðum hvaða viðbúnað þurfi til að bregðast við þeim. Við eigum að setja upp sjálfstæða rannsóknarstofnun um öryggis- og friðarmál og þverpólitíska öryggismálanefnd sem vinnur að öryggismálum Íslands.“

Össur Skarphéðinsson sagði í umræðunum að Samfylkingin hefði líkt og stjórnarflokkarnir alltaf túlkað það svo að ekki væri hægt að taka einhliða ákvörðun í krafti varnarsamningsins. Það hefði til dæmis verið skilningur dómsmálaráðherra vorið 2003. Össur taldi utanríkisráðherra hafa fallið á fyrsta prófinu sem formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann hefði ekki nefnt þennan skilning. „Í samræmi við þennan skilning eru Bandaríkjamenn að brjóta samninginn,“ segir Össur. **- jh**

Eldsupptök á Breiðdalsvík:

# Kviknaði í út frá rafmagni

**BRUNI** Ljóst þykir að eldurinn í frystihúsinu á Breiðdalsvík hafi kviknað út frá rafmagnsleiðslum sem voru við vökvadælur í lofti eldri hluta hússins.

Jónas Vilhelmsson, yfirlögregluþjónn á Eskifirði, segir mikinn eldsmat hafa verið inni í elsta hluta hússins. „Þegar við vorum búnir að hreinsa svæðið sáum við hvernig aðstæður voru á staðnum. Milliloftið var einangrað með gömlum olíusoðnum korki, eins konar kurli. Með tímanum hafði lekið úr tönkum sem þarna voru. Viðurinn var því allur olíumengaður og eldfimur fyrir vikið.“

Stór hluti frystihússins eyðilagðist í brunanum en mildi þykir að nýjasti hluti hússins hafi ekki skemmst í brunanum. **- mh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur á fjórhjóli** Lögregla lenti í eltingarleik við ökumann fjórhjóls í Sandgerði í fyrrinótt eftir að sá neitaði að stöðva hjólið við eftirlit lögreglu. Ók hann greitt um götur bæjarins en náðist skömmu síðar. Hjólið var óskráð og ljóslaust.

## NOREGUR

**Tveir hermenn fórust** Tveir norskir hermenn fórust á fimmtudaginn þegar ís brotnaði undan skriðdreka þeirra á NATO-æfingu nyrst í Noregi. Litlu munaði að enn verr færi en sænskir hermenn komu til bjargar. Tíu þúsund manns tóku þátt í æfingunni.

16.–19. mars 2006

# 20–50%

afsláttur af **nýjum** vörum



# KRINGLU KAST

um helgina!

Fíton/SÍA

**Opið til 18 í dag og 17 á sunnudag**

**Nýtt kortatímabil**

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200




## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir norski skákmaðurinn sem vann Glitnismótið í hraðskák?*

2 *Hver er sendiherra Íslands í Danmörku?*

3 *Frá hvaða bæ er körfuknattleikslið Snæfells?*

Mótmælaaðgerðir stúdenta í Frakklandi snerust upp í óeirðir:

# Chirac vill nú reyna sættir

**PARÍS, AP** Lögreglan í Frakklandi handtók á fimmtudagskvöld hátt í 300 manns í tengslum við víðtæk mótmæli stúdenta gegn nýrri vinnulöggjöf. Á fimmta tug lögreglumanna særðust í átökunum.

Um 250 þúsund manns tóku þátt í mótmælaðgerðum sem haldnar voru á fimmtudag á um 200 stöðum í Frakklandi. Mótmælin voru í upphafi friðsamleg en snerust sums staðar upp í óeirðir og ofbeldi. Hörðust voru átökin í París nálægt háskólanum Sorbonne. Þar voru líka flestir handteknir.

Ungt fólk í Frakklandi er ævareitt vegna fyrirhugaðra laga, sem Dominique de Villepin forsætisráðherra hyggst setja í þeim tilgangi að draga úr miklu atvinnuleysi ungs fólks. Með lagasetningunni verður atvinnurekendum gert auðveldara um vik að segja upp ungu starfsfólki.

Verkalýðsfélög hafa tekið höndum saman við ungmennin í þessum mótmælum, en háskólastúdentar hafa verið hvað virkastir í baráttunni gegn áformum hægristjórnarinnar.

„Stjórnin er tilbúin í viðræður. Af minni hálfu vona ég að þær hefjist eins fljótt og hægt er,“ sagði Chirac forseti í gær. - gb



**MÓTMÆLI STÚDENTA ÚR BÖNDUNUM** Næst dregur til tíðinda á sunnudaginn þegar verkalýðsfélög efna til mótmælaaðgerða í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensa í Danmörku:

# Reyndist vera skæða gerðin

**DANMÖRK, AP** Dönsk stjórnvöld staðfestu á fimmtudag að fuglaflensuveiran, sem greindist þar í dauðum músváki, sé skæða afbrigðið H5N1. Degi fyrr höfðu sænsk stjórnvöld staðfest að þetta afbrigði hefði einnig greinst þar í einum fugli.

Í Danmörku er einungis vitað um þetta eina tilvik fuglaflensu, en í Svíþjóð hefur fuglaflensa greinst í samtals þrjátíu fuglum. Aðeins einn þeirra var þó með skæða afbrigðið, sem dæmi eru til um að menn hafi smitast af.

Frá árinu 2003 hafa 177 manns smitast af veirunni H5N1, en 98 af þeim hafa látist. - gb



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Bjarni Ármannsson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir undirrituðu lóðasamninginn.

Höfuðstöðvar Glitnis:

# Byggt við á Kirkjusandi

**FRAMKVÆMDIR** Höfuðstöðvar Glitnis á Kirkjusandi verða stækkaðar með viðbyggingu á Strætólóðinni sem liggur næst húsi Glitnis. Borgarráð samþykkti í gær að selja Glitni byggingarétt á lóðinni fyrir 972 milljónir króna.

Svæðið verður afhent í tveimur áföngum, í haust og haustið 2007.

Starfsemi Strætó mun flytjast á lóð við Breiðhöfða sem Vélamiðstöð borgarinnar hefur haft til umráða .- bþs

Hæstiréttur staðfestir úrskurð Héraðsdóms:

# Mannræningi áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Maður sem nam brott starfsmann Bónusverslunar í haust mun sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist til 18. maí, samkvæmt úrskurði Hæstaréttar.

Manninum er gefið að sök að hafa neytt starfsmanninn út úr versluninni, komið honum fyrir í farangursgeymslu bifreiðar og farið með hann út í Skerjafjörð. Þar veittist mannræninginn að honum með hótunum og barsmíðum, ógnaði honum með skotvopni og neyddi hann síðan til að taka peninga út af bankareikningi sínum og afhenda sér.



Mannræninginn á afbrotasögu og fangelsisdóma að baki. Hann hafði áður hlotið sextán mánaða fangelsisdóm, þar af þrettán mánuði skilorðsbundna til þriggja ára, fyrir ýmis brot. Hann tók sér frest til að ákveða hvort hann áfrýjaði dómnum og var látinn laus. Nokkrum stundum síðar nam hann starfsmanninn á brott og rauf skilorðið.

Héraðsdómur dæmdi hann svo í tveggja ára fangelsisvist fyrir mannránið. Þeim dómi áfrýjaði hann til Hæstaréttar, þar sem málið er nú. - jss



**HERMENN** Bandarískir hermenn flykkjast út úr þyrlu í hernaðaraðgerðum þeirra í Írak í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjamenn halda áfram hernaðaraðgerðum:

# Reynt að sporna við ofbeldi í Samarra

**ÍRAK, AP** Bandaríkjaher framkvæmdi á fimmtudag og föstudag stærstu hernaðaraðgerðir sínar í Írak síðan herinn réðst inn í landið fyrir þremur árum síðan. Tilgangurinn var að stöðva uppreisnarmenn við borgina Samarra, um áttatíu kílómetrum norður af Bagdad.

Fimmtíu flugvélar og þyrlur, og um fimmtánhundruð bandarískir og íraskir hermenn, tóku þátt í aðgerðunum. Engar fregnir bárust af mótstöðu eða mannfalli, en hermennirnir handtóku tugi manna sem grunaðir eru um aðild að ofbeldisöldunni sem ríkt hefur í landinu síðan árás var gerð á eina helgustu mosku síjamúslima í Samarra fyrir tæpum mánuði. Síðan hafa hátt í þúsund manns týnt lífi og hefur missættið dýpkað enn frekar milli síjamúslima, sem eru í meirihluta í landinu, og súnníaraba.

Jafnframt tilkynntu talsmenn Bandaríkjahers að sex vopnageymslur uppreisnarmanna hefðu fundist og að hald hefði verið lagt á vopnin. Ofbeldisaldan hélt þó áfram í Írak í gær, þrátt fyrir aðgerðir Bandaríkjahers, og fórust minnst tíu manns í sprengjuárásum og öðrum árásum, og tugir særðust. - smk




Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá 3.990.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Líberíumenn ákæra:

# Vilja Taylor fyrir rétt

**NÍGERÍA, AP** Stjórnvöld í Líberíu báðu Nígeríumenn formlega í gær um að framselja Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu. Taylor, sem býr í útlegð í Nígeríu, hefur verið ákærður fyrir stríðsglæpi, að sögn talsmanna Nígeríustjórnar.

Forseti Nígeríu, Olusegun Obasanjo, mun ræða við aðra Afríkuleiðtoga um framsalsbeiðnina áður en til samþykkis getur komið. Hingað til hafa Afríkuleiðtogar lítt stutt réttarhöld yfir fyrrverandi leiðtogum Afríku vegna meintra stríðglæpa þeirra.



**CHARLES TAYLOR** Fyrrverandi forseti Líberíu.

Taylor lét af embætti forseta árið 2003 og fór í útlegð til Nígeríu, en þá lauk jafnframt fjórtán ára borgarastyrjöld í Líberíu. - smk



16. - 26. mars

# Tískuvika

## Í Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM20986

Nokkur sýnishorn af tilboðum og viðburðum á Tískuviku

UNITED COLORS OF BENETTON.
**Mjög gott úrval** af fermingarfötum.
**Glæsilegar dragtir** á einstaklega góðu verði.

DOROTHY PERKINS
**20% afsláttur** af klassískum buxum.

Levi's
**Ný kvensnið** í mörgum litum.

DEBENHAMS
**Bókaðu tíma hjá stílista** og nafn þitt fer í **lukkupott**. Dregið verður 1. maí, glæsilegir vinningar.
Sýningar, kennsla, kynningar og vinningar á Tískuviku í Debenhams.

BLEND
Starfsfólk okkar tekur vel á móti ykkur – full búð af nýjum vörum, fyrir dömur og herra.
Kauptu tvennar gallabuxur og fáðu **bol með í kaupbæti.**

HYGEA
**Spennandi kaupaukar** – sérfræðingur frá **Lancome** kynnir nýja vorliti og veitir ráðgjöf.

Zink
**Full búð** af nýjum tískuvörum fyrir börn og unglinga
**NÝTT:** DIESEL og Puma deildir!
**Zink bolur** fylgir með kaupum á DIESEL gallabuxum á Tískuviku meðan birgðir endast!
**20% afsláttur** af völdum vörum!

## Tískusýningar

**Vortískan í Smáralind kl. 15.00** – Tískusýning frá verslununum Blend, Debenhams, Levis, Oasis, Vero Moda, Jack and Jones, Vila, Top Shop, Optical studio Sól og Drangey.

**Bikiní-tíska kl. 15.30** – Stúlkurnar sem taka þátt í keppnini bikiní-módel ársins verða með tískusýningu á bikiní-fatnaði frá verslunni Change.

**OPIÐ til kl. 21.00 alla fimmtudaga!**

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000





Svandís
UM ALLA BORG

Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri - grænna í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor. Hún hittir borgarbúa á tíu fundum í öllum hverfum borgarinnar á næstu dögum.

**Grafarvogur**
**20. mars**
**20:15** Rimaskóli

**Kjalarnes**
**21. mars**
**20:15** Fólkvangur

**Árbær og Norðlingaholt**
**22. mars**
**20:15** Hraunbær 105
Félags- og þjónustumiðstöð

**Breiðholt**
**25. mars**
**14:00** Gerðuberg, B-sal

**Grafarholt**
**26. mars**
**14:00** Ingunnarskóli

**Vesturbær**
**27. mars**
**20:15** Aflagrandi 40
Félags- og þjónustumiðstöð

**Hlíðar**
**28. mars**
**20:15** Bólstaðarhlíð 43
Félags- og þjónustumiðstöð

**Háaleiti**
**29. mars**
**20:15** Hvassaleiti 56-58
Félags- og þjónustumiðstöð

**Laugardalur**
**30. mars**
**20:15** Þróttarheimilið

**Miðborg**
**3. apríl**
**20:15** Vesturgata 7
Félags- og þjónustumiðstöð

TÖKUM ÞÁTT Í ÞVÍ AÐ
SKAPA BORG FYRIR ALLA

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð


Flensan leggur fólk í rúmið:

# Fjölmargir frá vinnu

**VEIKINDI** Margir hafa orðið fyrir barðinu á inflúensunni sem herjar á landsmenn og verið frá vinnu eða skóla í nokkra daga. Veikindanna hefur orðið vart á mörgum vinnustöðum og hafa jafnvel sett strik í starfsemi fyrirtækja.

„Við finnum fyrir flensunni. Fólk er frá vinnu bæði vegna eigin veikinda og barna sinna,“ segir Guðrún Baldursdóttir, starfsmannastjóri Kaupáss, en undir fyrirtækið heyra fjölmargar verslanir, til dæmis Nóatún og Krónan. Guðrún segir að óneitanlega raskist starfsemi enda ekki auðvelt að fá fólk í afleysingar.

Svanur Valgeirsson, starfsmannastjóri Bónuss, tekur í svipaðan streng. „Við höfum orðið áþreifanlega vör við flensuna, bæði í síðasta mánuði og þessum,“ segir hann. Brugðist er við með að flytja starfsfólk milli verslana auk þess sem sótt er í skólafólk til að leysa af. - bþs



**VEIKINDI** Margur maðurinn liggur veikur í flensu þessa dagana.




**HERSTÖÐIN Á MIÐNESHEIÐI** Allt stefnir í að starfsemi Varnarliðsins dragist verulega saman á þessu ári.

# Sá hvað verða vildi og hætti

**Þorsteinn Þorsteinsson vann hjá Varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli í 44 ár. Hann hætti í fyrra þegar hann sá í hvað stefndi. Í gegnum árin sá hann eftir mörgum vinnufélögum sem sagt var upp störfum.**

**ATVINNUMÁL** Þorsteinn Þorsteinsson var aðeins sextán ára þegar hann hóf störf hjá varnarliðinu árið 1961. Eins og títt var um unga menn á Suðurnesjum sótti hann um vinnu á Vellinum – og fékk. Hann vann hjá versluninni Navy Exchange, fyrst í þvottahúsinu þar sem unnu hátt í fjörutíu manns en síðar í sjálfsaladeildinni. Ameríkönum líkar vel að skipta við sjálfsala og í því 5-6.000 manna samfélagi sem þá var í herstöðinni á Miðnesheiði voru yfir 300 sjálfsalar með öllu milli himins og jarðar.

„Þetta var mjög góður tími og umsvifin voru mikil,“ segir Þorsteinn þegar hann lítur til baka. Í heil 44 ár vann hann á Vellinum, allt þar til á síðasta ári. „Ég sá hvað verða vildi. Ég fór víða um þegar ég vann við sjálfsalana og sá þessu hnigna jafnt og þétt. Umsvifin minnkuðu frá ári til árs og ég ætlaði ekki að deyja með þessu.“

Eftir 44 ára þjónustu við bandaríska herinn leitaði Þorsteinn því fyrir sér um aðra vinnu og fékk hana hjá Hafnarfjarðarbæ. Hann er nú húsvörður í Íþróttahúsinu Strandgötu. „Ég skipti þegar mér bauðst eitthvað annað. Ég vildi komast í burtu áður en skriðan kæmi,“ segir hann og játar að það hafi verið léttir að finna annað starf sem hentaði. „Það er ekki svo auðvelt fyrir menn sem hafa verið á sama staðnum svona lengi að skipta um starf. Það er meira en að segja það.“

Mikil fækkun hefur orðið í röðum íslenskra starfsmanna hjá Varnarliðinu. Árið 1990 voru þeir yfir eitt þúsund en eru nú rúmlega fimm hundruð. Þorsteinn hefur því mátt horfa á eftir mörgum vinnufélögum í gegnum árin sem sagt hefur verið upp vegna samdráttar í umsvifum. „Ég kvaddi marga góða félaga á þessum tíma. Og andrúmsloftið var orðið mjög erfitt, menn voru alltaf á taugum yfir hverjum yrði næst sagt að fara. Það var ekkert sniðugt að vinna lengur undir slíkum kringumstæðum.“

Þorsteinn segir að talsverðar breytingar hafi orðið á lífi sínu þegar hann hætti að vinna fyrir herinn. Hann samlagaðist amerískri hugsun og háttum á næstum hálfrar aldar starfsferli á Keflavíkurflugvelli og þurfti því að spóla sig til baka inn í íslenskt samfélag og fylgjast betur með þjóðlífinu.

Og nú er hugur hans hjá þeim sem enn vinna á Vellinum. „Félagar mínir uppfrá eru virkilega óttaslegnir. Það er ekki auðvelt fyrir fólk sem komið er á sextugsaldur að fá nýja vinnu. Eflaust á margur erfitt núna,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson.

bjorn@frettabladid.is



**ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON** Sagði upp á síðasta ári eftir 44 ára störf hjá verslun Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hann sá hvað verða vildi og ákvað að hætta áður en starfsemin yrði lögð niður.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Betri kaup!



24.900,-

## „MIAMI" HILLUSAMSTÆÐA

Falleg og stílhrein hillusamstæða. Hérna er pláss fyrir sjónvarpið, græjurnar, geisladiskana og myndbandsspólurnar. Fáanlegt í eik og hlyn. Stærð 214,5 x 192,5 x 51,5 sm. Frábær fermingargjöf!




## „HØIE" SÆNG OG KODDI

Vönduð sæng og koddi saman í góðri tösku. Sængin er 140x200 sm og koddinn er 50x70 sm.

SPARIÐ 1.000

ÁÐUR 4.990,-

3.990,-



DÚKUR 140X180 SM

1.290,-

## DÚKAR

Matar- og kaffidúkar úr microefni sem hleypir engri vætu í gegn. Litir: hvítt og kremað. 160 sm hringur **1.290,-** 150x220 sm **1.490,-** 150x250 sm **1.690,-** 150x300 sm **1.990,-** 6 stk. servíettur í pk. **690,-** Metravara 150 sm **499,-** pr. mtr.



99.900,-

## „BOBBY" HORNSÓFI

Fallegur hornsófi úr ljósbrúnu microfiber áklæði sem auðvelt er að þvo. Sjö púðar fylgja með þessum sófa. Stærð 265x190 sm.



790,-

## BARNASTÍGVÉL

Litrík og vönduð barnastígvél í fjórum mismunandi litum með sterkum og gröfum sóla. Stígvélin eru með hönkum svo litla fólkið eigi auðveldara með að klæða sig sjálf í þau. St. 25-35.



VERÐ FRÁ 299,-

## BASTKÖRFUR

Fallegar, brúnar bastkörfur með hvítu fóðri. Mikið úrval. Stór þvottakarfa með hvítu fóðri og loki, verð aðeins **2.990,-** Miðstærð þvottakarfa með hvítu fóðri og loki, verð **1.990,-** Lítil þvottakarfa með hvítu fóðri og loki, verð **1.690,-** Lítil karfa með fóðri, verð **499,-** Stór karfa með handföngum, verð **399,-** Lítil karfa með handföngum, verð **299,-**



| | |
|---|---|
| 60 x 170 sm | 990,- |
| 80 x 170 sm | 1.190,- |
| 100 x 170 sm | 1.490,- |
| 110 x 170 sm | 1.690,- |
| 120 x 170 sm | 1.790,- |
| 140 x 170 sm | 1.990,- |
| 150 x 170 sm | 2.290,- |
| 160 x 170 sm | 2.490,- |
| 180 x 170 sm | 2.990,- |
| 200 x 170 sm | 3.490,- |
| 90 x 220 sm | 1.990,- |

VERÐ FRÁ 990,-

## MYRKVUNARGARDÍNUR

Tilvalið í öll herbergi þar sem gott er að geta myrkvað.



VERÐ FRÁ 199,-

## „PILLAR" KERTI

Nýkomin þessi fallegu kerti. Fást í hvítu, off white, dökkbrúnu, ljósbrúnu og svörtu. Fjórar mismunand stærðir fáanlegar.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



VERÐ FRÁ 299,-

## GEYMSLUKASSAR

Góðir geymsukassar, fást í nokkrum stærðum. Litir: blátt, svart, hvítt og rautt. DVD geymslukassar **299,-** CD geymslukassar **299,-** Tímaritabox **299,-** Stórir geymslukassar **590,-**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.295 **+1,80%** **Fjöldi viðskipta:** 741 **Velta:** 7.148 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Sláturfél. Suðurl.** | +5,26% | **Alfesca** | -2,42% |
| **Bakkavör** | +5,10% | **Tryggingamiðst.** | -1,16% |
| **Hampiðjan** | +4,88% | **Dagsbrún** | -0,73% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 60,10 +1,52% ... Alfesca 4,03 -2,42%... Atorka 6,12 +1,16% ... Bakkavör 53,60 +5,10% ... Dagsbrún 6,81 -0,73% ... FL Group 25,30 +2,43% ... Flaga 3,20 +0,00% ... Glitnir 19,10 +0,00% ... KB banki 884,00 +2,20% ... Kögun 69,50 -0,57% ... Landsbankinn 27,70 +1,84% ... Marel 72,40 +1,54% ... Mosaic Fashions 17,80 +0,00% ... Straumur-Burðarás 18,20 +2,25% ... Össur 116,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Ígrunda þarf umfjöllun

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, lét af störfum sem formaður Verðbréfaþings á aðalfundi á fimmtudag. Hann gerði breytingar og þróun á markaði að umtalsefni og taldi að þar hefði margt gerst sem erfitt hefði verið að sjá fyrir. „En um flest held ég að við höfum sótt fram og verið í takt við tímann. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt og mér sýnist ýmsir aðrir innviðir í samfélaginu ekki hafa fylgt tímanum jafn vel," sagði hann og áréttaði að til dæmis yrði umfjöllun fjölmiðla um viðskiptalífið að vera ígrunduð og sett fram af þekkingu, nú þegar viðskiptalífið væri meira hreyfiafl í samfélaginu en nokkru sinni fyrr. „Það er alveg morgunljóst af lestri fjölmiðla undanfarna daga og vikur að þekkingarstig á mörgum fjölmiðlum á því sem er að gerast í viðskiptalífinu þarf að aukast," sagði hann.



### Kynslóðaskipta er þörf

Bjarni sagði þetta þó ekki óeðlilegt, en heyra mátti á sumum aðalfundargestum að þeir þættust vita að orðum hans kynni að vera beint að einum fjölmiðli fremur en öðrum. „Fjölmiðlar eru að læra eins og aðrir þátttakendur á þessum unga markaði. Því tel ég að á þessu verði sjálfsagt breytingar til hins betra á næstu árum. Víða hafa kynslóðaskipti og endurskipulagning hrint af stað framförum og breytingum og enn eigum við langt í land með að þroska okkar markað, bæði hvað varðar fjölmiðlaumfjöllun og umgjörð." Þá talaði Bjarni um regluverk viðskipta hér og taldi Kauphöll Íslands geta verið leiðandi í frekari mótun þess, en hér væru litlar hefðir til staðar og fordæmi úr dómum af málum úr viðskiptalífinu tiltölulega fá. „Þá eru lagasetningarnar ungar og þarfnast sífelldrar endurskoðunar við."

## MARKAÐSPUNKTAR...

Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki bætti við sig 214.070 hlutum í Kögun í gær. Bankinn á eftir viðskiptin 29.103.423 hluti í félaginu eða 15,08 prósent af heildarhlutafé.

Sigurður Pétursson hefur að eigin ósk látið af störfum sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Alfesca en mun vinna áfram í óákveðinn tíma sem ráðgjafi að ýmsum verkefnum á sviði viðskiptaþróunar.

Fyrir aðalfundi FL Group, sem haldinn verður 21. mars, liggur fyrir tillaga um að fjölga stjórnarmönnum úr fimm í sjö. Allir sem sitja í stjórn félagsins í dag gefa kost á sér til endurkjörs.

# DRÆMAR VIÐTÖKUR Á YFIRTÖKUTILBOÐI

Actavis Group hefur sent stjórnendum króatíska semheitalyfjafyrirtækisins PLIVA óformlegt tilboð um kaup á öllu hlutafé félagsins, sem skráð er í kauphöllinni í Króatíu og London. Tilboðið kveður á um að greitt verði HRK 570 fyrir hvern hlut í félaginu, sem er um 35 prósenta yfirverð miðað við meðalgengi hlutabréfa félagsins síðustu þrjá mánuði. Markaðsvirði félagsins, að teknu tilliti til yfirverðs, er sagt vera um 1,6 milljarðar dollara eða um 110 milljarðar króna.

PLIVA var stofnað árið 1921 og sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu samheitalyfja, eftir að hafa selt frá sér frumlyfjastarfsemi sína á síðasta ári. Hjá félaginu starfa rúmlega 6000 manns. Velta félagsins í fyrra nam 1,2 milljörðum dollara. Félagið er sagt hafa góða markaðsstöðu í Króatiu, Póllandi og Rússlandi, auk þess að selja lyf til Þýskalands, Ítalíu, Spánar og Bandaríkjanna.

Á heimasíðu Pliva er staðfest að yfirtökutilboð hafi borist en haft eftir stjórnendum fyrirtækisins að tilboðið sé of lágt og endurspegli ekki virði og framtíðarmöguleika þess. Robert Wessman, forstjóri Actavis, sagði í viðtali við Dow Jones-fréttastofuna að til greina kæmi að hækka tilboðið.

**- hhs**



**ACTAVIS ÞREIFAR FYRIR SÉR Í KRÓATÍU** Hefur gert óformlegt tilboð um kaup á öllu hlutafé samheitalyfjafyrirtækisins Pliva.

# Íslensku bankarnir endurheimta traust í Evrópu

**Vaxtaálag á bréf íslensku bankanna á eftirmarkaði skuldabréfa í Evrópu lækkaði dag frá degi í síðustu viku. Þróunin endurspeglar heldur jákvæðari tón í skrifum greiningardeilda og viðleitni bankanna til að leiðrétta misskilning.**

**ÞRÓUN VAXTAÁLAGS Á BRÉF ÍSLENSKRA BANKA Í VIKUNNI**

Punktar ofan á Euribor, millibankavexti í Evrópu. Lán til tveggja og fimm ára.




Á þriðjudag varð viðsnúningur í viðhorfi fjárfesta á skuldabréfamörkuðum í viðhorfi til íslensku bankanna sem lýsti sér í því að vaxtálag á skuldabréf bankanna tók að lækka og hélt sú lækkun áfram út vikuna.

Deginum áður kom út skýrsla Morgan Stanley þar sem lýst var því áliti að vaxtaálag á bréf bankanna væri allt of hátt og ekki í nokkru samræmi við áhættu fjárfesta við kaup skuldabréfanna. Þannig var um morguninn álag skuldabréf bæði Kaupþings banka og Landsbanka til tveggja ára 90 punktar, en var seinni partinn komið í 81 punkt hjá Kaupþingi banka og 77 punkta hjá Landsbankanum. Glitnir (áður Íslandsbanki) naut þegar nokkuð betri kjara, en álag á skuldabréf hans til sama tíma fór á þriðjudaginn úr 63 punktum í 60 punkta.

Lækkunin hélt svo áfram í vikunni og náði álagið lágmarki á fimmtudaginn með 38 punktum hjá Glitni á tveggja ára skuldabréfunum, 62 punktum hjá Kaupþingi banka og 58 punktum hjá Landsbankanum. Í gær jókst svo álagið á bréf bankanna lítillega, en sérfræðingar töldu erfitt að ráða í hvað orðið hefði til þess. Einn nefndi að hjá Bloomberg hefði pistlahöfundur farið niðrandi orðum um nafnabreytingu Íslandsbanka í Glitni og endurtekið misskilning um krosseignarhald bankanna.

Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður Alþjóðlegrar fjármögnunar hjá Glitni, segir þróun í vikunni hafa verið mjög jákvæða. „Þar höfðu jákvæðar fréttir áhrif, bæði nýjar greiningar erlendra banka svo sem Morgan Stanley og staðfesting lánshæfismatsfyrirtækisins Standard and Poor's á lánshæfismati íslenska ríkisins." Hann segir þó alveg ljóst að enn sé mikil vinna fram undan við kynningu á starfsemi bankanna og á aðstæðum í íslensku efnahagslífi. „Að því beinum við aðallega kröftum okkar þessar vikurnar."

**olikr@frettabladid.is**

Reykjavíkurborg
Umhverfissvið

Umhverfisviðurkenning Reykjavíkurborgar

Umhverfisráð Reykjavíkur auglýsir eftir tilnefningum til Umhverfisviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2006.

Viðurkenningin er veitt fyrirtæki eða stofnun sem leitast við að haga rekstri sínum eða einstökum rekstrarþáttum í samræmi við grunnregluna um sjálfbæra þróun. Til greina koma fyrirtæki eða stofnanir í Reykjavík sem sýnt hafa slíka viðleitni. Viðurkenningin verður veitt formlega þann 19. maí nk. Hún kom í hlut Borgarholtsskóla árið 2005.

Þeir sem óska eftir að koma til greina í ár eða óska eftir að tilnefna fyrirtæki eða stofnun til Umhverfisviðurkenningarinnar eru vinsamlegast beðnir að fylla út sérstök eyðublöð sem liggja frammi hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, hjá Upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur og á heimasíðu Umhverfissviðs, www.umhverfissvid.is.

Tilnefningum ber að skila til Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en 30. apríl 2006.

Umhverfisráð Reykjavíkurborgar mun óska eftir frekari upplýsingum frá tilnefndum fyrirtækjum eða stofnunum og frá þeim aðilum sem tilnefna.

**Umhverfissvið Reykjavíkurborgar**
**Skúlagötu 19 101 Reykjavík Sími 411 8500**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Styrk staða áréttuð

Landsbanki Íslands sendi í gær upplýsingar um stöðu bankans til Kauphallar Íslands, en það var sagt gert í ljósi nýlegrar umræðu í erlendum fjölmiðlum og greininga á íslenskum efnahagsmálum og bankakerfinu hér.

Bankinn áréttaði að lausafjárstaða hans væri sterk, en lausafjáreignir væru alls 4,7 milljarðar evra. Langtímalán sem til endurgreiðslu væru á þessu ári og næsta næmu hins vegar 3,1 milljarði evra. „Þar að auki hefur Landsbankinn aðgang að veltulánum og varalántökulínum, peningamarkaðslánum og ýmsum öðrum fjármögnunarleiðum," segir í erindi bankans.

Þá kemur fram að grunnafkoma bankans hafi stöðugt batnað, sérstaklega síðan árið 2003, og að í hlutafjáreign bankans sé gott jafnvægi.

Bankinn bendir jafnframt á að matsfyrirtækið Standard & Poor's hafi undir lok síðasta mánaðar staðfest lánshæfismat sitt á öllum íslensku bönkunum og núna á fimmtudaginn staðfest lánshæfismat íslenska ríkisins.



**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnasons, bankastjórar Landsbankans.

„Leiðréttingar á gengi krónunnar og hlutabréfa var vænst og í því felast engin vandamál fyrir heildarefnahag heimila eða fjármálastofnana. Þessar leiðréttingar létta á áhyggjum sem erlendir greiningaraðilar hafa haft varðandi eignaverð og gengi krónunnar," segir bankinn og áréttar að hér sé fyrirséður hagvöxtur á næstu árum langt yfir meðaltali ríkja OECD.

**- óká**

# OPIÐ HÚS

## Í DAG FRÁ KL. 11-16

Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, býður alla velkomna í heimsókn á milli kl. 11 og 16. Kynntu þér aðstöðuna í skólanum og fjölbreytt námsframboð. Nemendur, námsráðgjafar, starfsfólk og kennarar taka á móti þér og kynna námið og skólann.



FABRIKAN 2006

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is

## Kynning á námsleiðum

**Stofa 101**

12.00 Viðskiptafræði
12.30 Lögfræði
13.00 Íþrótta- og kennslufræði
13.30 Stærðfræði og kennslufræði
14.00 Viðskiptafræði
14.30 Lögfræði
15.00 Íþrótta- og kennslufræði
15.30 Stærðfræði og kennslufræði

**Stofa 131b**

Tækni- og verkfræðideild
12.00 Tæknifræði
*Byggingartæknifræði*
*Vél- og orkutæknifræði*
*Rafmagnstæknifræði*
12.30 Verkfræði
*Heilbrigðisverkfræði*
*Rekstrarverkfræði*
*Fjármálaverkfræði*
*Iðnaðarverkfræði*
13.00 Stærðfræði
13.30 Tölvunarfræði
*Tölvunarfræði*
*Hugbúnaðarverkfræði*
*Kerfisfræði*
14.00 Iðnfræði
*Byggingariðnfræði*
*Véliðnfræði*
*Rafiðnfræði*
14.30 Frumgreinar

**Stofa 337**
**Kynning á meistaranámi**

13.00 Msc í viðskiptadeild
*Fjármál*
*Reiknishald og endurskoðun*
13.30 MBA
14.00 Tölvunarfræði
14.30 Byggingartæknifræði og byggingarverkfræði
15.00 Lögfræði
15.30 Kennslu- og lýðheilsufræði




## Ráðstefnur og kynningar

**Laugardagur 18. mars**

| | |
|---|---|
| Kl. 12:00 - 12:45 | Umhverfissvið Reykjavíkurborgar |
| | - Eftirlit með hávaða innanhúss |
| | - Niðurrif bygginga |
| Kl. 13:00 - 13:45 | Kynning: Tónlistar- og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík - Portus |
| Kl. 13:00 - 13:45 | Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar |
| | - Efst á baugi í skipulagsmálum |
| | - Skipulagssjá |
| Kl. 14:00 - 14:45 | Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar |
| | - Framkvæmdaáætlun 2006 |
| | - Hvernig höldum við borginni hreinni? |
| Kl. 15:00 - 15:45 | Kynning á þjónustukerfi - Landsteinar Strengur |
| Kl. 16:00 - 16:45 | Kynning á íbúðalánum Landsbankans |



**Sunnudagur 19. mars**

| | |
|---|---|
| Kl. 13:00 - 14:00 | Kynning: Nýr Landspítali í Reykjavík - LSH |



# Komdu á glæsilega sýningu!

Verk og vit 2006

## SÝNINGARTÍMI OG VERÐ

Laugardagur 18. mars 12:00 - 17:00
Sunnudagur 19. mars 12:00 - 17:00

**Verð aðgöngumiða:** 1.500 kr.

Eldri borgarar og öryrkjar greiða 1.000 kr.
Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

**Næg bílastæði í Laugardalnum**

AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., eru framkvæmdaraðili sýningarinnar.

Samstarfsaðilar: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · Reykjavíkurborg · SI Samtök iðnaðarins · Landsbankinn · ÍSTAK

AP sýningar · Mýrargötu 2-8 · 101 Reykjavík · sími 511 1230 · fax 511 1232 · www.appr.is · www.verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Brotthvarf hersins þýðir að dagar Reykjavíkurflugvallar eru taldir.

## Innanlandsflugið til Keflavíkur

Ástæðan fyrir því að Reykjavíkurflugvöllur festi sig í sessi á sínum tíma í Vatnsmýrinni var koma hernámsliðs Breta til landsins haustið 1940. Það er táknrænt að 66 árum síðar má telja fullvíst að dagar flugvallarins séu endanlega taldir með brotthvarfi annars hers.

Lítill vafi leikur á því að flutningur Bandaríkjahers frá Keflavíkurflugvelli flýtir stórlega fyrir því að miðstöð innanlandsflugs flytjist úr Vatnsmýrinni. Að sama skapi er morgunljóst að hugmyndir um byggingu annars innanlandsflugvallar í allra næsta nágrenni höfuðborgarinnar, hvort sem það væri á Lönguskerjum eða annars staðar, eru úr sögunni.

Jafnvel hörðustu talsmenn þess að halda flugvellinum um kyrrt í Vatnsmýrinni ættu að gera sér grein fyrir því að allt of kostnaðarsamt er fyrir þjóðina að halda úti tveimur flugvöllum á suðvesturhorni landsins. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur lengi verið í þeirra hópi en í ráðherratíð hans hefur verið ráðist í mjög kostnaðarsamar endurbætur á Reykjavíkurflugvelli og fyrir liggja áætlanir um að byggja nýja samgöngumiðstöð í námunda við Hótel Loftleiðir.

*Að sama skapi er morgunljóst að hugmyndir um nýjan innanlandsflugvöll á höfuðborgarsvæðinu eru úr sögunni.*

Erfitt er að fást mikið um þann kostnað sem þegar hefur verið stofnað til vegna endurbóta flugvallarins, en vissulega má þó spyrja hvort ekki hefði mátt fara fram á meiri framsýni þegar ráðist var í þær framkvæmdir. Öðru máli gegnir um fyrirhugaða samgöngumiðstöð. Þau plön hljóta að verða tekin til rækilegrar endurskoðunar.

Á fundi stjórnenda Leifsstöðvar og Aflvaka, þróunarfélags Reykjavíkurborgar, síðla árs 2004 kom fram að kostnaður við rekstur Reykjavíkurflugvallar nemur um 300 milljónum á ári fyrir utan yfirstjórn og stofnkostnað. Þar kom líka fram að rekstur innanlandsflugs á Keflavíkurflugvelli myndi að öllum líkindum kosta um 60 til 80 milljónir á ári fyrir utan stofnkostnað, sem þýðir að beinn sparnaður er yfir 200 milljónir árlega.

Í áætlunum flugvallaryfirvalda og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er nú þegar gert ráð fyrir því að innanlandsflug gæti flust á Keflavíkurflugvöll og til eru tillögur um staðsetningu nýrrar flugstöðvarbyggingar fyrir innanlandsflugið í nágrenni við alþjóðaflugstöðina. Ekki má heldur gleyma því að flutningur innanlandsflugsins skapar fjölmörg atvinnutækifæri sem gætu fyllt að einhverju leyti upp í skarðið sem herinn skilur eftir sig.

Áhugi heimafólks á Suðurnesjum er þegar mjög skýr í þessum efnum. Síðasta haust voru stofnuð í Reykjanesbæ þverpólitísk samtök um það markmið að beita sér fyrir flutningi innanlandsflugsins til Keflavíkur í sátt við alla þjóðina. Meðal hugmynda sem voru nefndar í því samhengi var að með bættum samgöngum væri hægt að ná ferðatíma frá Keflavíkurflugvelli til miðbæjar Reykjavíkur niður í 25 til 30 mínútur.

Á fyrrnefndum fundi stjórnenda Leifsstöðvar og Aflvaka kom fram að mögulegt er að flytja innanlandsflug til Keflavíkur á innan við einu ári. Það er ekki eftir neinu að bíða.




Lexus RX300

Nýskráður 2.2006
Ekinn 950 km.
Sjálfskiptur, loftkæling, leðuráklæði, rafopnun á afturhlera, dökkar rúður, hraðastillir, rafdrifin sæti, o.m.fl.

Tilboð kr. 4.790.000,-

Bílabúð Benna
Notaðir Bílar - Bíldshöfða 10
587-1000 - Bílasalan Skeifan


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Samsæriskenning**
Tilkynning Bandaríkjamanna um brotthvarf frá Keflavíkurflugvelli í haust er mál málanna. Sýknudómur í Baugsmálinu sama dag féll nær algerlega í skuggann af slíkum stórtíðindum. Stöku þingmaður var helst á því á göngum Alþingis fyrir helgina að ríkisstjórnin hefði farið út með tíðindin samdægurs til þess einmitt að draga athyglina frá niðurstöðunni í Baugsmálinu. Það stenst varla. Ríkisstjórnin hefði verið sökuð um að halda upplýsingum leyndum fyrir þjóðinni og auk þess voru fjölmiðlar nokkuð þefvísir þennan dag. – Hitt er að ef sakborningar verða sýknaðir á efra dómstigi og öllum ákæruliðum stungið ofan í skúffu beinist athygli kjósenda, sem hafa dómsmálaráðherra í vinnu hjá sér, að framkvæmd lögreglurannsóknar og hugsanlegum afglöpum við matreiðslu málsins í hendur dómstólanna. Það er nefnilega rétt hjá Ögmundi Jónassyni, þingmanni Vinstri grænna, að framfylgja þarf reglum réttarríkisins á agaðan og kunnáttusamlegan hátt. Hvort heldur er gagnvart hvítflibbum, níðingum eða stígvélaþjófum. – Kjörinn fulltrúi úr stjórnarliðinu sagði við blaðamann þegar hann frétti af sýknudóminum: „Nú verður einhver látinn fjúka."



**Vinir í raun**
Í dag eru þrjú ár frá því Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, sendi forseta Bandaríkjanna stuðningsyfirlýsingu vegna innrásarinnar í Írak. Þann dag fór Ísland á lista hinna viljugu og staðföstu þjóða sem frægt varð og umdeilt. Þjóðarhreyfingin baðst um síðir afsökunar á þessari ákvörðun Davíðs með auglýsingu sem birt var í stórblaðinu New York Times. Reyndar minnist Þjóðarhreyfingin þessa atburðar með opinni samkomu í Háskólabíói í dag. – Spurt hefur verið hvort ákvörðun Davíðs og Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra, hafi með einhverjum hætti verið tekin til þess að stuðla að áframhaldandi veru bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hafi svo verið er nú komið á daginn að lítið hald var í fylgispektinni við aðgerðir Bandaríkjamanna í Írak. Halldór var spurður um þetta beint í gær: „Það blandaðist aldrei saman. Það hef ég aldrei nokkurn tímann sagt. Ég sagði hins vegar á sínum tíma að það væri eðli samstarfs og vináttu að standa saman..." – Svona er vináttan. Halldór heldur á tilkynningu í höndunum um þá einhliða ákvörðun vinanna um að hverfa af landi brott að mestu.

johannh@frettabladid.is

## Ástkæra ylhýra málið

Í DAG
ÍSLENSK TUNGA



ELLERT B. SCHRAM

Á undanförnum vikum hefur allnokkuð verið rætt um framtíð íslenskunnar. Bæði var að Viðskiptaráð lagði beinlínis til að íslenska og enska yrðu lögð að jöfnu og virtur íslenskuprófessor lýsti þeirri skoðun sinni að hugsanlega yrði íslenska útdauð eftir hundrað ár.

Nú má spyrja: eru þessar tillögur og ágiskanir svo fjarri lagi? Er það nokkuð annað en þjóðrembingur, að lítil þjóð, sem er að hasla sér völl á alþjóðavísu, haldi uppi sérkennilegu máli, sem er öðrum óskiljanlegt? Þjóðrembingur hefur aldrei verið til gæfu, hvorki í mannkynssögunni né Íslandssögunni. Heimsstyrjaldirnar báðar og raunar flest önnur átök eru sprottin af fáfræði og hleypidómum, sem alið var á, í nafni kóngs og föðurlands og milljónum ungra manna var att út á vígvellina undir því herópi að aðrar þjóðir væru óvinir og vfirgangsmenn.

Hugsjónin á bak við Evrópusambandið var og er enn, sú hin sama, að eyða þessari tortryggni og forheimsku, eyða landamærum og koma fólki í skilning um að hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu. Mín kynslóð var alin upp við það að Danir væru vondir af því þeir hefðu haft yfirráð yfir Íslendingum. Seinna kom óvildin gagnvart Bretum vegna þorskastríða og lengst af lifðum við í skugga kalda stríðsins, þar sem Rússar og fylgifiskar þeirra voru fordæmdir og illa séðir. Útlendingar hér á landi hafa verið litnir hornauga og jafnvel uppnefndir. Ég man eftir því frá mínum ungdómsárum, upp úr miðri síðustu öld, að það voru enskuslettur og slanguryrði mjög í tísku og verulegar áhyggjur af framtíð íslenskrar tungu. Sagt var að Kanasjónvarp og öll sú lágmenning sem frá útlöndum kæmi væri atlaga að íslenskri tungu. Þá átti allt að fara norður og niður og ragnarök íslenskunnar voru framundan. Andstaðan gegn hugmyndinni um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er öðrum þræði arfur af þessum hugsunarhætti. Af völdum þjóðrembings.

*Landið og tungan eru okkar hornsteinar. Sú afstaða verður ekki byggð á sérvisku eða sjálfshroka, hún sækir ekki styrk sinn í einstrengingslegan þjóðernisrembing, heldur þá tilfinningu og vitneskju að ræturnar eru manni allt.*

Þjóðrembingur er eitt, föðurlandsást er annað. Mitt í hinni margfrægu og rómuðu útrás íslenskra fyrirtækja, eru okkar menn ennþá íslenskir og íslenskari en nokkru sinni fyrr. Alveg eins og þegar ungir, efnilegir námsmenn fóru utan úr allsleysinu hér heima, til Kaupmannahafnar allsnægtanna, þá komu þeir aftur, voru jafnvel meiri föðurlandsvinir en nokkru sinni fyrr.

Römm er nefnilega sú taug sem rekka dregur. Jafnvel þótt Íslendingar forframist og heimurinn smækki vegna hnattvæðingar, fjarskipta og ferðalaga, jafnvel þótt við vitum að ekki er allt á Íslandi best og vitum það betur en áður, þá styrkjumst við í fótfestunni hér heima. Eftir því sem gáttirnar opnast, hreiðrum við betur um okkur.

Víðsýnin út á við styrkir okkur inn á við. Stofnun og tilurð Evrópusambandsins byggist á þeirri hugsjón að það er fleira sem sameinar þjóðirnar en aðskilur þær. Þar á bæ er unnið að því að þurrka út landamæri og skapa frelsi, hvort heldur í flutningi fjármagns, fyrirtækja eða fólks. Öll er þessi hugsjón, þessi tilraun, til orðin vegna reynslunnar af grimmd þjóðernisrembingsins. En á sama tíma er hlúð að sérkennum, menningarlegum verðmætum, tungumálum og lifnaðarháttum hverrar þjóðar fyrir sig. Ýtt undir þjóðareinkenni, varðveislu náttúruundra og þjóðernislegra hefða. Það er borin virðing fyrir slíkum sérkennum af því að hugsunin er sú að þjóðir Evrópu blandi geði og eyði landamærum til að leyfa litrófinu að njóta sín, hver þjóð og hver einstaklingur má og á að halda sínu í fjölskyldu þjóðanna. Þar á meðal sínu eigin tungumáli.

Og þá erum við aftur komin að íslenskri tungu, ástkæra ylhýra málinu okkar. Ég hef þá trú, að eftir því sem Íslendingar verða hagvanari í sínu nýja alþjóðahlutverki, eftir því sem íslenska þjóðin verserast í þessum skilningi, lærir að umgangast útlendinga sem jafningja, menntast og fræðist, því sterkari og heilbrigðari verður vitundin um varðveislu íslenskrar tungu og íslenskrar náttúru. Landið og tungan eru okkar hornsteinar. Sú afstaða verður ekki byggð á sérvisku eða sjálfshroka, hún sækir ekki styrk sinn í einstrengingslegan þjóðernisrembing, heldur þá tilfinningu og vitneskju að ræturnar eru manni allt. Í því umhverfi lifir íslenskan. Alveg eins og meðvitund Íslendinga um fágæti lands og náttúru vex ásmegin, eftir því sem við sjáum meira af undrum veraldar. Alþjóðavæðingin og heimsmyndin breytist á ytra borðinu en eftir stendur hinn íslenski arfur traustari fótum, af því hann er ekki lengur reistur á fordómum og fáfræði, heldur á þekkingu og bjargi þess skilnings að samneyti við aðra styrkir sjálfsmyndina. Og tunguna.

## MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

**1 Apple trúir ekki fjöldatölum ipodspilara á Íslandi** Ekki fæst lengur gert við ipodspilara sem keyptir eru í útlöndum nema gegn kassakvittun því höfuðstöðvar Apple trúa ekki að svo margir ipodar geti verið á Íslandi miðað við sölutölur.

**2 Alvarlegt umferðarslys á Sæbrautinni** Alvarlegt umferðarslys varð á Sæbraut á mánudag þegar rúta ók á fólksbifreið. Ökumennirnir voru einir í bílum sínum.

**3 Dansað og drukkið fram á nótt** Þórir Snær Sigurjónsson og Rúnar Rúnarsson deildu reynslu sinni af Óskarsverðlaunahátíðinni með lesendum Fréttablaðsins og lýstu stemningunni sem „súrrealískri".

**4 4. Grillveisla en ekki eldsvoði** Fjölmennt lið slökkviliðsmanna var sent að háhýsi við Engihjalla í Kópavogi eftir að tilkynnt var að mikinn reyk legði frá húsinu. Þegar til kom reyndust íbúar hafa efnt til grillveislu á svölum íbúðanna.

**5 Milosevic látinn** Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseti Júgóslavíu, fannst látinn í fangaklefa sínum í Haag, þar sem hann hafði verið í haldi síðan 2002 á meðan réttað var yfir honum vegna stríðsglæpa.

**6 Þröstur Leó tábrotnaði** Þröstur Leó Gunnarsson leikari komst í hann krappann við tökur á myndinni Kaldri slóð þegar hann tábrotnaði. Þröstur bar harm sinn í hljóði og sagðist ekki haltra fyrr en báðir fætur væru undan.

**7 Ökumaðurinn ekki í lífshættu** Ökumaður fólksbifreiðar sem rúta ók á á Sæbraut á mánudag var fluttur á slysadeild með alvarlega áverka og gekkst þar undir aðgerð. Hann var þó ekki talinn í lífshættu.

**8 Spólað í skíðabrekkunni** Óprúttinn ökumaður skemmdi gróður og skíðafæri fyrir börnum í Grafarvogi í morgun eða nótt með því að spóla í hringi í skíðabrekkunni við Dalshús.

**9 Nauðgaði stúlku á stigagangi** Tvítugur karlmaður var dæmdur til eins árs fangelsisvistar fyrir að nauðga sextán ára stúlku á stigagangi heimilis hennar. Þótti dómnum sýnt að maðurinn hefði misnotað sér ástand stúlkunnar, sem var mjög ölvuð.

**10 Fá greitt frá klámiðnaðinum** Tölvuþrjótar fá greitt frá fyrirtækjum í klámiðnaði til að koma af stað svokölluðum pop-up gluggum hjá tölvunotendum um allan heim.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 31680 03/2006




MAÐUR VIKUNNAR

# Agaður lögmaður en mikill húmoristi

GESTUR JÓNSSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður hefur verið mikið í fréttum vikunnar vegna sýknudóms Héraðsdóms Reykjavíkur í Baugsmálinu svokallaða. Gestur hefur komið víða við á lögmannsferlinum og hefur verið lögfræðingur m.a. Jóns Ásgeirs í Baugi, Háskóla Íslands, og Skeljungs.

Gestur er sagður mikill húmoristi og segja þeir sem unnið hafa með honum að það sé einkar skemmtilegt. Þá þykir hann framúrskarandi lögfræðingur, mikill málaflutningsmaður og sýna öguð vinnubrögð. Fyrir utan dómssalinn er Gestur gjarn á að taka upp golfkylfuna og taka nokkra hringi á vellinum.

Gestur fæddist 27. október árið 1950 á Seyðisfirði og er elsti sonur hjónanna Jóns Skaftasonar, lögfræðings, sýslumanns og fyrrum alþingismanns, og Hólmfríðar Gestsdóttur húsmóður. Systkini hans eru þau Helga, starfsmaður Alþjóðabankans í Washington, Skafti, sem er fulltrúi, og Gunnar, sem er lögfræðingur. Gestur kvæntist Margréti Geirsdóttur bókasafnsfræðingi árið 1972 og eiga þau fjögur börn.

Jón, sem þótti einkar bráðþroska barn, fetaði í fótspor föður síns. Hann útskrifaðist úr Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1970 með fyrstu einkunn og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands fimm árum síðar, einnig með fyrstu einkunn. Að afloknu prófi gerðist hann fulltrúi hjá Ragnari Tómassyni en varð hæstaréttarlögmaður árið 1977 og hefur hann frá árinu 1978 rekið eigin lögmannsstofu, fyrst í félagi við Kristin Björnsson, hæstaréttarlögmann og athafnamann, en síðar með Hallgrími B. Geirssyni, hæstarréttarlögmanni og nú framkvæmdastjóra Morgunblaðsins.



Mun Gestur vera einkar hæfileikaríkur á lögmannssviðinu, sýna mjög öguð vinnubrögð auk þess sem hann þykir fljótur að greina vandamálin og finna lausnir á þeim. Þessi hæfileiki er sagður nýtast honum vel í skák, sem Gestur er sagður ansi liðtækur í. Þá er hann sagður mikill málflytjandi.

Gestur Jónsson hefur alla tíð verið virkur í starfi lögmannastéttarinnar en hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands á árunum 1986 til 1991 og var formaður félagsins síðustu þrjú árin. Þá var hann í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á tveggja ára tímabili, frá 1985 til 1987. Auk þess er Gestur formaður úrskurðarnefndar lögmanna og sat í sáttanefnd ríkisins í kjaradeilum á árunum 1980 til 1981.

Gestur hefur tekið að sér marga og ólíka skjólstæðinga en auk þess að vera lögfræðingur Jóns Ásgeirs er Gestur lögfræðingur olíufélagsins Skeljungs. Gestur hefur margoft komist í fréttir vegna niðurstaðna sinna sem lögmaður siðanefndar Háskóla Íslands.

Gestur hefur alla tíð verið félagslyndur frá fyrstu tíð og beitt sér í hinum ýmsu málefnum. Var hann m.a. varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands á árunum 1972 til 1973 og í stjórn fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna í Reykjavík árið 1978. Þá varð hann formaður Bláfjallanefndar árið 1978 auk þess sem hann sat í sáttanefnd ríkisins í kjaradeilu VSÍ og ASÍ á árunum 1980 til 1981. Gestur hefur löngum verið með vinnusamari mönnum og vinnur í svakalegum skorpum eins og íslenskir sjómenn. Á sumrin tekur hann sér hins vegar gjarnan löng frí og eyðir hann mestum hluta sumars á golfvellinum. Vart þarf að taka fram að Gesti er svo annt um golfíþróttina að hann er formaður Golfklúbbs Reykjavíkur.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá


OPNUM Í DAG!
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ
LÁGVÖRUVERSLUN MEÐ RAFMAGNSVÖRUR
RAFVÖRU MARKAÐURINN
2995- ÚTISTAUR
1995- ÚTILJÓS Á VEGG
39- PERUR
39- KERTAPERUR
1995- ÚTILJÓS Á VEGG
2495- ÚTILJÓS Á VEGG
2495- ÚTISTAUR
1495- ÚTILJÓS Á VEGG
3495- ÚTISTAUR
1995- KASTARAPLATTI
39- KÚLUPERUR
Verð frá: 295- SPARPERUR
495- KASTARI
995- KASTARABRAUT
995- KÚPLAR
RAFSTÖÐVAR
800W 19900-
2200W 34900-
5500W 59500-
1495- HREYFISKYNJARI
557- KLUKKUROFI
1490- INNFELLD LJÓS
Verð frá: 295- TANGIR
990- HLEÐSLUBORVÉL 12V
299- KRÓNUROFI
225- ROFI
990- INNFELLD LJÓS
291- TVÖFALDUR TENGILL
158- TENGILL
990- BRAUÐRIST
990- KAFFIKANNA
990- STRAUJÁRN
OPIÐ ALLA DAGA
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN

# Hvað verður nú um Fjallkonuna og börnin?

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um almúgann sem sjónmengun, gefin leyniuppskrift að kjötbollum, sagt frá lygasögu sem kemst ekki í hálfkvisti við sannleikann og endað á viðkvæmri raunasögu um óhamingjusama ást.



Kæra Dagbók

*Þráinn Bertelsson skrifar*

**SUNNUDAGUR, 12. MARS.**

## Hæfilegur lúxus

Fórum á Þingvöll í sunnudagsbíltúr og héldum svo áfram alla leið **austur að Miðfelli**. Fyrir mína parta finnst mér fallegra þarna í Þingvallasveitinni en í Grafningnum. Einhverra hluta vegna þykir samt fremur púkalegt að eiga sumarbústað í Miðfelli.



Að hluta til er skýringin kannski sú að þegar þjóðgarðurinn var stofnaður var betri borgurum úthlutað lóðum á svæðinu og enn er hægt að sjá hvað viðkomandi hafði góð sambönd eftir staðsetningunni. Á þessum tíma var það talinn hæfilegur lúxus fyrir almúgann að fá aðgang að moldarflagi til að rækta kartöflur. Því var tiltölulega auðvelt að stugga almenningi frá þjóðgarðinum.

Einstöku þverhausar létu sér samt ekki segjast og kríuðu út lóðir í Miðfelli í námunda við þjóðgarðinn og klömbruðu þar saman bústöðum. Heldra fólkinu var ömun að þessu og þótti sjónmengun stafa af almúganum og flokkaði Miðfellsbyggðina undir náttúruspjöll sem auðvitað má til sanns vegar færa í samanburði við hinar stílhreinu og fögru virkjanir sem settar höfðu verið niður til að prýða Sogið - við þann enda Þingvallavatns sem fjarlægastur var augum fagurkeranna.

Hvað sem því líður þá er fallegt í Miðfelli.



**MÁNUDAGUR, 13. MARS.**

## Mús fær magakveisu

Í dag var **paník í íslensku Kauphöllinni**. Samt var það trúlega eins og að heyra mús leysa vind miðað við gauraganginn í Kauphöllinni í New York á venjulegum degi.



Mér er sagt að það sé lífshættulegt að vera á ferli í **Wall Street** því að ef verðbréfin taka upp á því að falla fleygja verðbréfabraskarar sér í hópum út um glugga svo að ferðamenn geta átt von á því að fá gjaldþrota verðbréfamiðlara í höfuðið eins og þrumu úr heiðskíru lofti.

Ég kíkti á heimasíðu Kauphallarinnar í kvöld. Ekki var þar minnst á að nokkur maður hefði stokkið út um glugga svo að bestu synir og dætur þjóðarinnar eru trúlega heil á húfi þrátt fyrir að mýsla hafi fengið smá niðurgang.



**ÞRIÐJUDAGUR, 14. MARS.**

## Þakklátt starf

Fór á bókasafnið með tvo krakka. Það er uppeldisleg skylda allra fullorðinna að kenna ungu fólki að umgangast bækur. **Andri** sem er átta ára sogaðist strax inn í leikjatölvu og tók að brytja menn í spað í staðinn fyrir að lesa um það í fornsögunum en **Sólveig Kristín**, tveggja ára, skoðaði gullfiskana. Svo fann hún bók sem henni leist vel á og heitir „Ungfrú Sól og vonda nornin“.

Gleði mín yfir bókmenntaáhuga ungfrúarinnar dofnaði þó eftir því sem ég lenti í meiri erfiðleikum með að útskýra fyrir henni nákvæmlega hvers konar atvinnugrein það er að vera galdranorn.

Í kvöld bjó ég til kjúklingasúpu með miklu spínati. Ég er handviss um að það er út af hrósinu sem **margir karlmenn** kjósa það helst af heimilisverkunum að elda mat. Það segir enginn „Mikið rosalega er stofan vel ryksuguð í dag“ eða „Geturðu gefið mér uppskriftina að því hvernig þú nærð þessum yndislega gljáa á klósettið?“ En í eldhúsinu nægir í rauninni að steikja kjötbollur og maður er hylltur sem snillingur.

Já, vel að merkja, ég laumast til að byrla börnunum hollustu þegar ég bý til ketfarsið með því að hakka út í það gulrætur. Svo borða þau þetta með bestu lyst og hafa ekki hugmynd að þau hafi verið að innbyrða hollustu.



**MIÐVIKUDAGUR, 15. MARS.**

## Skáldskapur og veruleiki

Í dag gekk **dómur í Baugsmálinu** - eða þeim hluta þess sem rembst var við að halda til streitu. Ég var búinn að bíða lengi eftir þessum dómi og mér létti ákaflega þegar ég heyrði sagt frá því í útvarpinu að hinir ákærðu hefðu verið sýknaðir af öllum ákæruliðum.

Guði sé lof, hugsaði ég, alla vega virðast dómstólarnir vera í lagi.



Það er kannski of flókið að reyna að útskýra í þessum dagbókarlínum af hverju ég hafði svona mikinn áhuga á dómsniðurstöðum í þessu máli. Einfaldlega vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að ákærur í þessu máli eigi sér mjög vafasamar skýringar. Um það hef ég skrifað heila bók sem heitir **„Valkyrjur“** og er lygilegur reyfari, en þótt skáldskapurinn sé lygilegur kemst hann aldrei með tærnar þar sem veruleikinn hefur hælana.

Mér létti einfaldlega við að sjá að dómstólar í landinu skuli í dag vera nægilega sjálfstæðir til að fara eftir lögunum.

Mér finnst að dómarafélagið eigi að gera sér dagamun og dansa fram undir morgun. Meðan þeir eru að strauja kyrtlana sína í fyrramálið mættu svo dómararnir fara að leiða hugann að því að hreinsa þann smánarblett af hinu íslenska réttarkerfi sem **Guðmundar- og Geirfinnsmálin** eru. Þau mál þarf að taka fyrir upp á nýtt og sýkna allt vesalings fólkið sem var tugthúsað og niðurlægt og borga því sanngjarnar skaðabætur.

Það heyrist bergmál úr Síðumúlanum þegar skýrt er frá yfirheyrslum í **Abu Ghraib**-fangelsinu. Það er fyrir löngu kominn tími til að gera upp fortíðina.

Kalda stríðið er búið - víðast hvar.

**FIMMTUDAGUR, 16. MARS.**

## Ástarsorg

Í **„Punktur, punktur, komma, strik“** er eftirlætissetningin mín í íslenskri kvikmynd. Í barnaskóla er kennslustund rofin til að koma á framfæri þeirri harmafrétt að John F. Kennedy hafi verið myrtur. Yfirbugaður af tilfinningum sínum segir kennarinn:

„Hvað verður nú um Jackie og börnin?“

Í gær kom þriðji aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna of seint í vinnuna einu sinni enn og var því skipað að **slá á þráðinn til Geirs Haarde** sem mér er sagt að sé vænsti maður og var aukinheldur að koma af fjörugu ættarmóti þeirra Haarde-manna einhvers staðar í Noregi. Nema hvað erindið var að biðja Geir að skila því til Íslendinga að Bandaríkin nenni ekki lengur að standa í þeirri vitleysu að halda úti fokdýrri herstöð á Miðnesheiðinni hvað svo sem líður kvótaleysi og atvinnumálum á Suðurnesjum.



Ísafold situr eftir ein og yfirgefin. Unnustinn er stunginn af. Unnustan fær að vísu að halda trúlofunarhringnum því að það er látið heita svo að „varnarsamningurinn sé enn í gildi“.

Hvað verður nú um Fjallkonuna og börnin?

Þetta eru vissulega sorgleg tíðindi sem sanna enn einu sinni að **„illt er að leggja ást við þann sem enga kann í móti“**. Þó er það bót í máli að þjóðin var vel undir það búin að sjá á bak verndurum sínum sem misstu áhugann á Íslandi fyrir mörgum árum, á sama augnabliki og landið hætti að vera hlekkur í varnarkerfi Bandaríkjanna.

En þótt öll þjóðin vissi að þetta væri í spilunum eru alltaf einhverjir utangátta sem skilja ekkert í því sem er að gerast. Í þessu tilviki þó aðeins tveir menn: Forsætisráðherrann og utanríkisráðherrann voru furðu lostnir yfir því að sitja uppi með Svartapétur. Aðrir ekki.








www.audi.is

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# VELKOMIN Í HÚSGAGNAHÖLLIN

## 3 hæðir af spennandi vörum til heimilisins



**BOSTON** tungusófi B240 x D95/153 cm fæst í Camel, rauðu og sand áklæði. Kr. **49.980**

**BOSTON**
tungusófi
**49.980**



| 3 SÆTA | 2 SÆTA |
|---|---|
| 39.980 | 29.980 |

**TOSCANA** sensation áklæði sem hægt er að taka af og þvo í þvottavél. 3 sæta sófi B215 x D93 x H49/83 cm. Kr. **39.980** **TOSCANA** 2 sæta sófi B155 x D93 x H49/83 cm. Kr. **29.980** verð með viðarfótum.



| 3 SÆTA | 2 SÆTA |
|---|---|
| 49.980 | 39.980 |

**SNOOPY** 3 sæta sófi B230. Kr. **59.980** **SNOOPY** 2 sæta sófi B192. Kr. **49.980**



**COLLIN**
klappstóll
**890**



**BORÐSTOFUBORÐ**
39.980

**BOLERO** borðstofuborð, olíuborin eik, B98 x L158/206 cm. Kr. **39.980**

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

NA

# HÚSGAGNAHÖLLIN



SCAN tölvuborð með yfirhillu, fæst í hlyn og kirsuber B155 x D82 x H77/93 cm

**SCAN** tölvuborð **24.980**



**CHEF** skrifborðsstóll **4.980**



**SPLIT HILLA 4x4** 9.980

**SPLIT** hilla 2x4 B77 x D32,5 x H160 cm, fæst í hlyn og hvít kr. **6.980**
**SPLIT** hilla 4x2 B150 x D32,5 x H87 cm, fæst í hlyn og hvít kr. **6.980**
**SPLIT** hilla 4x4 B150 x D32,5 x H160 cm, fæst í hlyn og hvít, án aukahluta kr. **9.980**







## Svefnsófi

vinsæl fermingargjöf

**MALOU** svefnsófi B198 x D128 x H92 cm fæst grár, lime og rauður kr. **29.980**

**SVEFNSÓFI** 29.980



**GEYMSLUBOX 2 stk.** verð frá: **990**



**HJARTAPÚÐI** púði 63 x 44 cm með loðnu áklæði kr. **2.490**

**MYNDAALBÚM** silfur 23 x 25 cm kr. **2.490**

**BLÓMAVASI** 90

**BLÓMAVASI** úr gleri H32 cm kr. **90**

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Haldið er fram að verið sé að einkavæða vatn. Ef það er rétt þá fór einkavæðingin fram árið 1923. Ég styð þetta frumvarp.“*

***Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra við afgreiðslu vatnalagafrumvarps á Alþingi síðastliðinn miðvikudag.***

*„Árangur þeirra er enginn. Þeir lögðu af stað í leiðangur, komust aldrei þangað sem þeir ætluðu sér og eru nú aftur á byrjunarreit.“*

***Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, í umræðum á þingi um brottför Varnarliðsins síðastliðinn fimmtudag.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Úr bakherberginu...*

### Framfylkingin

Fyrr í vetur sátu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, og Kristinn H. Gunnarsson lengi yfir kaffibolla í þinghúsinu við Austurvöll. Glaðværir þingmenn fylgdust með álengdar, litu á klukkuna, spurðu hvenær Kristinn fengi flokksskírteinið í hendur og kímdu dálítið. Kristinn er enn í Framsóknarflokknum þótt ungliðar hafi fyrir sitt leyti rekið hann nú í vikunni fyrir pólítíska hryðjuverkastarfsemi eins og það var orðað af þeirra hálfu. Kristinn hefur meira að segja ákveðnar áhyggjur af Framsóknarflokknum og vill hressa upp á félagshyggjugildin, halla sér í átt til Samfylkingarinnar, sem hann raunar afneitaði 1998. - Nú koma enn á ný glaðværir þingmenn fram á völlinn og eru þegar búnir að finna nýtt nafn á sameinað stjórnmálaafl Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins. Framfylkingin skal hún heita. - Með þetta fer eins og oft áður í íslenskum stjórnmálum. Þegar dregur að kosningum og stjórnmálamenn þurfa að endurnýja umboð sitt frá kjósendum vilja þeir síður binda hendur sínar fyrir fram. Vinstri grænir hafa einir bent til Noregs og hversu sigursælt kosningabandalag Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins var í þingkosningunum í fyrra undir forystu Jens Stoltenbergs.



### Guð láti gott á vita

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra er ánægður með gengislækkun að undanförnu, en hann er einn þeirra sem haft hafa uppi varnaðarorð um hágengi krónunnar. Einar Oddur Kristjánsson flokksbróðir hans orðaði það svo snemma vetrar að eins væri með sjávarútvegsfyrirtækin og heilsu mannanna. „Þegar hryglurnar hætta og öndin hverfur úr vitunum, þá hverfa einnig sjúkdómseinkennin.“ - Einar K. andar léttar á heimasíðu sinni: „Ég las viðtal við mætan og duglegan útgerðarmann og fiskverkanda, Sigurð Viggósson í Odda á Patreksfirði, í nýjasta Ægi. Hann taldi gengið þurfa að gefa eftir um 10 til 15 prósent, það myndi breyta miklu. Það er einmitt það sem hefur gerst og það er gott. Fyrir fáeinum vikum sögðu forsvarmenn kúfiskvinnslunnar á Þórshöfn að ekki þýddi að hefja þá vinnslu að nýju fyrr en dalurinn stæði í 70 kallinum. Þar er bandaríkjadalurinn einmitt staddur núna. Með öðrum orðum þessi gengisveiking hefur breytt miklu fyrir útflutninginn, sjávarútveginn. Svipað segja nú talsmenn nýsköpunarfyrirtækjanna sem óttuðust stórkostlega flutning starfa á þeirra vegum úr landi.“



## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# *Um meginreglu*



Þingmenn eiga þakkir skildar fyrir rökræðurnar um vatnalagafrumvarpið. Og forseti þingsins einnig fyrir að gefa umræðunum svigrúm til þess að þroskast og ná fullum skýrleika. Ekki má það heldur gleymast að vatnalagafrumvarpið var einnig rætt á Alþingi fyrir ári síðan og hlaut þá litla athygli. Það hefur því verið rætt mun lengur en í fimmtíu klukkustundir þennan veturinn.

Frumvarpið, sem nú er orðið að lögum, snýst um grundvallaratriði og meginreglur. Það snýst um mál sem fylgt hefur mannlegu samfélagi frá upphafi; stöðu séreignarréttar gagnvart almenningi eða sameign í nafni almennings. Drögum ekki fjöður yfir það að kapítalisminn hefur séreignarréttinn nánast að sjálfgefinni forsendu fyrir því að hann nái sínum mestu hæðum. Munum líka að hugtök sem hefjast á „þjóð“ hafa vísan til sameignarréttar. Í þjóðlendum Íslands er mesta vatnsforðabúr landsmanna, sagði forsætisráðherra við blaðamenn í byrjun vikunnar.

Þá er löggjafarstarfið áhugaverðast þegar það fæst við meginreglur og grundvallaratriði í þágu kjósendanna, sem afhent hafa þeim vald sitt tímabundið til góðra verka.

Karl Axelsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands og aðalhöfundur vatnalagafrumvarpsins, sagði við þingmenn að lögfræðin hefði sagt sitt þegar búið var að vinna frumvarp að lagatexta upp í hendurnar á löggjafarþinginu. Stjórnmálin ættu hins vegar eftir að segja sitt, vinna sína vinnu. Réttilega hamraði stjórnarandstaðan á þessu atriði. Við afhendum ekki lögfræðingunum sérfræðingavald til þess að semja leikreglur samfélagsins. Við viljum ekki menntað fámennisvald eða einveldi. Kjósendur eiga að hafa síðasta orðið í krafti fulltrúa sinna á þingi. Þingmenn eiga að hafa tíma til að afla upplýsinga, hugsa málið og rökræða. Betra er að sleppa því að breyta vatnalögunum frá 1923, sem tók í raun á annan áratug að semja, fremur en að breyta þeim með flumbrugangi og yfirgangi framkvæmdavaldsins, sem situr brúnaþungt fyrir framan óbreytta þingmenn löggjafarsamkomunnar. Þegar þeir mega vera að því að sinna löggjafarstarfinu.

Flýtirinn er of mikill. Alþingi er ekki bráðadeild. Góðir hlutir gerast hægt.









# Kristinn vill vekja sína menn af værum blundi

**Kristinn H. Gunnarsson hefur undanfarna daga bent á það sem hann kallar þverrandi grunnfylgi Framsóknarflokksins. Hann vill vekja sína menn til vitundar um að haldi fram sem horfir verði flokkurinn að jaðarflokki með lítil áhrif í íslenskum stjórnmálum á næstu árum.**



KRISTINN H. GUNNARSSON „Við þessari stöðu þurfum við að bregðast. Menn geta ekki lokað augunum og sagt að þetta lagist í næstu kosningum.“

„Ég er að benda á grafalvarlega stöðu sem Framsóknarflokkurinn er kominn í þar sem fylgið hefur farið síminnkandi síðasta áratug. Um mitt árið 1997, þegar allt var með kyrrum kjörum; hagvöxtur, vaxandi kaupmáttur og tiltölulega gott gengi í efnahagsmálum, átti að vera hagstætt að vera í ríkisstjórn. Þá var fylgi Framsóknarflokksins á miðju kjörtímabilinu að jafnaði um 18 prósent. Fjórum árum síðar, á miðju kjörtímabilinu, var fylgið að meðaltali um 14 prósent og hafði lækkað um fjögur prósentustig. Í fyrra, á miðju yfirstandandi kjörtímabili, var fylgið aðeins um 10 prósent og hafði lækkað aftur um fjögur prósentustig. Tölurnar eru með öðrum orðum alltaf að lækka. Mánuðum fækkar þar sem fylgið fer upp og fjölgar að sama skapi þar sem fylgið fer niður. Það er ekki að sjá að neinn botn sé fundinn enn. Við höfum farið alveg niður í 8,5 prósenta fylgi í könnun.

### Alvarleg staða

Þetta er mjög alvarleg staða. Stjórnmálaflokkur getur ekki látið sem ekkert sé þegar svona stendur á. Framsóknarflokkurinn er orðinn 90 ár gamall. Spyrja má: Hvað á að gera? Við verðum að horfast í augu við að kjósendurnir hafa farið frá okkur. Upp undir helmingur kjósendanna sem kaus okkur í síðustu alþingiskosningum segir núna að hann ætli ekki að kjósa flokkinn aftur. Við þurfum að hafa upp undir 20 prósenta fylgi ef flokkurinn á að hafa stöðu í landslagi þar sem fyrir er sterkur Sjálfstæðisflokkur og Samfylkingin er með allt að 30 prósenta fylgi. Ef flokkurinn er fyrir neðan 15 prósenta fylgi er hann eins og Alþýðuflokkurinn var eftir viðreisnina. Hann verður ekki hafður með í ráðum í fyrirsjáanlegri framtíð. Við þessari stöðu þurfum við að bregðast. Menn geta ekki lokað augunum og sagt að þetta lagist í næstu kosningum.“

### Hallast að félagshyggjunni

Spyrja má hvort stefnumál flokkanna séu keimlík og æ erfiðara verði að finna hugmyndafræðilega fótfestu.

„Víða um land er Framsóknarflokkurinn að vinna í sveitarstjórnum með félagshyggjufólki,“ segir Kristinn. „Víða bjóða framsóknarmenn fram sameiginlegan lista með Samfylkingunni. Annars staðar bjóða þeir fram með Samfylkingunni og Vinstri grænum og öðrum á þeim kantinum. Hvergi bjóða þeir fram með Sjálfstæðisflokki. Í mörgum sveitarfélögum er þetta svona, til dæmis í Hveragerði og í Reykjanesbæ þar sem Framsóknarflokkurinn hefur nú ákveðið að bjóða fram með Samfylkingunni í vor. Greinilegt er að flokksmenn okkar og kjósendur í þessum sveitarfélögum telja sig eiga samleið með þessu fólki. Ef það á samleið í sveitarstjórnarmálum hlýtur það að eiga samleið með flokkunum í öðrum málum. Ágreiningurinn getur ekki verið það mikill ef menn ná saman í sveitarstjórnunum. Þannig er eðlilegt að horfa til þess hvort þarna séu snertifletir. Hvor að menn geti búið til stjórnmálaafl sem ráðið getur ferðinni í íslenskum stjórnmálum. Ég vil ekki sjá Framsóknarflokkinn verða að einhverri afgangsstærð í íslenskri pólitík.“

Kristinn yfirgaf Alþýðubandalagið árið 1998 og sætti sig ekki við nokkur stefnumál Samfylkingarinnar, sem þá var að undirbúa sitt fyrsta framboð til alþingiskosninga. Er Kristinn ef til vill að yfirgefa Framsóknarflokkinn?

„Nei. Ekkert svoleiðis vakir fyrir mér. Ég færi ekki þessa leið ef svo væri. Ég er að hugsa um flokkinn sem ég er í. Ég sé hvert stefnir og ég vil vekja mína menn í flokknum. Mér finnst þeir vera sofandi. Þeir loki augunum og haldi að þannig verði himininn heiður.“

johannh@frettabladid.is



KRISTINN H. GUNNARSSON „Ég vil ekki sjá Framsóknarflokkinn verða að einhverri afgangsstærð í íslenskri pólitík.“

### FYLGI FRAMSÓKARFLOKKSINS SAMKVÆMT KÖNNUNUM GALLUP



# NEYTENDAVERÐLAUN
# 2006






EKKERT BRUÐL

## Við þökkum fyrir okkur

**Starfsfólk Bónuss**

ERAN/Landlist

Neytendaverðlaunin eru veitt af Neytendasamtökunum og Bylgjunni í tilefni af Alþjóðadegi neytendaréttar.



**NORBERT WIENER (1894-1964) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Framfarir gefa framtíðinni ekki einungis nýja möguleika heldur leggja einnig á hana takmarkanir.“*

***Bandaríski stærðfræðingurinn Norbert Wiener færði heiminum sjálfstýringuna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 18. MARS 1965

# *Rússar ganga í geimnum*

Þennan dag árið 1965 fór geimfarinn Aleksei Leonov fyrstur manna út fyrir geimflaug sína og gekk fyrstu geimgönguna sem farin hefur verið. Geimleiðangurinn fékk heitið Voskhod 2 og voru tveir menn um borð í geimflauginni, Leonov sjálfur og Pavel Belyayev. Geimgangan varði í níutíu mínútur en hún hófst yfir landamærum Súdans og Egyptalands í Norður-Afríku og lauk yfir austurhluta Síberíu.

Á þessum tíma stóð geimkapphlaup Sovétríkjanna og Bandaríkjamanna sem hæst og var geimgangan í röð nokkurra sigra sem Sovétríkin unnu við upphaf kapphlaupsins. Bandaríkin bættu þó fyrir ósigurinn og gekk Neil Armstrong meðal annars fyrstur manna á tunglinu rúmum fjórum árum síðar.

Geimgangan gekk þó ekki alveg sem skyldi því Leonov átti í mestu vandræðum með að komast aftur inn í geimflaugina eftir að hafa gengið í geimnum. Búningur kappans virkaði ekki sem skyldi og hitnaði svo mikið að sviti safnaðist fyrir inni í honum sem náði upp að hnjám Leonovs. Einnig heppnaðist lendingin ekki svo vel því félagarnir lentu í miðri Síberíu og þurftu að dvelja nótt aleinir innan um grimma úlfa áður en björgunarliðið náði til þeirra.



**MIKLAR FRAMFARIR HAFA ORÐIÐ Í GEIMGÖNGUM SÍÐAN 1965.**

## MERKISATBURÐIR

**1706** Landlæknisembættinu er komið á fót og Bjarni Pálsson skipaður fyrsti landlæknirinn.

**1772** Fyrsti lyfsalinn er skipaður hér á landi og opnar Björn Jónsson apótek sem fyrst var í Nesi við Seltjörn.

**1926** Útvarpsstöð hefur útsendingar í Reykjavík, fjórum árum áður en Ríkisútvarpið er sett á laggirnar.

**1962** Frakkar og Alsíringar skrifa undir samning sem bindur enda á Alsírsstríðið.

**1971** Hæstiréttur Danmerkur kveður upp úrskurð í handritamálinu og þau fyrstu eru afhent Íslendingum mánuði síðar.

**1989** 4.400 ára gömul múmía finnst í Keops-pýramídanum í Egyptalandi.

## ANDLÁT

**Málfríður Hannesdóttir**, áður til heimilis á Víðimel 21, Reykjavík, andaðist á hjúkrunardeild Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 8. mars.

**Halldóra Árnadóttir** lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 13. mars.

**Guðný Ingveldur Benediktsdóttir** lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þriðjudaginn 14. mars.

**Haraldur Brynjólfsson**, Aflagranda 40, áður til heimilis á Faxabraut 70, Keflavík, lést á Kanaríeyjum þriðjudaginn 14. mars.

**Sigurður Zophoníasson**, Borgarheiði 16, Hveragerði, lést á Sjúkrahúsi Suðurlands mánudaginn 6. mars.

**Jónas Jónasson** fyrrum starfsmaður Flugleiða, Skólavörðustíg 46, Reykjavík, lést af slysförum á Kanaríeyjum mánudaginn 13. mars.

## JARÐARFARIR

14.00 **Sigtryggur Jósefsson**, Breiðumýri, verður jarðsunginn í Einarsstaðakirkju.

14.00 **María Kristjana Angantýsdóttir**, Öldustíg 3, Sauðárkróki, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju.

14.00 **Smári Hlíðar Baldvinsson**, Borg, Reykhólahreppi, verður jarðsunginn frá Reykhólakirkju.

14.00 **Vilhelm Marselíus Friðriksson**, Hlíðarvegi 45, Siglufirði, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Gísladóttir**

Helgamagrastræti 42, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. mars kl. 13.30.

**Pálmi B. Aðalbergsson** **Björk Lind Óskarsdóttir**
**Andrés V. Aðalbergsson** **Ólöf Konráðsdóttir**
**Stefán Aðalbergsson**
**Guðmundur Páll Pálmason**
**Snorri Pálmason** **Kristín Sesselja Kristinsdóttir**
**og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gísli Hauksteinn Guðjónsson**

fyrrverandi flugumferðarstjóri,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 12. mars sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 22. mars nk. kl. 15.00.

**Þuríður Jónsdóttir**
**María Guðrún Gísladóttir**
**Margrét Gísladóttir** **Pétur Grétarsson**
**Guðjón Gíslason** **Jóhanna Þorbjörnsdóttir**
**Gísli Jón Gíslason** **Kristín Helgadóttir**
**Kristín Gísladóttir** **Valdimar Grímsson**
**Gísli Helgason** **Anna María Helgadóttir**
**Hjörtur Jóhann Vignisson**
**Berglind Pétursdóttir**
**Alexandra Guðjónsdóttir**
**Karlotta Guðjónsdóttir**
**Rakel Guðjónsdóttir**
**Helena Kristinsdóttir**
**Helgi Már Gíslason**
**Sunneva Gísladóttir**
**Esther Ösp Valdimarsdóttir**
**Andrea Valdimarsdóttir**
**Grímur Valdimarsson**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
**- allt að 50% afsláttur**
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



**JÓHANN R. BENEDIKTSSON** Er strax byrjaður að undirbúa fimmtugsafmælið þar sem haldið verður mikið húllumhæ. 45 ára afmælinu ætlar hann þó bara að fagna í faðmi fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

JÓHANN R. BENEDIKTSSON SÝSLUMAÐUR: ER 45 ÁRA Í DAG

# Gleðst í faðmi fjölskyldunnar

„Ég er mjög sáttur við það,“ segir Jóhann R. Benediktsson sýslumaður á Keflavíkurflugvelli um afmælið en hann er 45 ára í dag. Hann lítur á daginn sem góð tímamót enda er hann ánægður með reynslubankann sem safnast í með árunum. „Mér finnst ég ráða betur við sumt af því sem ég geri í dag en ég gerði fyrir nokkrum árum síðan,“ segir hann.

Að mati Jóhanns hefur hann ekki verið nógu duglegur að halda upp á afmælið sitt en hyggur að það muni breytast. „Ég ætla að vera duglegri við það hér eftir enda finnst mér mikilvægt að hitta vini og ættingja sem oftast. Maður á að nota slík tímamót til að brydda upp á hversdaginn og gera sér glaðan dag.“ Að þessu sinni verður glaði dagurinn gerður í faðmi fjölskyldunnar og á rólegu nótunum. Jóhann þarf nefnilega að hlaða veislubatteríin þar sem þegar er byrjuð löng atrenna að fimmtugsafmælinu. Nákvæm útfærsla á veisluhöldunum eftir fimm ár liggur ekki fyrir enn. „En ég hef góðan tíma til að ákveða mig,“ segir Jóhann og hlær. „Allavegana stendur til að hafa talsvert húllumhæ.“

Alvöru afslöppun er þó ekki hluti af afmælishöldum Jóhanns í ár enda er ýmislegt einfaldara fyrir sýslumann en að fá hvíld fyrir sálartetrið. „Eina leiðin í mínu starfi til að fá smá frí er að fara á þau svæði innanlands sem ekki eru í farsímasambandi. Þá get ég loksins slakað almennilega á.“ Jóhann tekur sérstaklega fram að ekki sé nóg að slökkva á símanum, hann verði að vera utan þjónustusvæðis. „Þá fyrst kemst almennilegur friður á sálartetrið,“ segir hann og bætir við að þegar maður sé með starfsemi á höndum sem er vakandi allan sólarhringinn geti farsíminn verið harður húsbóndi.

Aðspurður um hvort hann eigi góða minningu frá afmælisdegi segir Jóhann að þrítugsafmælið sitt hafi verið mjög eftirminnilegt og skemmtilegt. „Þá voru ákveðin tímamót í mínu lífi því við hjónin vorum um það bil að flytjast erlendis,“ segir Jóhann. „Langt var liðið fram í nóttina,“ segir hann svo dulúðlega og bætir við að hann hafi líklega ekki gert allt sem þau gerðu þá í núverandi starfi sínu. „Það var nú allt samt tiltölulega saklaust en við skulum segja að reglurnar hafi verið aðeins beygðar þegar tók að líða fram á morgun,“ segir Jóhann og kímir. Hann vill ekki gefa upp hvað gerðist nákvæmlega þessa afmælisnótt fyrir fimmtán árum. „En það var sérstaklega ákveðinn sundstaður sem heillaði.“



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Halldóra Árnadóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 13. mars. Útför hennar verður frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 21. mars klukkan tvö.

**Hörður Bergmann** **Dórothea S. Einarsdóttir**
**Árni Bergmann** **Lena Bergmann**
**Stefán Bergmann** **Helga Hrönn Þórhallsdóttir**
**Jóhann Bergmann** **María J. Gunnarsdóttir**



†

*Okkar elskulega frænka og mágkona,*

**Jóna I. Hansen**

dönskukennari, Hraunbæ 90,

verður jarðsunginn frá Neskirkju næstkomandi þriðjudag kl. 15. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.

**Þ. Magnús Nielsson Hansen**
**Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen**
**Guðbjörg Nielsdóttir Hansen**
**Þórður G. Hansen**
**Guðlaug Kristófersdóttir**

# Vaxtalaus tilboð

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

COLCHON DUPEN

DINAMICA



### VAXTALAUS TILBOÐ

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 1.800 kr* | 13 mán. | 23.400.- |
| 120 x 200 | 2.300 kr* | 13 mán. | 29.900.- |
| 150 x 200 | 2.800 kr* | 13 mán. | 36.400.- |

COLCHON DUPEN

ORTOPEDICA



### VAXTALAUS TILBOÐ

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.500 kr* | 13 mán. | 45.500.- |
| 120 x 200 | 4.600 kr* | 13 mán. | 59.800.- |
| 150 x 200 | 5.100 kr* | 13 mán. | 66.300.- |
| 180 x 200 | 6.000 kr* | 13 mán. | 78.000.- |

COLCHON DUPEN

IMPERIAL



90 x 200
53.300 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200
65.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

150 x 200
76.700 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

180 x 200
100.100 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 4.000 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 40.000,-

**Kommóða**
gegnheil eik



**Spegill**
á standi
2.900 kr



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 1.500 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 15.000,-

**Náttborð**
gegnheil eik
48x48x70



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 2.000 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 20.000,-

**Náttborð**
gegnheil eik
53x35x76

Gildir til 20. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Fjármálafyrirtækin hafa verið drifkraftur hagsældar síðustu ára

**Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, segir krónuna ekki henta bankanum og það verði skoðað með opnum huga hvort bankinn verði íslenskur eða evrópskur í framtíðinni. Bankinn hyggst losa um krosseignatengsl við Exista. *Hafliði Helgason* ræddi við Sigurð um bankann, fjármálaumræðuna og þátt fjármálafyrirtækja í velgengni undanfarinna ára.**

**SIGURÐUR EINARSSON STJÓRNARFORMAÐUR KAUPÞINGS BANKA** Sigurður segir bankann gjalda fyrir að vera íslenskur banki og hafnar krónunni sem framtíðarmynt. Hann segir til skoðunar að bankinn verði skráður sem evrópskt félag fremur en sem íslenskt.



Íslenskir bankar hafa vaxið að umfangi og fært út kvíarnar undanfarin ár. KB banki hefur margfaldast að umfangi síðustu árin og haslað sér völl í Bretlandi og á Norðurlöndum. Það fer ekki hjá því að órum vexti og sífellt meiri fyrirferð á mörkuðum í nágrannalöndunum fylgi aukin athygli og hún ekki öll jákvæð.

Íslenskir bankar og þá ekki síst Kaupþing banki hafa verið stotspónar greiningardeilda erlendra fyrirtækja og blaða. Meðal þess sem mátt hefur lesa er að á íslenska markaðnum séu krosseignarhald og vensl einkennandi fyrir markað sem vaxið hafi allt of hratt. Bankarnir séu veikir fyrir ef krónan og innlend hlutabréf falli í verði. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, hafnar öllum slíkum vangaveltum. „Bankinn er ótrúlega sterkur og ótrúlega mikið laust fé í bankanum, þannig að við getum haldið út í 78 mánuði, án þess að gefa út skuldabréf til að fjármagna okkur,“ segir hann.

**Taugaveiklun**

Sigurður segir þessa umræðu um bankana frá greiningardeildum hafa komið á óvart. „Við höfum að undanförnu unnið að því að kynna bankann fyrir erlendum hlutabréfafjárfestum með þokkalegum árangri. Erlendir fjárfestar, sjóðir og slíkir hafa verið að koma í hluthafahóp bankans. Við lítum á bankann sem vaxtarfyrirtæki og teljum að hann muni vaxa hratt og örugglega áfram. Til þess að það megi takast þurfum við að breikka hluthafahópinn svo við getum tekist á við frekari stækkun.“

Sigurður segir að sterk fjárhagsleg staða og gott aðgengi að mörkuðum hafi gert það að verkum að forsvarsmenn bankans hafi ekki talið þörf á að kynna sig sérstaklega fyrir skuldabréfagreindnum fjármálafyrirtækja. „Í ljósi þess sem gerðist verður að segja að við lásum ekki þá stöðu rétt og við verðum að sinna þessum aðilum betur.“ Hann vísar í danska ráðherrann Mogens Lykketoft, sem sagði starfsmenn á fjármálamarkaði taugaveiklaðar kerlingar. „Án þess að ég vilji gera líkingu hans að minni, þá er ég hræddur um að meiningin sé rétt hjá honum.“

**Þjóðin tekið risastökk**

Afleiðingin var umræða um fjármálafyrirtækin og krónuna sem leiddi til þess að gengi krónunnar lækkaði og gengi bréfa á markaði einnig. Sigurður segir að þrátt fyrir þetta hafi bankinn hækkað frá áramótum, eins og reyndar vísitalan í Kauphöllinni. „Ef maður las Moggann gæti maður haldið að hér hefðu markaðir fallið um 30 til 40 prósent frá áramótum, en staðreyndin er sú að vísitalan hefur hækkað yfir tíu prósent frá áramótum og bankinn um fimmtán prósent.“

Sigurður segir það gagnlegt að líta um öxl þegar umræðan er metin. „Frá 1995 hefur þjóðarframleiðslan aukist um fimmtíu prósent, atvinnuleysi er ekki til og skuldir ríkissjóðs eru hverfandi. Þjóðin hefur tekið risastökk í kaupmætti og svo má lengi telja. Hvert er vandamálið? Er þetta rosa slæmt ástand í þjóðfélaginu?“ segir hann og vísar til neikvæðrar umræðu um bankana og viðskiptalífið.

Danskir fjölmiðlar hafa verið afar neikvæðir í garð íslensku bankanna. „Við þekkjum slíka umræðu gagnvart okkur frá því fyrir tíu árum hér á landi. Þá var Kaupþing eitt allra minnsta fjármálafyrirtækið. Við fórum úr þeirri stöðu í að vera langstærsta og öflugasta fyrirtæki landsins. Það gerist auðvitað ekki þegjandi og hljóðalaust. Við stigum á tærnar á einhverjum og ég ætla ekki að útiloka að við höfum stundum gengið of hart fram. Við fengum að kenna á þeirri umræðu. Sama gerðist þegar við fórum til Svíþjóðar.“ Þá var hluthöfum JP Nordiska ráðið frá því að eiga bréf í Kaupþingi. Virði bréfanna hefur áttfaldast frá þeim tíma. „Þá var gagnrýnin sú að við ættum allt of mikið af óskráðum bréfum. Þegar við keyptum FIH var það gagnrýnt að við hefðum vaxið of hratt. Nú eigum við að vera háð kerfisbundinni áhættu á Íslandi, þó að allir sem hafa fylgst með okkur, þar með talið Moody's, Fitch og flestir íslenskir fjölmiðlar, þó ekki allir, viti það að við erum ekki háðir kerfisbundinni áhættu af íslensku krónunni. Það kemur fram í ársreikningum okkar að við erum búin að verja okkur gegn veikingu krónunnar.“ Hann segir það hafa komið á óvart hversu óvandaðar greiningarnar hafi verið, þar sem hafi verið horft framhjá upplýsingum sem auðveldlega mátti lesa í ársreikningum. „Við getum hins vegar tekið til okkar gagnrýni um að bæta upplýsingagjöf og höfum þegar byrjað á því.“

**Krónan gengur ekki**

Kerfisbundna áhættan sem minnst er á í greiningunum er áhætta af íslenskuefnahagsástandi. „Skýrsla Fitch um efnahagslífið var hroðvirknislega unnin og ekkert nýtt í henni. Hér í bankanum vorum við búin að vara við þessu fyrir tveimur árum, þar sem við bentum á hættuna af því að skulda í erlendum myntum móti eignum í íslenskum krónum.“ Skýrslan hafði hins vegar áhrif. „Það er mjög slæmt í ljósi þess hversu lítið við erum viðkvæm fyrir íslensku efnahagslífi. Við erum í raun viðkvæmari fyrir umræðu um Múhameðsteikningarnar í Danmörku.“ Sigurður bætir því við að slík umræða skaði bankann. „Við erum með ákveðna viðskiptahugmynd sem tefst við slíka umræðu. Við hefðum ekki lent í þessari umræðu ef við værum ekki íslenskur banki.“

Stjórn Kaupþings banka hefur í þessu ljósi velt fyrir sér möguleika á því að félagið verði skráð sem evrópskt félag fremur en íslenskt. „Slík breyting tekur langan tíma, en það væri meira lýsandi fyrir hvers konar félag við erum og við munum skoða það með opnum huga. Sama gildir um hvar við erum skráð í kauphöll. Það verður einnig skoðað með opnum hug. Við tökum ákvörðun með það að leiðarljósi hvar hag hluthafanna er best borgið.“ Hann segir bankann helst vilja vera skráðan í Kauphöll Íslands og gagnrýnir að ekki hafi verið farið í viðræður um sameiningu við OMX-kauphöllina. „Ég skil það ekki. Útlendingar vilja ekki eiga viðskipti hérna og hluti af því er þessi fáránlega íslenska króna.“

> *Í ljósi árangursins er alveg magnað að heyra stjórnmálamenn tala um það að fjármálafyrirtækin hafi farið of hratt og stjórnvöld þurfi að grípa til ráðstafana. Um hvað eru menn að tala? Áttum við að sitja heima?*

**Eins og að selja fisk**

Sigurður segist ekki sjá það fyrir sér að við höldum krónunni og að myntin muni ekki henta fyrirtæki eins og KB banka. „Umhverfið er gjörbreytt og fyrirtækin í dag þrífast á því að starfa í evrópsku umhverfi. Við sjáum þvílíkum verðmætum það hefur skilað inn í íslenskt samfélag. Bara Kaupþing hagnaðist um tæpa fimmtíu milljarða í fyrra og sjötíu prósent koma frá útlöndum. Þetta er ekkert öðruvísi en að selja fisk í útlöndum. Það virðist ekki vera komið inn í huga fólks að svo sé. Í ljósi árangursins er alveg magnað að heyra stjórnmálamenn tala um það að fjármálafyrirtækin hafi farið of hratt og stjórnvöld þurfi að grípa til ráðstafana. Um hvað eru menn að tala? Áttum við að sitja heima? Ég held að menn ættu að horfa á þetta jákvæðari augum. Fyrirtækin hafa farið fram og skilað miklum arði til samfélagsins. Þetta þjóðfélag hefur gengið með ólíkindum vel síðustu fimmtán ár og leitun á öðru eins. Fjármálafyrirtækin hafa verið drifkrafturinn í þeirri þróun og ég held að menn ættu að hætta að sparka í þau og viðurkenna í stað þess að þetta séu bara ágætis fyrirtæki.“

**Úreltir bankar**

Sigurður segir Kaupþing banka vera á góðri leið með að verða stærsti fjárfestingarbanki í Danmörku og markaðshlutdeild á öðrum mörkuðum sé mjög vaxandi. „Halda menn að þetta gerist án þess að samkeppnisaðilarnir grípi til einhverra ráðstafana? Verulegur hluti af umræðunni í Danmörku er af þessum sökum. Við erum að kljást við risana á dönskum fjármálamarkaði með góðum árangri og það gerist heldur ekki þegjandi og hljóðalaust. Samsetning tekna okkar er svipuð og tíðkast hjá Deutsche Bank og fleiri bönkum sem hafa gengið best í heiminum. Það kemur sér ágætlega fyrir okkur að stóru bankarnir í Danmörku hafi ekki trú á okkar módeli. Ég held ég verði að segja það hreint út að þeirra módel sé úrelt.“ Kaupþing banki hefur lánað fyrirtækjum, en jafnframt fjárfest í þeim. „Það er enginn grundvallarmunur á útlánaáhættu og markaðsáhættu af eign í fyrirtækjum. Minnið er stutt, því bankakreppan sem bankar á Norðurlöndum lentu í var vegna lítilla gæða í útlánum.“

Eitt af því sem verið hefur gagnrýnt í erlendri umfjöllun er meint krosseignarhald á íslenska markaðnum. Hluti af þeirri umræðu er vegna framvirkra samninga sem skráðir eru á nafni bankanna, enda þótt raunverulegir eigendur séu aðrir. Sigurður segir að framvirka samninga eigi ekki að nota sem varanlega fjármögnun eignarhluta. „Það hefur ekki tíðkast hjá okkur.“

**Existubréfin í arð**

Krosseignarhald er hins vegar á milli Exista og Kaupþings banka. „Það er rétt. Við eigum 19 prósent í Exista og þeir rúm 20 prósent í okkur. Hluturinn er bókfærður í bankanum á 6,7 milljarða, en innra virði Exista er margfalt meira. Því má leiða líkur að því að eigið fé bankans sé vanmetið sem mismuninum nemur. Þetta krosseignarhald er ekki á grundvelli neins valdaspils fyrir bankann. Stjórnin hefur því rætt það hvort ekki sé kominn tími á að leysa það eignarhald upp. Við munum vinna að því finna lausn á því og höfum átt í viðræðum við eigendur Exista með það að markmiði að Exista verði skráð á markað og eign Kaupþings banka verði greidd hluthöfum bankans sem arður.“

Kaupþing banki ætlar að vaxa frekar á mörkuðum sínum. Bankinn hefur verið orðaður við tvö fjármálafyrirtæki sem mögulegur kaupandi; Sampo í Finnlandi og Storebrand í Noregi. „Ég get ekkert sagt um það,“ segir Sigurður. „Þetta eru mjög áhugaverð fyrirtæki sem hafa gengið vel.“ ■

# 12 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

3

Þrefaldur pottur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 12 milljónir króna.

Það getur allt gerst.

Lottó

lotto.is

ENNEMM / SÍA / NM20971




**BJÖRGUNIN HAFIN** Fyrsta hífingin og þyrlan er næstum yfir brú Goðans. Í björgunarstólnum eru Ómar Sigtryggsson, Níels Hansen og Jesse Goerz sigmaður.

# Þakka þér fyrir að bjarga pabba m

**Að kvöldi 9. janúar 1994 voru sjö manna áhöfn á björgunarskipinu Goðanum og björgunarsveitarmenn frá Eskifirði við störf í Vöðlavík á Austfjörðum. Verið var að reyna að ná Bergvík VE 505 á flot, en báturinn hafði strandað í víkinni hinn 18. desember. Aðfaranótt 10. janúar tókst að draga bátinn frá fjöruborðinu en skipstjórinn Kristján Sveinsson ákvað þá að bíða með frekari aðgerðir vegna versnandi veðurs.** ***Svavar Hávarðsson*** **lítur til baka og rifjar upp þær ótrúlegu mannraunir sem biðu áhafnarinnar á Goðanum þennan dag og fórnfýsi þeirra sem að björgun þeirra stóðu.**

Goðinn fékk á sig mikinn brotsjó klukkan sex um morguninn. Kristján skipstjóri lýsti atburðarásinni í viðtali við sjómannablaðið Víking. „Það fór allt sem farið gat í fyrsta brotinu, brúin var eins og eftir sprengju. Öll tæki í brúnni rifnuðu upp. Brotið reið yfir og tíu mínútum eftir það vorum við strandaðir, þá var ekkert annað til ráðs en að reyna að þrauka.“




Stuttu seinna reið annað brot yfir Goðann og brúin hálffylltist af sjó. Sjórinn hreif Geir Jónsson, stýrimann í afleysingum og tengdason Kristjáns skipstjóra, með sér og aðrir sem þar voru gátu ekkert gert honum til aðstoðar þegar hann sogaðist út um brúardyrnar bakborðsmengin og hvarf í hafið. Lík hans fannst síðar um daginn í fjörunni í Vöðlavík.

### Á brúarþakinu

Þeir sem eftir voru gátu komið sér fyrir í klefa skipstjórans sem var aftan við brúna. Þar klæddu þeir sig í björgunargalla og biðu þess sem verða vildi. „Ég held að flestir hafi rætt við Guð á sinn hátt,“ sagði Kristbjörn Guðlaugsson í viðtali við Óttar Sveinsson rithöfund. „Við vorum nú farnir að gera okkur grein fyrir hversu ástandið var alvarlegt. Brotsjóirnir gengu yfir skipið og inn í brúna og saltur sjórinn fossaði inn í myrkvað herbergið þar sem við höfðumst við. Skipið var sest á botninn.“

Um hálf tíu voru brotin orðin svo stór og þung að þau sprengdu upp hurðina inn í klefann. Ekki var um annað að gera fyrir mennina sex en að forða sér upp á brúarþakið. Þegar þangað var komið gerðu sexmenningarnir sér fyrst grein fyrir veðurhamnum. Rokið stóð upp í víkina og brimskaflarnir voru allt upp í tíu metra háir. Þeir bundu sig við skorsteininn í einum hnapp þar sem eina skjólið var að fá. Þegar brotin gengu yfir skipið létu þeir hvorn annan vita og reyndu að standa eins þétt saman og þeir mögulegast gátu. Efst í huga þeirra var dauðinn og fjarlæg von um björgun.

### Þyrlur á leiðinni

Björgunarsveitamennirnir í fjörunni áttuðu sig á atburðum næturinnar klukkan níu um morguninn en möguleikar þeirra til að koma áhöfninni á Goðanum til aðstoðar voru engir vegna veðurhamsins. Þeir, eins og mennirnir um borð, gerðu sér grein fyrir því að björgun var útilokuð nema úr lofti.

Í Keflavík voru tvær þyrlur úr björgunarsveit bandaríska flotans að leggja í æfingaflug með suðurströndinni. Rétt áður en farið var í loftið fékk Jim Sills, flugforingi og leiðangursstjóri, þau skilaboð frá stjórnstöð að beiðni um aðstoð hefði borist frá Austurlandi. Þegar búið var að meta aðstæður var ákveðið að leggja af stað og sigmenn, spilmenn og læknir ræstir út.

Veðrið á leiðinni austur var það versta sem hinir vönu flugmenn höfðu upplifað á löngum ferli. Stuttu eftir að lagt var af stað fréttu þeir að íslenska björgunarþyrlan hafði þurft að snúa við vegna ísingar og það sama átti við um eldsneytisvél sem átti að fylgja þeim á leiðinni. Þeir neyddust því til taka eldsneyti á Höfn í Hornafirði.

Veðrið fór sífellt versnandi eftir því sem austar dró. „Þegar við komum á móts við Skeggtinda yfir Lónsvík hófst tryllingsleg ókyrrð. Þyrlan varð hreinlega stjórnlaus. Mér leist ekkert á þetta. Vélin féll í átt til jarðar og missti stöðugt hæð. Það var líkt og við flugmennirnir sætum í stólum uppi á hárri byggingu og létum okkur falla saman fram af og gripum í stólarmana hvor hjá öðrum á leiðinni niður. Við áttum ekki eftir nema 30 metra niður á jörð þegar vélin hætti loks að missa hæð. Ég hafði aldrei lent í neinu þessu líku þótt ég væri búinn að fljúga þyrlum í tíu ár,“ segir Blumentritt flugstjóri í viðtali við Óttar Sveinsson, en Blumentritt stjórnaði seinni þyrlunni á móti Jim Sills.



**BJÖRGUNARSKIPIÐ GOÐINN** Hér er Goðinn með gamlan síðutogara í togi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

Í fjörunni í Vöðlavík fréttu björgunarsveitarmennirnir að þyrlur voru á leiðinni. Þeir komu skilaboðum til sexmenninganna á brúarþakinu með því að rétta út hendurnar til að líkja eftir þyrluspöðum og snúa sér í hringi. Þessi sérkennilega aðferð bar tilætlaðan árangur en farið var að draga verulega af skipbrotsmönnunum. Þeir voru gegndrepa og kaldir, sandur og olía fylltu öll vit þegar sjórinn gekk yfir þá.

### Björgunin

Þegar Blumentritt flaug þyrlu sinni inn í Vöðlavíkina sá hann hverjar aðstæðurnar voru í fjörunni. „Ég varð agndofa. Hópur manna stóð uppi á brú skipsins sem var hálfsokkið í briminu.“ Þegar var hafist handa við björgun áhafnarinnar við erfiðar aðstæður. Veðrinu á slysstaðnum lýsti annar flugstjórinn sem „kraumandi víti“ og skyggnið var ekkert. Jesse Goerz sigmaður var látinn síga niður á brúarþakið þar sem mennirnir stóðu í hnapp. „Ég horfði í augu sjómannanna til að fá viðbrögð þeirra og vísbendingu um hvernig þeim liði. Ég reyndi að ná athygli þeirra. Mér fannst tveir þeirra ekki vilja eða geta horft á mig. Það var augljóst að þeir voru mjög hraktir. Maður, sem greinilega var skipstjórinn, horfði fast á mig og beið átekta.“ Þeir sem verst voru haldnir af sexmenningunum, Ómar Sigtryggsson og Níels Hanssen, voru hífðir frá brúnni fyrstir. Ekki var hægt að taka þá um borð í þyrluna svo þeir voru ferjaðir upp á sandinn þar sem urðu fagnaðarfundir við björgunarsveitarmennina. Jim Stills, sem hafði tafist á Höfn, var nú kominn og lenti á sandinum með lækni. Í annarri ferð Blumentritt voru Marijan háseti og Sigmar matsveinn ferjaðir í land og gekk það vel. Þriðju ferðina út að Goðanum fór Jim Stills en þegar Kristján skipstjóri og Kristbjörn Guðlaugsson voru komnir í björgunarstólinn tók



FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI GUÐJÓNSSON



BJÖRGUNARÞYRLURNAR Í FJÖRUNNI Í VÖÐLAVÍK
FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI GUÐJÓNSSON

# ínum

þyrlan dýfu í veðurhamnum svo þeir stungust niður í ískaldan sjóinn. Allir sem til sáu héldu að mennirnir færust en þegar þyrlan hækkaði flugið komu þeir úr kafi, óskaddaðir. Þeim var komið í land sem og sigmönnunum tveimur sem fóru síðastir frá borði.

**Bílastæði í Neskaupstað**
Aðeins hálfur sigur var unninn. Læknirinn taldi að tveir skipbrotsmannana þyrftu að komast strax á sjúkrahús þar sem hann óttaðist að þeir hefðu ofkælst. Björgunarþyrlurnar fóru því af stað og tóku stefnuna á Egilsstaði. En veðrið var svo slæmt að ljóst var að þyrlurnar næðu aldrei þangað, það eina sem skipti máli var að finna einhvern stað til að lenda á. Þyrluflugmennirnir sáu ljós úti í sortanum og tóku stefnuna þangað en á leiðinni voru þær báðar nálægt því að hrapa til jarðar.

Ljósin komu frá Neskaupstað og þrátt fyrir að lítill flugvöllur sé í firðinum var enginn tími til að leita að honum í sortanum. Bandarísku flugmennirnir lentu því vélum sínum á bílaplani í miðjum bænum, íbúum til mikillar furðu. Fólk hópaðist að og sjúkrabíll kom áhöfninni á Fjórðungssjúkrahúsið á staðnum. Áhöfnum þyrlnanna var tekið opnum örmum og þeim komið í húsaskjól. Björguninni var lokið.

**Viðurkenning**
Flughafnirnar tvær fengu fjölda viðurkenninga fyrir björgunarafrek sitt og þar á meðal fyrir að fara árangursríkustu flugferð í öllum flugher Bandaríkjahers árið 1994. Jesse Goerz sigmaður metur þó eina viðurkenningu sem hann fékk umfram allar aðrar. Það var árituð mynd frá lítilli dóttur eins skipverjanna á Goðanum. Á myndinni stendur: „Þakka þér fyrir að bjarga pabba mínum.“

*Heimildir: Óttar Sveinsson, Útkall 6, Sjómannablaðið Víkingur 1994*






# Í IÐRUM JARÐAR

Maðurinn og náttúran eru eitt. Hafa sama stóra hjartað. Af moldu ertu kominn og að moldu muntu aftur verða. Virðing fyrir lífinu í allri sinni dásemd er lykilorðið. Þá gengur flest að óskum, en til þess þarf samning við Guð og menn, álfa og huldufólk, stjórnvöld og umhverfissinna þegar krukka skal í náttúruna, bora í hana og stífla, breyta og móta að þörfum mannsins. ***Vilhelm Gunnarsson*** ljósmyndari fylgdi iðnu mannfólki og góðum vættum um undraveröld náttúrunnar neðanjarðar í Fljótsdal og Kárahnjúkum.



**LJÓSIÐ SEM LÝSIR** Heilög Barbara, verndardýrlingur gangamanna í Kárahnjúkavirkjun lýsir upp fagurt bergið.

**Í TRAUSTI STEINSTEYPU OG GÓÐRA VÆTTA** Jón Þór eftirlitsmaður umlukinn þröngum vatnsleiðara þar sem hann gengur inn að vél 3 í virkjunarhúsinu á Fljótsdal.



**VATNSVEGUR ORKUNNAR** Séð inn í göngin Distributor-1 þar sem austfirskur vatnskraftur mun fossa strítt inn um rör til virkjunarinnar.



**MANNHEIMAR Í FJALLI** Séð inn í aðkomugöng Fljótsdalsvirkjunar í Valþjófsstaðafjalli.



**KÍKT Í GÖNGIN** Eftirlitsmenn í Access gallery-göngunum.



**MÖGUR GRAUTARGÖNG** Eftirlit á gangi um svonefnd grautargöng sem liggja undir távegg Kárahnjúkastíflu.



## REYNUM AÐ PLATA STRÁKANA Í SPORTIÐ

Skautadans er ung íþrótt á Íslandi. Sólveig Dröfn Andrésdóttir æfir og þjálfar skautadans.

HEILSA 6

## SÆNSKUR DRAUMUR SEM RÆTTIST

Þegar Christian Von Koenigsegg var tvítugur var hann búinn að hanna frumgerðina að draumabílnum sínum sem við þekkjum í dag sem Koenigsegg CC.

BÍLAR 3



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[BÍLAR OG HEILSA]**

**Sýningarferð** B&L um Austfirði lýkur á morgun og hafa þá samtals níu staðir verið sóttir heim. Sýningarferðin hófst síðastliðinn fimmtudag og er því rúmlega hálfnuð en í dag verða Reyðarfjörður og Fáskrúðsfjörður sóttir heim og á morgun Eskifjörður ásamt Neskaupstað, sem er jafnframt síðasti áfangastaðurinn.

**Atlantsolíuhlaupið** fer fram í fyrsta skiptið í dag. Hlaupið verður frá bensínstöðinni á Sprengisandi og hring um Elliðaárdalinn. Spáin er ágæt og tilvalið fyrir fjölskylduna að mæta. Borgarstjóri mun ræsa hlaupið klukkan 10.30.

**Málþing** verður haldið í Hringsal Barnaspítala Hringsins á morgun. Málþingið er haldið í tilefni af útkomu bókar Örnu Skúladóttur, Draumaland, sem fjallar um svefn og svefnvandamál barna, og hefst þingið klukkan 14.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 18. mars, 77. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.36 | 13.36 | 19.37 |
| Akureyri | 7.21 | 13.20 | 19.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Meðlimir í bílaáhugaklúbbnum Live2Cruize stóðu nýlega fyrir hópakstri til að vekja athygli á öryggismálum í umferðinni. Á myndinni eru Fannar, Halldór, Hörður, Stefán, Páll og Vilhelmína.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Engan hraðakstur

***Bílaáhugaklúbburinn Live2Cruize vill aksturs- og æfingasvæði fyrir unga ökumenn.***

Fyrir skemmstu fóru yfir 300 bílar í hópakstri um Sæbrautina í Reykjavík. Tilgangurinn var að vekja fólk til umhugsunar um þau alvarlegu slys sem orðið hafa í umferðinni á undanförnum árum. „Það hafa til dæmis orðið mörg slys það sem af er þessu ári og mikið af ungu fólki hefur látið lífið í umferðinni,“ segir Steven Páll Rogers í bílaáhugaklúbbnum Live2Cruize sem stóð fyrir hópakstrinum. „Við höfðum samband við aðra áhugamannaklúbba og úr varð frábært samstarf. Í það heila tóku um 600 til 1.000 manns þátt í akstrinum.“

Páll vonar að aðgerðir sem þessar hjálpi til við að knýja fram breytingar. „Við viljum til dæmis að gerð verði aksturs- og æfingasvæði. Þar gætu ungir ökumenn fengið að æfa sig við margs konar aðstæður og jafnvel fengið útrás fyrir hraðaþörfina. Dæmi um slíkt er að finna í mörgum löndum. Í Bretlandi eru sérstakir dagar opnir almenningi á svona brautum. Þá þurfa allir að sækja stutt námskeið áður en þeim er hleypt á brautina og fylgja þeim reglum sem þar eru.“

Páll segist telja að hraðakstur á götum sé vaxandi vandamál um þessar mundir. Æfingabraut gæti komið í veg fyrir að ökumenn setji sjálfa sig og aðra í hættu með glæfraakstri. Hann geri sér þó grein fyrir að slík braut kosti peninga. „Hún þarf ekki að vera stór. Eins eða eins og hálfs kílómetra hringur væri nóg til að byrja með og ef dæmið rekur sig sjálft er hægt að byggja við seinna. Hvað eru líka margir golfvellir á Íslandi, eða fótboltavellir og jafnvel risaíþróttahallir? En ekkert aksturs- og æfingarsvæði fyrir ökumenn.“

Páll segir það ekki skjóta skökku við að bílaáhugamenn á kraftmiklum bílum berjist gegn hraðakstri. „Við erum ekki hraðafíklar þó að við viljum eiga flotta bíla. Við erum kannski ekki mikið í því að leggja fólki lífsreglurnar en ef fólk brýtur lög fær það að heyra það. Við viljum færa hraðakstur af götunum og inn á lokað, öruggt svæði,“ segir Páll að lokum.

ELÍSABET VILL BARA ÁNÆGÐA VIÐSKIPTAVINI

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.




ENGIN SKILYRÐI UM ÖNNUR BANKAVIÐSKIPTI

4,35% VEXTIR

LÁNUM TIL KAUPA EÐA ENDURBÓTA

FRJÁLS ÍBÚÐALÁN

**Frjáls íbúðalán** eru verðtryggð fasteignalán með föstum **4,35%** vöxtum sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Þú hagar öðrum bankaviðskiptum eins og þér sýnist og kaupir nýtt húsnæði eða endurskipuleggur fjárhaginn. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í síma **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**.

DÆMI UM MÁNAÐARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 kr.*

| Lánstími | 5 ár | 25 ár | 40 ár |
|---|---|---|---|
| 4,35% vextir | 18.575 kr. | 5.474 kr. | 4.400 kr. |

*Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Fíton/SÍA F1015128

**Rúðuþurrkur** eru meðal þess sem gott er að yfirfara núna eftir sérlega blautan vetur. Hægt er að spara smá fjárútlát með því að þrífa blöðin vel en skítugar og skemmdar rúðuþurrkur geta valdið slysum. Í leiðinni væri gott að athuga hvort allar perur séu heilar og hvort nægur rúðuvökvi sé á bifreiðinni.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

ALLT Á EINUM STAÐ
• VETRARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

BIFREIÐASTILLINGIN
Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Mazda6
Eigum fyrirliggjandi nýja vel útbúna Mazda6.
Komdu og skoðaðu. Viðurkenndur þjónustuaðili.
RÆSIR HF. sími 540 5400 Opið laugardaga 12-16.


Íslenski hópurinn á Nürburgring í fyrra en búist er við að hann verði mun stærri í ár. MYND/PÁLL ÖNUNDARSON

# Sjáðu Schumacher á heimavelli hans

***Formúlan hófst um síðustu helgi og helst þótti árangur Michaels Schumacher tíðindum sæta eftir slakan árangur í fyrra. Ferðaskrifstofan Ísafold stendur fyrir ferð á heimavöll Schumachers, Nürnburgring, í byrjun maí.***


Frá Nürburgring-keppninni í fyrra, þar sem hart var barist sem endranær.
MYND/PÁLL ÖNUNDARSON

Formúluvertíðin hófst um síðustu helgi og er óhætt að segja að hún hafi farið vel af stað. Þótt Fernando Alonzo hafi nappað sigrinum frá Schumacher í Barein er greinilegt að hann er farinn að sýna klærnar á ný og ætlar sér greinilega stærri hluti í ár en í fyrra. Enda síðustu forvöð fyrir hann ef hann ætlar á ný að komast í fremstu röð, þar sem því hefur verið haldið fram að þetta verði hans síðasta keppnistímabil í formúlunni.

Heimavöllur Michaels Schumacher, sem gengur undir gælunafninu „Schumi“ meðal samlanda sinna, er Nürburgring í suðvestanverðu Þýskalandi. Ef Schumacher ætlar sér að hætta þátttöku í formúlunni eftir þetta keppnistímabil er honum trúandi til að sýna hvað í honum býr á heimavellinum og reyna að endurheimta fyrsta sætið sem hann hampaði á Nürburgring 2000 og 2001.

Þessi sögufrægi hringur er upprunalega frá árinu 1927 og hefur æ síðan verið vettvangur mikilla tíðinda og þróunar í mótorsportinu. Hér gerðu „Silfurörvarnar“ (Silberpfeil) frá Mercedes-Benz garðinn frægan á fjórða áratug síðustu aldar og aftur áttu þær sitt blómaskeið á sjötta áratugnum. Þessu tímabili eru gerð góð skil í safninu „Erlebniswelt“ þarna á staðnum.

Þeir sem áhuga hafa á að vera á staðnum og fylgjast með keppninni á Nürburgring 2006 geta skráð sig í fjögurra eða fimm daga formúluferð hjá ferðaskrifstofunni Ísafold en þessi ferðaskrifstofa efndi einnig til ferðar á Nürburgring í fyrra. Þar gefst meira að segja heppnum þátttakanda kostur á að fara hringinn með ökuþór úr formúlunni í sérútbúnum brautarbíl frá BMW. Fararstjórar verða Ólafur Guðmundsson, sem var einn dómara á Nürburgring í fyrra, og Jón Baldur, sem er bíltæknifræðingur með menntun frá Þýskalandi.

Jón Baldur, sem einnig fór með hópnum í fyrra, segir að helsta breytingin í ár verði sú að hópurinn verði stærri. „Því verður enn meiri hópstemning á hótelinu og annars staðar. Ég held að það eigi eftir að verða mikið fjör á hótelinu ekki síður en á brautinni.“ Jón Baldur telur líka að hann og Ólafur eigi eftir að vera reynslunni ríkari frá því í fyrra. „Ólafur veit allt um formúluna og því verður hægt að dæla úr hans viskubrunni,“ segir Jón Baldur að lokum, greinilega fullur tilhlökkunar.

*steinthor@frettabladid.is*

# Volvo S60 rutt úr vegi

***Stærri S40 og nýr S80 þrengja að S60 bíl Volvo.***

Nýr Volvo S80, sem kynntur var í Genf fyrr í mánuðinum, gæti leyst S60 bílinn af hólmi. Volvo hefur ekki enn tekið ákvörðun þess efnis en nýr hönnunarstjóri framleiðandans, sem á meðal annars heiðurinn að Mercedes Benz SL, telur rétt að herja á sportbílamarkaðinn í stað þess að bjóða margar svipaðar útgáfur af fjölskyldubílum.

Árið 2010 kemur út ný útgáfa af S40 bílnum sem fyrirséð er að verði lengri en núverandi útgáfa. Hann verður því nánast jafn stór og S60. Bilið upp í S80 verður 30 sentimetrar, kannski of lítið til að keppast við að halda S60 þar á milli. Ástæðan fyrir stækkun S40 er hins vegar fyrirhuguð breyting á S30 línunni sem felur í sér að hann verður boðinn í fleiri útgáfum. Hann kemur því til með að fylla það pláss sem S40 situr í núna.

Það kemur mörgum á óvart að Volvo ráðist í allar þessar stækkanir og tilfærslur í framleiðslulínu sinni og óttast að það gæti haft áhrif á fyrirætlanir fyrirtækisins um 300% söluaukningu á næstu þremur árum.


Stækkanir á minni útgáfum Volvo valda því að S60 gæti dottið út úr framleiðslulínunni.



Svo fallegur, svo kraftmikill. Alla tvítuga stráka dreymir um svona bíl, en aðeins einn hannaði hann.

# Sænskur draumur sem rættist

*Ofurbíllinn Koenigsegg er ekki afurð risastórrar hönnunardeildar, heldur tvítugs Svía.*

Hvaða tvítugan strák dreymir ekki um hraðskreiða bíla? Þegar Christian Von Koenigsegg var tvítugur var hann kominn skrefinu lengra en flestir jafnaldrar hans: Hann var búinn að hanna frumgerðina að draumabílnum sínum, bílnum sem við þekkjum í dag sem Koenigsegg CC.

Það hefur sína kosti að vera af auðugu fólki kominn og Christian gat ráðið til sín færustu tæknimenn og hönnuði sem hjálpuðu honum að smíða bíl sem um tíma átti hraðamet fjöldaframleiddra bíla, 388 km/klst. Metið hrifsaði hann úr höndum ekki minni bíls en McLaren F1.

Árið 2000 var fyrsti fjöldaframleiddi Koenigsegg bíllinn afhentur eiganda sínum. Bíllinn heitir CC8S, er 650 hestöfl og með hámarkshraða upp á 390 km/klst. Í dag er einnig hægt að fá aðra útgáfu, CCR, sem er 806 hestöfl og hámarkshraðinn er gefinn upp sem „meira en 395 km/klst".

Nú er von á þriðja bílnum, CCX, sem frumsýndur var í Genf fyrr í mánuðinum. Ætla má að hann fái það hlutverk að ná aftur hraðametinu úr höndum Bugatti Veyron.

Christian er í dag 32 ára og hefur skapað sér nafn sem allir sportbílaaðdáendur, hvar sem er í heiminum, þekkja og virða. Þrátt fyrir að vera sænskur er ekkert Volvo-legt við bíla hans, nema kannski að báðir bílarnir eru smíðaðir út frá sömu tveimur útgangspunktum; að vera öruggir og þægilegir í akstri. Þar með sleppir samlíkingunni.

Fyrir utan einvalalið tæknimanna hefur Christian líka notið dyggrar aðstoðar eiginkonu sinnar, Halldóru Tryggvadóttur, sem er af íslenskum ættum eins og nafn hennar gefur til kynna. Ekki er víst að það hafi verið íslenska útrásargenið sem var kveikjan að því að Christian lét draum sinn rætast en hvað sem það var eru sportbílaáhugamenn um allan heim honum þakklátir.

Koenigsegg er ekki bara einn fallegasti og hraðskreiðasti bíll veraldar, hann er líka sönnun þess að einn lítill Svíi með stóra drauma er megnugur um jafn mikið og risastórir bílaframleiðendur með tugþúsundir starfsmanna. Og í tilfelli Christians Von Koenigsegg, aðeins meira.

# Fjölskyldusamtök sniðganga Ford

*Mótmæla auglýsingum beindum til samkynhneigðra.*

Um nokkurt skeið hefur bílaframleiðandinn Ford, ásamt öðrum fyrirtækjum undir sama hatti, birt auglýsingar sem ætlað er að höfða til samkynhneigðra kaupenda. Að auki hefur fyrirtækið lagt málefnum samkynhneigðra stuðning, til dæmis með því að viðurkenna hjónaband þeirra sem fjölskylduform og styrkja baráttuhreyfingar með háum fjárstyrkjum.

Allt hefur þetta aflað fyrirtækinu vinsælda meðal samkynhneigðra. Tuttugu mismunandi íhaldssöm fjölskyldusamtök í Bandaríkjunum eru þó ekki eins hrifin af uppátækinu. Þau hafa safnað tveimur milljónum undirskrifta einstaklinga sem hafa samþykkt að sniðganga Ford og bíla þess.

Aðstandendur mótmælanna segjast hafa reynt að ná samkomulagi við Ford um að hætta að gera samkynhneigð hátt undir höfði en án árangurs. „Ford á vissulega fullan rétt á því að styrkja samtök samkynhneigðra. Á sama hátt eiga neytendur rétt á að sniðganga fyrirtækið," segir í yfirlýsingu hópsins.

Mótmælin koma yfirmönnum Ford ekki á óvart. „Okkur finnst sjálfsagt að höfða til samkynhneigðra fjölskyldna. Við reynum að ná til fólks með nútímalegt lífsviðhorf," segir Thomas Anderson, aðstoðarforstjóri Volvo í Bandaríkjunum, undirdeildar Ford. „Við vitum að Volvo-eigendur eru ekki allir eins. Fjölskylda getur þýtt svo margt annað en hefðbundin fjölskylda."

Þó að Ford, sem selur sautján milljónir bíla á ári í Bandaríkjunum, viðurkenni að fyrirtækið megi illa við því að vera sniðgengið af tveimur milljónum viðskiptavina eru ekki uppi nein áform um að hætta að birta auglýsingarnar.



Samansafn íhaldssamra fjölskyldusamtaka í Bandaríkjunum hefur fengið tvær milljónir manna til að sniðganga Ford eftir að fyrirtækið tók að höfða sérstaklega til samkynhneigðra sem markhóps.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.


**Framsæknir og reynslurík með ábyrgð**

www.toyota.is



**Peugeot 407 W/G**
F. skráð. 07/2005, ekinn 9.000 km
**Vél:** 3000cc V6, sjálfskiptur
**Verð:** 2.890.000 kr.



**Isuzu Trooper**
F. skráð. 10/2002, ekinn 83.000 km
**Vél:** 3000cc, 5 Gíra
**Verð:** 2.150.0000 kr.



**Renault Megane II Sport Tourer**
F. skráð. 07/2004, ekinn 22.000 km
**Vél:** 1600cc, 5 gíra
**Verð:** 1.920.000 kr.



**Nissan Primera L/B Acenta**
F. skráð. 06/2004, ekinn 43.000 km
**Vél:** 1800cc, sjálfskiptur
**Verð:** 1.790.000 kr.



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
F. skráð. 06/04, ekinn 59.000 km
**Vél:** 4000cc, sjálfskiptur
**Verð:** 3.950.000 kr.
Bensín



**Toyota Land Cruiser 100**
F. skráð. 07/2002, ekinn 51.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 4.490.000 kr.



**BMW X3**
F. skráð. 11/2005, ekinn 5.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 4.990.000 kr.



**Toyota Hilux**
F. skráð. 09/2005, ekinn 9.500 km
5 gíra
**Verð:** 3.390.000 kr.
35" Breyting, hús og prófílbeisli



**Audi A4 W/G**
F. skráð. 02/2005, ekinn 12.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 3.390.000 kr.
Viðarklæðning í mælaborð
Ambition leðurinnrétting, skriðstillir, xenon ljós og sóllúga



**Ford Galaxy Trent**
F. skráð. 05/2004, ekinn 28.000 km
5 gíra
**Verð:** 1.890.000 kr.
2 barnasæti

**Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar,**
**- sjá nánar á www.toyota.is notaðir bílar.**

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.



## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

# Aðeins eitt tækifæri

Það gerðist fyrir mörgum, mörgum árum. Þegar ég var í framhaldsskóla. Ég gekk inn í skólann einn morguninn og fann strax að eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Einhver óskýranleg tilfinning lá í loftinu. Þung og harmþrungin. Skólabróðir okkar hafði látið lífið í bílslysi kvöldið áður. Ekki vegna glæfraaksturs. Bara á röngum stað á röngum tíma.

Seinna um daginn sat vinkona hans í bíl hjá mér. „Af hverju spennirðu ekki bílbeltið á þig strax?“ spurði hún þegar hún sá að ég dró það þangað til ég var kominn af stað. „Bara, ávani,“ svaraði ég. „Svolítið hættulegur ávani,“ svaraði hún til baka. Ég held ég hafi aldrei fengið eins áhrifamikil skilaboð í eins fáum orðum.

Þessi unga stúlka sem hafði orðið fyrir svo miklum missi skildi á þessum degi sem aldrei fyrr að lífið er ekkert til að leika sér með. Við fáum bara eitt tækifæri. Og með tveimur stuttum setningum kom hún mér í skilning um það líka.

Það sem af er þessu ári höfum við óþarflega harkalega verið minnt á hvað þarf lítið út af bera til að lítil mistök endi með skelfilegum hætti. Fimm einstaklingar hafa týnt lífinu í umferðinni. Sjaldnast við einn eða annan að sakast. Bara á röngum stað á röngum tíma.

Fréttir af slíkum atburðum ættu að vera okkur öllum áminning um að það er aldrei of varlega farið. Við erum aldrei alveg örugg, en getum gert ýmislegt til að minnka hættuna. En það ættu allir að vita að það gerist ekki að sjálfu sér. Hægja örlítið á okkur, auka bilið í næsta bíl lítillega, gefa stefnuljósin tímalega, gefa sénsa, hafa augun á veginum, hugann við umferðina... og vera alltaf með bílbeltin spennt. Alltaf. Oft þarf ekki meira til að hættustuðull okkar snarminnki.

Ég veit að þetta er gömul tugga. Ég veit að það vita þetta allir. Samt sér maður svo oft einhvern sem virðist vera búinn að gleyma því.

Ég og þú, við skulum taka að okkur að breyta þessu. Næst þegar við erum í bíl hjá einhverjum sem hefur gleymt því að hann á bara eitt tækifæri skulum við minna hann á það. Ekki vegna þess að við erum afskiptasöm, heldur vegna þess að við viljum ekki sjá fleiri liggja í valnum. Allra síst góða vini eða vandamenn.



Audi Q7 er kærkomin viðbót í Audi-fjölskylduna.

# Fyrsti Audi jeppinn frumsýndur í dag

***Audi Q7 er fjölhæfur jeppi með sportbílaeiginleika.***

Bílaumboðið Hekla frumsýnir í dag Q7, fyrsta jeppann úr smiðju Audi. Q7 sameinar sportleg einkenni og fjölhæfni, háþróaðan tæknibúnað og önnur þau gæði sem einkenna bíla í lúxusflokki.

Á vegum úti sýnir bíllinn allar bestu hliðar sportbíls, bæði hvað varðar afköst og akstursseiginleika. Í utanvegaakstri setur hann ný viðmið í sínum flokki.

Hægt er að velja um tvær vélastærðir í Audi Q7; 4,2 lítra V8 vél, sem skilar 350 hestöflum og togar 440 Nm, og 3.0 sex strokka dísilvélin sem er 233 hestöfl og togar 500 Nm. Allir bílar eru búnir sex gíra tiptronic sjálfskiptingu.

Í Audi Q7 njóta farþegar einstaklega mikils innra rýmis. Hægt er að raða sætum og hleðslurými á 28 mismunandi vegu. Þá er bíllinn hlaðinn staðalbúnaði. Sem dæmi má nefna quattro drifrás með sídrifi og aldrifi, ABS bremsukerfi, akstурstölvu, Bi-Xenon aðalljós, Bluetooth handfrjálsan símabúnað, ESP stöðugleikastýringu og fjarlægðarskynjara.

Sýningin verður í húsakynnum Heklu að Laugavegi 174 og stendur frá klukkan 10.00 til 17.00 í dag.



Suzuki Swift hefur varla undan við að vinna til verðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Swift fær verðlaun

***Suzuki Swift hefur unnið 27 viðurkenningar og verðlaun.***

Frá því að nýr Suzuki Swift kom á markaðinn á síðasta ári hafa tímarit, samtök og aðrir keppst við að verðlauna hann.

Bílnum var sérstaklega ætlað að herja á Evrópumarkað en góðar viðtökur þar gáfu aðeins forsmekkinn. Nú er svo komið að bíllinn ber alls 27 titla og viðurkenningar sem honum hafa verið veittar um allan heim.

Swift er stærri en Yaris en minni en Golf. Staðalbúnaður er ríkulegur og mikil áhersla er lögð á öryggi og góða umgengni.

Bíllinn var nýlega kosinn bíll ársins á Íslandi af samtökum bílablaðamanna og þótti bera höfuð og herðar yfir keppinauta sína.

Flest verðlaunanna gefa bílnum viðurkenningu sem „bíll ársins“ en hin lúta mörg að hönnun, hagkvæmni og hagstæðu verði. Í Japan fékk hann líka nafnbótina „skemmtilegasti bíllinn“.

**Suzuki Swift hefur hlotið viðurkenningar og verðlaun í eftirtöldum löndum:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ástralía | 1 sinni | Malasía | 1 sinni |
| Belgía | 1 sinni | Nýja Sjáland | 2 sinnum |
| Kína | 6 sinnum | Sviss | 1 sinni |
| Ísland | 1 sinni | Bretland | 1 sinni |
| Indland | 8 sinnum | | |
| Japan | 4 sinnum | | |





B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

# Fleiri Veyron í framleiðslu

*Eftirspurn eftir sportbílnum Veyron er meiri en gert var ráð fyrir.*

Bugatti Veyron er kraftmesti fjöldaframleiddi bíll götunnar. Fjöldaframleiðsla er greinilega teygjanlegt hugtak því upphaflega voru uppi áform um að framleiða fimmtíu bíla á ári. Vinsældir þessa 1001 hestafla ofurbíls eru slíkar að Bugatti hefur aukið framleiðsluna í sjötíu bíla á ári.

Fyrir flesta bílaframleiðendur væru tuttugu bíla aukaframleiðsla ekki stórar fréttir. Ef haft er í huga að þetta jafngildir 40% aukningu, og að stykkið kostar 84 milljónir íslenskar krónur úr verksmiðjunni, mætti halda að Bugatti hefði orðið allfeitan hest til reiðar.

Sögusagnir herma þó að bíllinn kosti mun meira í framleiðslu - það sé hinsvegar kappsmál fyrir Bugatti að geta boðið stolt sitt og yndi til sölu og því sé verðið „ekki hærra“.



Bugatti Veyron. Hestaflið kostar tæpar 84.000 krónur – á niðurgreiddu verði, segja sögusagnir.

Biðtími eftir bílnum er nú 14-15 mánuðir en það er greinilega til nóg af kaupendum með ofgnótt af peningum og tíma því að eftirspurn linnir ekki. Flestir bílanna fara til Bandaríkjanna, sérstaklega Suður-Kaliforníu og New York.

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430



BMW M Z4. Bíll af þessari tegund var milljónasti BMW-bíll sem framleiddur er í Bandaríkjunum.

# Milljón BMW seldir

*Milljón bíla markinu var náð í bandarísku BMW-verksmiðjunni fyrir skemmstu.*

BMW í Bandaríkjunum framleiddi nýlega milljónasta bílinn, aðeins tólf árum eftir að verksmiðjan var reist.

Sá milljónasti var af gerðinni Z4 M Roadster, hraðskreiður blæjubíll sem fer úr kyrrstöðu í hundraðið á 4,9 sekúndum. Það er þó fyrirséð að bíllinn fer seint í hendur hraðafíkla því að honum hefur verið fundinn staður í BMW safninu í Spartanburg, sömu borg og verksmiðjan er í.



Opel – vandaðastur í Þýskalandi.

# Opel eykst hróður

*Opel bílar koma vel út úr könnunum.*

Samkvæmt nýlegri könnun þýska bílatímaritsins Auto Bild þykja Opel bílar vönduðustu bílarnir í Þýskalandi í dag. Könnunin tók mið af áreiðanleika, langtímagæðum, þjónustu og ánægju viðskiptavinanna.

Opel hefur komið vel út úr könnunum undanfarið og meðal annars verið stimplaður með lægstu bilanatíðnina af öllum evrópskum bílaframleiðendum.

Skúli Sigurðsson, þjónustustjóri Ingvars Helgasonar, segir að átak Opel í gæðamálum undanfarin ár sé að skila sér.

Auto Bild notar margar mismunandi leiðir til að finna bestu bílategundina í árlegri gæðakönnun sinni og má þar nefna skoðanakönnun sem nær til 24.000 bíleigenda, TÜV-skýrsluna og niðurstöður langtímaprófana á bílum.

allt
atvinna
Alla sunnudaga



**Skór** eru mjög mikilvægir í íþróttum. Skórnir verða að henta íþróttinni sem er verið að æfa svo að engin hætta sé á meiðslum.








Sólveig horfir björtum augum á framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Reynum að plata strákana í sportið

***Skautadans er nokkuð ung íþróttagrein á Íslandi. Uppgangur hefur verið í greininni síðustu ár þó að mikill skortur sé á strákum.***

„Það er þvílíkur uppgangur í skautadansi núna,“ segir Sólveig Dröfn Andrésdóttir um íþróttina á Íslandi. Hún er sjálf að æfa og þjálfa skautadans ásamt því að læra sjúkraþjálfun. Á Íslandi eru þrjú skautafélög starfrækt, Skautafélag Reykjavíkur í Laugardalnum, Björninn í Egilshöllinni og Skautafélag Akureyrar. Sólveig hefur æft með Skautafélagi Reykjavíkur, SR, í níu ár og þjálfað þar síðustu þrjú árin.

Skautadans er ung íþróttagrein hérlendis. Listhlaupadeild SR var stofnuð árið 1992 og enn hafa engir Íslendingar farið út í atvinnumennsku í greininni. „Við erum ekki alveg komin á þann standard enn. Það hefur samt verið ótrúleg framför núna á síðastliðnum árum,“ segir Sólveig. Fyrir þremur árum var farið að senda fólk á Norðurlandamót og enn fremur hafa Íslendingar tvisvar keppt á heimsmeistaramóti í samhæfðum skautadansi. „Við erum eina liðið á Íslandi í samhæfðum skautadansi. Ég veit að Skautafélag Akureyrar og Björninn hafa verið að reyna að koma upp liði en þau eru fámennari en við. Við þurftum því bara að keppa við okkur sjálfar á Íslandi. Okkur gekk alveg ágætlega á mótinu, allavega miðað við aðstæður. Flest liðin æfa alla daga vikunnar og geta valið úr skauturum. Það er ekki alveg sama sagan með okkur, við þurfum eiginlega að safna saman fólki til að vera í liðinu,“ segir Sólveig.

Um 100 krakkar eru í byrjendaflokki SR og nánast jafn margir í framhaldshópum. Af þessum 200 manna hópi eru þó strákar mjög sjaldséðir. „Það eru um sex strákar hjá SR og þeir eru allir ungir. Þegar strákarnir verða um tólf ára er farið að stríða þeim og þeir hætta. Við erum alltaf að reyna að plata einhverja stráka en það vill enginn koma til okkar,“ segir Sólveig hlæjandi að lokum.

mariathora@frettabladid.is


HREYFIGREINING

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstílsnámskeið
- Frábær staðsetning

# Árangur, ánægja og línurnar í lag

## Viltu laga línurnar?

**Hreyfigreining Höfabakka** býður frábæra aðstöðu til líkamsræktar og sjúkraþjálfunar. Öll þjálfun er unnin af fagfólki. Í átaksnámskeiðum er innifallinn aðgangur að opnum tímum og tækjasal, tími með þjálfara í tækjasal, fitumælingar og þrekpróf, regluleg vigtun, matardagbók og hreyfingardagbók.

## Líkamsrækt

Frábær aðstaða fyrir þá sem vilja æfa á eigin vegum á þægilegum stað. Fjöldi opinna tíma. Skoðið stundaskrá fyrir vorið 2006 á www.hreyfigreining.is

## Hvað segir fólkið sem notar þjónustuna:



***Skynsamlegasta ákvörðun sem ég tók á árinu var að byrja á átaksnámskeiði hjá Hreyfigreiningu.*** *Mæli heilshugar með þessu frábæra námskeiði fyrir þá sem hafa átt erfitt með að koma sér af stað í líkamsrækt og temja sér nýjan lífsstíl. Leiðbeinendur eru frábært fagfólk.*

Áslaug Guðmundardóttir



***Frábært námskeið, hjá frábæru fólki, á frábærum stað.*** *Í formi til framtíðar er námskeið sem ég get hiklaust mælt með. Þetta námskeið er hnitmiðað þar sem eingöngu fagfólk sér um þjálfun og fræðslu þannig að árangurinn skilar sér. Sú þekking og sá árangur sem fékkst á námskeiðinu á örugglega eftir að nýtast mér í framtíðinni.*

Steinunn Ósk Konráðsdóttir



*Þegar ég ákvað að fara í átak og hreyfa mig reglulega varð Hreyfigreining fyrir valinu. Nokkur atriði skiptu máli þegar ég var að velja. Ég vildi ekki æfa í stórri stöð þar sem er mjög margt fólk og mikill hávaði.* ***Ég vildi líka fara á lokað námskeið þar sem sami hópurinn æfir alltaf saman undir leiðsögn menntaðra kennara.*** *Ég er mjög ánægð með árangurinn og mun örugglega halda áfram að æfa í Hreyfigreiningu.*

Anna Berglind Þorsteinsdóttir

## Ný námskeið hefjast 20. mars

## Í formi til framtíðar

Bókanir eru hafnar í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur. Bæði fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið. 10 vikna námskeið (3 námskeið).

## Bumban burt

Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. 10 vikna námskeið.

## Móðir og barn

Bókanir eru hafnar í 6 vikna námskeið sem hefjast 21. mars.

## Skoðið stundaskrá á www.hreyfigreining.is




**Tilboð fyrir alla**

3ja mán. kort kr. 14.900

til 30. mars Opnir tímar, tækjasalur

HREYFIGREINING HÖFÐABAKKA

Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is


# Of mikill sykur

ÍSLENDINGAR INNBYRÐA MIKIÐ AF SYKRI Á HVERJUM DEGI OG ERU BÚNIR AÐ SETJA MET Í SYKURÁTI.

Búið er að tala mikið um sykurneyslu þjóðarinnar og höfum við sett Norðurlandamet í sykuráti. Seinustu ár hefur þjóðin verið að þyngjast og getur það verið í kjölfarið af meiri sykurneyslu. Miða á sykurneyslu við að 10% dagsorkunnar komi úr sykri, eða 50 grömm á dag sem jafngildir sykurmagni í hálfum lítra af gosi.

Dagsorkan ætti að vera rétt blanda af góðum orkugjöfum. Prótín ætti að að veita að minnsta kosti 10% af orkunni. 10% orkunnar ætti að koma úr fitu, þó helst góðu fitunni. Kolvetni skal vera um 55-60% af heildarorku dagsins og inni í því eru 10% sem sykurinn fær. Einnig ætti að innbyrða um 25 grömm af fæðutrefjum á dag og ekki meira en 5 grömm af salti.

Ekki ætti endilega að hætta algerlega sykurneyslu en hafa skal í huga að þónokkuð er af viðbættum sykri í venjulegri matvöru eins og ávaxtasöfum, morgunkorni og fleiru.

Hægt er að nálgast upplýsingar um sykurneyslu og heilsusamlega neyslu á www.lydheilsustod.is.




Fólk innbyrðir sykur í allskonar formi.

kl. 13-15
– Hfj



fjögurra hæða fjölbýl-
sem eru sér og sam-
Vandaðar innréttingar.
í apríl 2006, án gólf-

HÖFÐI
uðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000
tin Pétursdóttir, lögg. fast.sali

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

**LAUTASMÁRI 5**
**200 Kópavogur**
**OPIÐ HÚS Á MORGUN**
**sunnudag kl. 15 - 17.**
**Borgþór og Björk taka á móti ykkur, bjalla merkt 72**





Glæsilega þriggja herbergja íbúð við Lautasmára í Kópavogi. Eldhúsið og stofan eru samliggjandi. Innréttingar eru úr mahóní og sprautulakkaðar hurðir í hvítu og gráu. Eikarparket er á gólfum. Herbergi eru tvö. Baðherbergið er flísalagt og er með baðkari með sturtutengi. Svalir eru lokaðar með opnanlegu gleri og gólfið lagt með pallaefni. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Örstutt er í alla þjónustu eins og skóla, leikskóla, stórmarkað og heilsugæslu.

***Nánari upplýsingar veitir Marel í gsm 846-8409.***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109*

Frum

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

**Opið virka daga kl. 9–18**

**SÆLUKOT VIÐ LAUGARVATN**
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 13-17**



Fallegur og góður A-sumarbústaður á grónu eignarlandi á frábærum stað rétt austan við Laugarvatn í um 100 km fjarlægð frá Reykjavík. Stutt í golf, gufu, sund og ýmsa þjónustu og verslanir. **Verð 6,5 millj.**

***Össur og Svandís, sími 895 7155***
***taka á móti gestum og vísa veginn.***
*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

Frum

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

# HVANNARIMI - ENDARAÐHÚS





Fallega innréttað og vandað endahús, sem stendur innst í lokuðum botlanga götunnar fast við Gufuneskirkjugarðinn. Húsið er samtals 180 fm2 með fallegum austur- og suðurgarði. Á jarðhæð er bílskúr með geymslu inn af, anddyri, eitt svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, stofa, eldhús og borðstofa með útgengi út á suðurverönd. Á efri hæð er gott hol með svölum, þar sem að horft er yfir aðalrými hússins, og þrjú svefnherbergi. **V. 42.millj.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri Sími: 8964090

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is

**EINBÝLISHÚS Í SELJARHVERFI ÓSKAST**

Óskum eftir rúmgóðu tveggja íbúða einbýlishúsi fyrir einn af viðskiptavinum okkar. Góðar greiðslur í boði.



*Dan V.S. Wiium*
*sími 896-4013*

***Vinsamlega hafið samband við sölumenn Kjöreignar í s. 533-4040***

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

Frum

NIR

**RDAG KL. 13 - 15**
**HÆÐ HÆGRI**



um 70 fm. þar af íbúð 65,2 fm.
a í kjallara. Einnig sameiginlegt
**Verð 14,4 millj.**




**Frábær staðsetning í Seljahverfi**



# DRAUMAHELGIN
## *Nostalgíuferð til Berlínar*

Sesselju Kristjánsdóttur dreymir um að komast aftur til Berlínar en þar nam hún söng fyrir nokkrum árum. „Annars upplifi ég draumahelgi margra, helgi eftir helgi," segir Sesselja. „Er það ekki draumur að vera prinsessa og ná í prinsinn?" en Sesselja fer með hlutverk Öskubusku í samnefndri uppfærslu Íslensku óperunnar.

Sesselja myndi fara með manninum sínum en hún segir að þessi árstími í Berlín sé mjög skemmtilegur. „Það byrjar senn að vora og lífið færist út á gangstéttarnar og kaffihúsin fyllast," segir Sesselja. „Ég myndi bara eyða tímanum í að þvælast um göturnar og auðvitað hitta gamla vini."

Þegar Sesselja var við nám í Berlín í Hochschule für Musik „Hanns Eisler," sem er í Austur-Berlín, var hún vön að fara á lítinn ítalskan veitingastað sem kallaðist Vino e Libri, eða Vín og bókmenntir. „Ég veit ekki hvort hann er ennþá opinn, ég yrði að kanna það," segir Sesselja.

Óperusenan í Berlín er lífleg um þessar mundir og Sesselju langar að eyða einu kvöldi draumahelgarinnar í að sjá eina sýningu. „Það eru þrjú stór óperuhús í Berlín og fjölmörg grasrótarhús," segir Sesselja þannig að hún ætti ekki að eiga í vandræðum með að finna eitthvað við sitt hæfi.

„Svo myndi ég fara á Kaffi Gorki eða eitthvert af fjölmörgum kaffihúsum Berlínar og fá mér hinn alræmda Berlínar brunch á sunnudagsmorgninum áður en ég flygi heim," segir Sesselja að lokum.

## VISSIR ÞÚ

... að Vincent van Gogh fæddist 30. mars árið 1853 í Zundert í Hollandi.

... að van Gogh er af mörgum álitinn besti málari Hollands á eftir Rembrandt.

... að hann átti litlum vinsældum að fagna í lifanda lífi.

... að hann málaði 900 myndir og 1.100 teikningar. Flestar þeirra vann hann á tíu ára tímabili.

... að van Gogh stundaði nám í guðfræði en gafst upp á því.

... að hann fór að mála fyrir alvöru árið 1880.

... að hann umgengst í París málara á borð við Edgar Degas, Camille Pissarro, Emile Bernard og Paul Gauguin.

... að van Gogh þjáðist af geðsjúkdómi, líklega geðhvarfasýki.

... að hann skar af sér eyra í æðiskasti.

... að hann framdi sjálfsmorð 29. júlí árið 1890.

... að vinsældir hans uxu hratt eftir dauða hans, þá sérstaklega eftir sýningu á 71 málverki árið 1901.

... að í Amsterdam er safn tileinkað málaranum.

... að nokkur verka málarans eru meðal þeirra dýrustu í heiminum.

... að árið 1987 seldist verk eftir hann á 53,9 milljónir bandaríkjadala, og árið 1990 seldist verk hans af doctor Gachet fyrir 82,5 milljónir dala.





Nýtt DIESEL FOR SUCCESSFUL LIVING
Deild
str. 5 – 14 ára





ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



SKÚTA TIL SÖLU
STAÐSETT Á MALLORCA
GOTT VERÐ
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 899 7157






additions
Fatalistinn kominn
Nýjasta tískan
Flottur fatnaður á fjölskylduna
Kíktu á verðin
Þægilegasti verslunarmátinn

BM stórverslunin loksins á Íslandi
Flottur fatnaður á alla fjölskylduna
í litlum og stórum stærðum
Útsala í verslun - Nýtt vísatímabil
BM Austurhrauni 3 Gbæ/Kays húsið
S. 5552866 bm@bmagnusson.is www.bmagnusson.is
Opið mánud.- föstud. 10-18, laugard. 11-14.



*Tvö Líf verður 1 árs*
*á laugardaginn, af því tilefni bjóðum við 15% afslátt af öllum meðgöngufatnaði, léttar veitingar og heimsókn frá Wendy Walet sem mun veita ráðgjöf.*
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

Einstakt tækifæri til þess að eignast kínverska listmuni beint frá framleiðendum
SÖLUSÝNING Á HÁGÆÐA HANDGERÐU KÍNVERSKU POSTULÍNI
Úti- eða inniblómapottar - myndir - lampar - vasar - skálar og fleira



White like jade
Bright as mirror
Thin as paper
Sound like a chime
JINGDEZHEN HENGFEN SALES EXHIBITION CO. LTD
Sýningin hefur verið framlengd
20% afsláttur
Hlíðasmári 15, Kópavogi.
Sími 895 8966.
Opið alla daga frá kl. 9-22.

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hver er munurinn á bakteríu og veiru?

Bakteríur og veirur eru líffræðilega gjörólíkar og óskyldar. Bakteríur eru dreifkjarna frumur sem eru oftast færar um að lifa sjálfstæðu lífi. Þær vinna sér næringu úr næsta umhverfi, þær fjölga sér með skiptingu og margar geta hreyft sig. Algengt er að þvermál bakteríufrumu sé 1 míkrómetri, eða einn þúsundasti úr millimetra.

**Veirur eru ekki frumur**

Þvermál veira er oft 10 sinnum og niður í 100 sinnum minna en þvermál bakteríufrumu. Þær eru ekki frumur og ekki sjálfstæðar lífverur, raunar eru menn ekki sammála um hvort beri að kalla þær lífverur. Oft er talað um veirur sem „sýkjandi agnir“, og frekar sagt að þær séu „virkar“ og „óvirkar“ heldur en „lifandi“ og „dauðar“. Í raun eru þær erfðaefni innan í prótínhylki, ófærar um að fjölga sér sjálfar, en sýkja lifandi hýsilfrumur og stýra starfsemi þeirra á þann veg að þær fara að búa til nýjar veirur í stað þess að sinna reglulegri starfsemi sinni. Stundum veldur veiran dauða hýsilfrumunnar fljótlega eftir sýkingu, en oft kemur erfðaefni veiru sér fyrir í erfðaefni hýsilfrumunnar og truflar eða breytir starfsemi hennar.

Hver veirutegund er mjög sérhæfð með tilliti til hýsilfrumu og ef þær komast ekki inn í rétta frumu geta þær ekki starfað. Segja má að allar lífverur hafi sínar veirur; til eru veirur sem ráðast á bakteríufrumur, aðrar sem ráðast á sveppafrumur, enn aðrar á mannafrumur, plöntufrumur og svo framvegis.

**Hlutverk baktería**

Bakteríur finnast næstum alls staðar; til dæmis eru margar þúsundir til milljónir baktería í hverjum millilítra af sjó, í hverju grammi af mold og á einum fersentimetra á húð okkar. Þær gegna mikilvægu hlutverki í hringrás efna á jörðinni og við að viðhalda jafnvægi í náttúrunni. Margar bakteríur lifa í samlífi við aðrar lífverur og gera þeim gagn, og má þar benda á mjólkursýrubakteríur.

**Hlutverk veira**

Hlutverk og magn veira í náttúrunni hefur minna verið rannsakað, þar eð veirur sjást ekki í venjulegri smásjá sökum smæðar sinnar og erfitt er um vik að rækta þær þegar réttar hýsilfrumur eru ekki þekktar. Það kom mörgum á óvart að mikið fannst af veirum í sjó þegar að var gáð með rafeindasmásjá og nýlegar rannsóknir benda til þess að veirur gegni mikilvægu hlutverki í hringrás efna og örvera í sjónum með áhrifum sínum á aðrar lífverur.

**Eru sýklar og bakteríur það sama?**

Orðin baktería og veira taka til þess um hvers konar lífveru er að ræða, en orðið sýkill tekur til þess hvað hún gerir: Sýkill er örvera sem veldur sjúkdómi. Sýklar geta verið lífverur af flokki veira, baktería, sveppa og frumdýra, sem eiga það eitt sameiginlegt að valda sjúkdómum. Aðeins örlítið brot allra baktería eru sýklar.

*Eva Benediktsdóttir,*
*dósent í líffræði við HÍ*



BRENNISTEINSBAKTERÍUR Í STÖÐUVATNI.

**ERU VIRKILEGA ENN Í GILDI LÖG UM RÉTTDRÆPI TYRKJA Á ÍSLANDI?**

Það er hugsanlegt að í kjölfar Tyrkjaránsins árið 1627 hafi verið gefin út tilskipun eða lög um einhvers konar varnarviðbrögð. Undirritaðri og þeim sögugrúskurum sem hún bar málið undir, er ekki kunnugt um lög af þessu tagi. Á þjóðdeild Landsbókasafnsins er hægt að hafa uppi á tilskipunum frá fyrri hluta 17. aldar og komast að hinu sanna í því máli.

**Tiltekt í lagasafni**

Hafi slík lög einhvern tíma verið í gildi er hins vegar búið að fella þau úr gildi nú. Á árunum í kringum 1990 fór fram umfangsmikil tiltekt í lagasafninu og voru þá felld út ýmis lög sem voru úr sér gengin og jafnvel skopleg í augum nútímamannsins. Þannig er ekki langt síðan lög um aðskilnað holdsveikra frá öðrum mönnum voru felld úr gildi og lög um friðun snæhéra voru lífseig þrátt fyrir að dýr af þeirri tegund hafi aldrei lifað hér!

Lög um réttdræpi Tyrkja voru þó ekki meðal þeirra sem hent var út í hreingerningunni í kringum 1990. Hafi slík lög verið til er því sennilegt að þau hafi verið felld á brott mun fyrr enda ótrúlegt að lög sem stríða svo bersýnilega gegn mannréttindum og réttarvitund almennings hefðu fengið að gilda óáreitt í þeirri vakningu sem varð á sviði mannréttinda á tuttugustu öldinni.

**Réttur til lífs**

En segjum nú sem svo að lög um réttdræpi Tyrkja eða annarra þjóða væru í gildi á Íslandi. Slík lög væru þá ólög því þau gengju gegn stjórnarskránni og ýmsum alþjóðasáttmálum sem Ísland er aðili að. Í stjórnarskránni er kveðið á um að allir skuli njóta mannréttinda án tillits til þjóðernis. Þá er rétturinn til lífs sérstaklega verndaður í ýmsum alþjóðasamningum og sáttmálum, til dæmis má nefna mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hérlendis og alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Einnig er í almennum hegningarlögum lögð refsing við því að bana öðrum manni og skiptir þá engu hvort sá maður er Tyrki, Íslendingur eða einhverrar annarrar þjóðar.

Til gamans má svo bæta því við að „Tyrkirnir“ sem réðust á Ísland voru frá Alsír, Marokkó og fleiri stöðum og því ekki Tyrkir í nútímaskilningi.

*Hildigunnur Hafsteinsdóttir,*
*meistaranemi í lögfræði við HÍ*

Vísindi á verði bíóferðar! Í stað þess að fara með börnunum í bíó á laugardegi er tilvalið að leiða þau inn í heim vísindanna. – Í dag, þann 18. mars, verður fjallað um undur erfðanna í námskeiðaröðinni Undur vísindanna, vísindi handa fjölskyldum á vegum Vísindavefsins, Endurmenntunar og Orkuveitunnar. Næsta laugardag, 25. mars, verður fjallað um undur vísindanna. Þar verður meðal annars skoðað hvað er vísindakenning og hvað gera þær fyrir okkur. Einnig hvernig vísindamenn geta búið til kenningar sem skýra svo fjöldamargt í umhverfi okkar, til dæmis hvernig allt líf geti verið komið af einni rót og hvernig það fær staðist að ekkert fari hraðar en ljósið. Hægt er að skrá sig á vefslóðinni http://www.endurmenntun.is.


IAN ANDERSON




IAN ANDERSON
Plays The Orchestral
JETHRO TULL
í Laugardalshöll 23. maí.

Snillingurinn á bak við Jethro Tull, flautuleikarinn, söngvarinn og lagasmiðurinn
Ian Anderson á stórtónleikum í Laugardalshöll 23. maí,
ásamt eigin hljómsveit og félögum úr Reykjavík Sessions Chamber Orchestra.

**Miðasala á www.midi.is, í verslunum Skífunnar og BT á Akureyri og Selfossi.**
**Aðeins selt í númeruð sæti.**

RÁS 2

performer
www.performer.is

# Um 30 þúsund þjást af fælni

Fælni, eða fóbía, er talin þriðja algengasta geðröskunin hér á landi á eftir alkóhólisma og þunglyndi. **Eiríkur Örn Arnarsson** sálfræðingur telur ekki óvarlegt að áætla að um tíu prósent landsmanna þjáist af einhvers konar fælni, sem raski daglegu lífi meirihluta þeirra. Þeir sem stríða við fælni bera harm sinni í hljóði og forðast að leita sér aðstoðar. *Bergsteinn Sigurðsson* kynnti sér fælni á Íslandi.



**EIRÍKUR ÖRN ARNARSSON** Enginn fæðist fælinn, að sögn Eiríks, heldur verður fólk fælið vegna reynslu sem gerði það skelfingu lostið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

Eiríkur Örn er sálfræðingur hjá sálfræðiþjónustu Landspítala háskólasjúkrahúss og hefur gert rannsóknir á fælni og tíðni hennar hér á landi. „Hugtakið fælni er í sjálfu sér frábært orð og tekur frumheitinu fóbíu langt fram.“ Fóbía er nafn á grískum guði sem stökkti óvinum sínum á flótta en orðið fælni kemur úr hestamennsku sem á merkilega vel við í þessu tilfelli að mati Eiríks Arnar.

„Hestamenn kannast við það þegar hestur fælist skyndilega og tekur á rás. Knapinn nær loksins stjórn á hestinum aftur og útreiðartúrinn heldur áfram. Á leiðinni heim tekur hesturinn sveig frá staðnum þar sem hann fældist. Knapinn gerir sér þá grein fyrir hvað er á seyði, fer af baki og svipast um á staðnum. Gefum okkur að hann finni þar gaddavír sem hefur flækst um fætur hestsins og meitt hann. Hann fjarlægir vírinn, en hesturinn er eftir sem áður fælinn. Þá setur knapinn hestinn á einteyming og teymir hann yfir svæðið, hvíslar í eyrað á honum til að róa hann og gefur honum brauð til að verðlauna hann. Svo fer hann á bak og ríður yfir svæðið nokkrum sinnum og lætur hestinn smám saman greikka sporið þar til hann getur farið yfir svæðið án þess að fælast. Í þessari dæmisögu má finna öll helstu einkenni fælni eins og hún birtist hjá mönnum.“

### Allir geta orðið fælnir

Enginn fæðist fælinn, að sögn Eiríks, heldur verður fólk fælið vegna reynslu sem gerði það skelfingu lostið. Fælni hefur þrjú megineinkenni: Það fyrsta er flótti frá upphaflega staðnum eða aðstæðunum þar sem viðkomandi var gripinn skelfingu, til dæmis lyftu. Annað einkenni er hliðrun. Sá sem er til dæmis haldinn lyftufælni finnur fyrir líkamlegri vanlíðan – einkum hröðum hjartslætti og andardrætti og svimatilfinningu – við það að standa frammi fyrir lyftu. Hann forðast því lyftur og gengur frekar margar hæðir upp stiga. Þriðja einkenni fælni er hugsunin sem tengist þessum aðstæðum. Hægt er að láta detta sér í hug ýmsar svipaðar kringumstæður og maður óttast og hugsunin ein nægir til að framkalla líkamlega vanlíðan. Uppruni fælni er í flestum tilfellum sá að fólk hefur upplifað erfiðar aðstæður þar sem það fylltist skelfingu. „Sú er raunin í um tveimur af hverjum þremur tilfellum, en það er líka hægt að verða fælinn af því að sjá aðra sýna fælniviðbrögð. Ekki er óalgengt að börn foreldra sem þjást af fælni verði það líka. Það er hægt að verða fælinn af því að sjá einhvern sýna fælniviðbrögð úti á götu eða jafnvel í sjónvarpi.“

Hliðrunin er í raun það sem aðgreinir fælni frá venjulegum ótta og skiptir mestu máli í þessu samhengi. Allir geta orðið fælnir og nánast hvað sem er getur valdið henni. Því oftar sem fólk hliðrar sér hjá þeim kringumstæðum sem það óttast, því betur festist fælnin í sessi.

### Fangar á eigin heimili

Fælni er aðallega þrenns konar: Afmörkuð fælni, sem er bundin við afmörkuð áreiti til dæmis ótta við flugvélar, lyftur, dýr og svo framvegis. Afmörkuð fælni er ekki hamlandi nema í návist áreitanna sem um ræðir.

Félagsfælni er klasi af fælni þar sem menn óttast félagslegar aðstæður, til dæmis að vera í margmenni, á fundum, veitingastöðum eða hvar sem reynir á samskipti við annað fólk. Þetta getur reynst mjög hamlandi í daglegu lífi og starfi þeirra sem eru haldnir félagsfælni.

Alvarlegasta tegund fælni er víðáttufælni; þeir sem eru haldnir henni óttast í senn berangur og margmenni. Óttinn endurspeglast meðal annars í því að ef eitthvað kemur fyrir er enginn til bjargar.

„Víðáttufælni getur verið misalvarleg en þegar hún gengur alla leið getur farið svo að fólk þorir ekki út fyrir hússins dyr og verður fangar á eigin heimili,“ segir Eiríkur. „Á Íslandi eru sannarlega dæmi um slík tilfelli, en víðáttufælni getur líka lýst sér í því að fólk fer ekki út fyrir ákveðin radíus í hverfinu sínu, eða að bíllinn verður annað heimili frá heimilinu.“

### Algengari meðal kvenna

Það er erfitt að meta nákvæmlega hversu margir eru haldnir fælni á Íslandi, en Eiríkur Örn telur ekki óvarlegt að áætla að um tíu prósent Íslendinga – það er að segja 30 þúsund manns – þjáist af einhvers konar fælni, flestir af afmarkaðri fælni eða félagsfælni. Hjá meirihluta þeirra hefur fælnin raskandi áhrif á daglegt líf og störf – sumir eru jafnvel óvinnufærir. „Þetta er algengt vandamál

*Víðáttufælni getur verið misalvarleg en þegar hún gengur alla leið getur farið svo að fólk þorir ekki út fyrir hússins dyr og verður fangar á eigin heimili.“*

en fer hljótt, því þeir sem eru fælnir bera harm sinn í hljóði og fyrirverða sig fyrir að geta ekki gert það sem flestir telja sjálfsagt. Það er síður en svo sjálfgefið að fólk leiti sér aðstoðar, það eru mörg dæmi um að fólk hafi strítt við fælni áratugum saman áður en það leitar sér hjálpar.“

Þá er kynjamunur þeirra sem stríða við fælni sláandi, en rannsóknir benda til að hún sé um helmingi algengari meðal kvenna en karla.

„Hluti af skýringunni kann að vera sá að karlar séu ekki jafn viljugir að greina frá vandanum og konum. Munurinn er samt of mikill til að skýrast af þessu. Önnur skýring gæti hugsanlega verið sú að í uppeldinu séu stúlkur verndaðar gegn því sem þær óttast, til dæmis köngulóm eða hrossaflugum, en strákum er sagt að bíta á jaxlinn og læra því að horfast í augu við óttann.“

Eiríkur segir það góða við fælni vera að hún sé meðhöndlanlegt vandamál. „Það má jafnvel hjálpa fólki með einföldum aðferðum. Helsta úrræðið er svokölluð hugræn atferlismeðferð, sem kennir fólki að takast á við hugsanir og líffræðileg viðbrögð sem tengjast kringumstæðum sem það á erfitt með. Höfuðmáli skiptir að fólk horfist í augu við aðstæðurnar og óttann.“ Í sumum tilfellum er lyfjameðferð notuð samhliða hugrænni atferlismeðferð. ■




betra bragð
betri gæði
betra verð

THAI heritage

Allt í tælenska matinn

na na thai

Skeifan 4 · s. 5881818


## Eins og allir séu að gera gys að manni

Undanfarin fjögur ár hefur sjálfshjálparhópur félagsfælinna verið starfræktur í húsi Geðhjálpar að Túngötu 7 þar sem menn hittast einu sinni í viku og fara yfir málin.

„Það var mikill léttir að komast að því að það væru fleiri eins og ég,“ segir Jón Bjarni Jónsson, rafvirki og tengiliður sjálfshjálparhópsins, sem hitti blaðamann ásamt Páli, sem hefur verið í hópnum síðan í haust. Hvorugur þeirra treysti sér til að koma fram á mynd og Páll vildi ekki að föðurnafn sitt kæmi fram.

### Vandamál frá barnsaldri

Í tilfellum þeirra beggja hefur félagsfælnin hrjáð þá frá unga aldri. „Mér leið afskaplega illa í skólanum alveg frá upphafi,“ segir Jón Bjarni. „Þegar ég var sex eða sjö ára þurfti eldri systir mín oft að fylgja mér í skólann og jafnvel sitja inni í stofu með mér. Alla skólagönguna þurfti ég alltaf að undirbúa mig sérstaklega fyrir að vera innan um annað fólk og það var það erfiðasta sem ég gerði.“ Hann fór síðar í tækniskóla en hætti eftir eitt ár. „Ég gat þetta ekki lengur. Einbeitingin var ekki nein, sem er algengt vandamál hjá þeim sem þjást af félagsfælni.“

Páll segir að sitt vandamál hafi hafist þegar hann var tíu ára. „Óöryggi mitt óx í áföngum, sérstaklega eftir því sem á leið og ég þekkti færri og vandinn óx eftir því sem á leið.“ Hvorugur þeirra getur rakið fælnina til sérstaks atviks.

„Stundum verður fólk fælið ef aðrir í kringum það eru það. Móðir mín er vissulega hlédræg, en ekki jafn slæm og ég var.“ segir Jón Bjarni. Hann segir að sem betur fer hafi hann alltaf getað unnið, þótt oft hafi það reynst honum erfitt. „Ég vann sem rafvirki í fyrirtæki föður míns og þurfti að umgangast mikið af fólki. Það var oft erfitt, sérstaklega í kaffitímum þegar fólk safnaðist saman. Þá fór ég oft út í bíl og drakk kaffið mitt einn þar frekar en að þurfa vera innan um annað fólk.“

Páli hefur á hinn bóginn reynst erfitt að halda sig í vinnu og rekur það til félagsfælninnar. „Ég tek hlutina mjög inn á mig, sérstaklega ef ég geri mistök og mikla þau fyrir mér. Það gerir mér oft erfitt fyrir í vinnu.“ Hann stundar hins vegar nám við Háskóla Íslands og oft reynist fælnin honum hamlandi. „Sérstaklega ef ég á að flytja fyrirlestra eða skila ritgerðum. Það finnst mér afskaplega erfitt.“

### Engin úrræði

Jón Bjarni er á sextugsaldri en var greindur félagsfælinn fyrir rúmum áratug. „Ég skánaði mikið við að ganga í hjónaband á sínum tíma og eignast börnin mín, en samt var þetta erfitt. Ég gat til dæmis ekki farið í veislur hjá ættingjum mínum af ótta við að vera innan um fólk. Konan mín ýtti á mig þangað til að ég leitaði til geðlæknis og hann sagði mér það að ég hefði öll einkenni félagsfælni.“ Jón Bjarni fékk hins vegar engar ráðleggingar um hvernig hann ætti að takast á við vandann og stóð eftir jafn ráðalaus og fyrr. „Ég fór að sækja fundi hjá Al-anon því ég vissi að þar var annað fólk sem leið líka illa. Það var styrkur í því að finna að öðrum leið eins og mér, en vandamálið var enn til staðar og ég þorði til dæmis aldrei að stíga í pontu. Ég reyndi það einu sinni, en fór bara að roðna og svitna. Það er það versta sem gerist; þá líður manni eins og allir séu að horfa á mann og gera gys að manni.“

### Verðum að horfast í augu við vandann

Lykilinn að batanum segir Jón hins vegar hafa verið þegar hann fór í áfengismeðferð á Vogi. „Ég var svona helgarsumblari og varð að taka mig á. Það var hins vegar mikil blessun því þar var engin miskunn, heldur var það skylda að fara í pontu á hverjum degi og tala. Trúðu mér, það var erfitt en afskaplega gefandi.“ Jón Bjarni ber það ekki með sér að eiga við félagsfælni að stríða, er öruggur í fasi og framkomu, en segir að þótt himinn og haf skilji að líðan hans núna og áður, finnist honum oft erfitt að vera innan um annað fólk. „Ég held að þetta vandamál hverfi aldrei, en það eina sem þýðir er að horfast í augu við það.“

Þótt ekki sé langt síðan Páll fór að sækja fundi sjálfshjálparhópsins segist hann þegar finna fyrir mun til hins betra. „Þegar ég hitti fólkið hér leið mér ekki lengur eins og ég væri eitthvað „frík“. Við erum öll jöfn hér og samkenndin er mikil.“ Páll er nú í atferlismeðferð þar sem hann lærir að takast á við þær aðstæður sem vekja með honum ótta og er bjartsýnn á framtíðina.

Nánari upplýsingar um sjálfshjálparhóp félagsfælinna má finna á heimasíðu Geðhjálpar, gedhjalp.is.

# Vistvæn brúnegg

Brúnegg

Það er ekki bara brúni liturinn sem gerir þau öðruvísi en hefðbundin egg heldur eru þau vistvæn og undan brúnum hænum. Hænurnar hafa frelsi til að vappa um stórt hænsnahús en verpa í sitt eigið hreiður. Það fer því vel um hænurnar og þær eru sælar með tilveruna.






NÝJUNG!

VISTVÆN

BRÚN EGG

ÚR FRJÁLSUM HÆNUM

Til að vistvæn vottun fáist er lögð sérstök áhersla á velferð hænsnanna og umhverfistengda þætti við framleiðslu á eggjunum.

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*



**FRÁ PÉTURSBORG** Glæsileg rússnesk rétttrúnaðarkirkja sem reist var sem minnisvarði um Nikolai I keisara.



**HEIÐBLÁR HIMINN** yfir hrímhvítri borg.



**VETRARHÖLLIN Í PÉTURSBORG** Fólk virðir fyrir sér sýningu á útskornum ís í 20 stiga frosti.



**MÓÐIR ÝTIR ÁFRAM BARNAVAGNI** og spjallar í farsímann í vetrarkuldanum.

# Þar sem áramótum er fagnað á hverju kvöldi

Valur Gunnarsson upplifir kulda, hrísvendi og ódýran vodka í Pétursborg.

Það er allt til í Pétursborg. Hér er skemmtistaður þar sem áramótum er fagnað á hverju kvöldi og súlústaður þar sem atriði úr Gamla testamentinu eru leikin í og án búninga. Það er allt öfugt í Pétursborg. Löggurnar ræna túrista á götum úti og vændiskonurnar klæðast efnismeiri fötum en aðrar, maður fer inn til að anda að sér fersku lofti og forðast leigubíla til að húkka frekar far með Lödum. Pétursborg kallar á öfgana í öllum, þeir sem drekka í hófi fara að drekka of mikið og þeir sem drekka of mikið hætta alveg.

**Bílunum stungið í samband**

Pétursborg er í aðeins fimm klukkutíma lestarferð frá Helsinki. En um leið og konur í grænum einkennisbúningum og með of mikinn varalit birtast eins og úr undarlegri fantasíu til að skoða vegabréfið er allt breytt. Í Finnlandi er allt eins skynsamlegt og hugsast getur. Allt opnar og lokar tímanlega, gengur hratt fyrir sig og enginn segir meira en þarf, þar til fólk kemur saman um helgar til að drekka og tala eða bara drekka. Hægt er að ferðast um alla miðborg Helsinki neðanjarðar þannig að maður þarf ekki að finna fyrir kuldanum frekar en maður vill. Bílum er stungið í samband á kvöldin og bíða hlýir á morgnana. Finnar losna því við morgunpirring Íslendinga sem er fastur liður stóran hluta ársins, í landi kenndu við ís þar sem veturinn kemur alltaf jafn mikið á óvart.

**Naktir menn með hrísvönd**

Í Pétursborg er kuldinn út um allt. Maður kaupir bjórinn volgan og hann verður kaldur meðan maður drekkur hann. Til að komast í sund þarf vottorð frá lækni sem útdeilir manni ákveðnum tíma einu sinni í viku, aldrei er neitt gefið sem hægt er að gefa út pappíra fyrir. Sumt breytist aldrei. En þekki maður heimamann getur hann tekið mann með í rússneska banyu, þar sem naktir menn berja mann með hrísvöndum gegn vægu gjaldi í sánunni, og spúla mann síðan með ísvatni í besta Gúlag-stíl á eftir. Þeir allra hörðustu sleppa sánunni alveg og stinga sér beint ofan í vök sem skorinn er út í frosinni Nevunni, eða jafnvel berja hvern annan í besta bróðerni í einkaklúbbum sem láta Fight Club líta út eins og málþing hjá Rótarý.

**Þar sem hóstasaftið flæðir eins og vín**

Ekki að undra að allir eru alltaf síhóstandi, enda er það að ganga inn í rússneskt Apteka og biðja um hóstameðal eins og að ganga inn á franskan veitingastað og biðja um vín. Þeir eru með allskonar tegundir, maður þarf að vita hvað maður vill.

Í Pétursborg er vodkinn það eina sem maður getur alltaf treyst á til að halda á sér hita. Maður er aldrei fyllilega edrú og aldrei fyllilega frískur. Á keisaratímanum var áfengiseinokunin stærsta einstaka tekjulind ríkisins. Áfengisbanni var komið á þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út; það var síðasta stríðið sem keisararnir töpuðu.

**Vodkatroikur**

Á Sovéttímanum var verðið eins og allt annað ákveðið að ofan og kostaði flaskan þrjár rúblur, meðan verkamenn fengu greidda eina rúblu á dag fyrir hádegismat. Oft sáust þrír menn standa saman fyrir utan áfengisbúðir í hádeginu. Gorbachev reyndi að beita sér gegn áfengisdrykkju Rússa og banna hana með öllu. Hvorki hann né Sovétríkin stóðu lengi í kjölfarið.

**Stríð, friður og sjónvarp**

En Pétursborg hefur upp á margt annað að bjóða en ódýran vodka. Ungt fólk hér fer á stefnumót í Vetrarhöllinni, einu stærsta listasafni heims, í göngutúra meðfram Nevunni eða á skauta. Það er ekki að undra að fólk á Íslandi sé talið blátt áfram í kynferðismálum. Það er, fjandinn hafi það, ekkert betra að gera.

Einnig er hægt að einbeita sér að annarri alíslenskri afþreyingu hér, að hanga heima og horfa á vídeó. Sjóræningjadiskar koma í búðir áður en að myndir koma í bíó og kosta um 200 krónur íslenskar. Erlend stórfyrirtæki eru æf, en yfirvöld vilja frekar vita af múgnum heima að glápa en að slæpast á götunum. Enda muna þau að sovéskt sjónvarp var með afbrigðum slæmt, og múgurinn ekki til friðs.

**Allt leyfilegt**

Ef maður samt sem áður hættir sér út á kvöldin er af nógu að taka. Allir tískustraumar undanfarinna 50 ára á Vesturlöndum dembdust hér yfir í einu fyrir 15 árum síðan, og enn er verið að vinna úr þeim. Engir hnakkar og treflar hér, allt er leyfilegt. Djasspíanóleikarar spila undir við teknótónlist og unglingar rappa yfir balalaikum. Maður getur farið frá ígildi Sirkus og yfir á ígildi Pravda án þess að neinn líti undarlega á mann. Og dévúshkurnar eru sætar, en því miður hefur smithætta breiðst út eins og faraldur eftir að Bandaríkjamenn réðust inn í Afganistan og heróínbanni Talibanastjórnarinnar var aflétt. Því allur er heimurinn einhvers staðar samtengdur.

**Löggan lemur skiptinema**

Í Pétursborg er allt leyfilegt, svo fremi sem maður er ungur og hvítur. Nýnasistagengi sitja fyrir skiptinemum af asískum og afrískum uppruna meðan löggan lemur Tyrki vegna gruns um að þeir séu Tsjetsjenar. Þeir sitja því inni á stúdentagörðum eins og í stofufangelsi og fara lítið út á kvöldin.

Pétursborg étur mann upp og sýgur mann inn og maður vill hvergi annars staðar vera.

Hér getur sveitastrákur úr hundrað og einum alveg týnt sér í borg sem er 20 sinnum stærri en heimalandið. Í Bjarmalandi er allt betra, stærra og meira. En þó er alltaf eitthvað sem togar mann heim. Jafnvel þó maður geti ekki alveg komið orðum að því nákvæmlega hvað það er. ■

# HELGARTILBOÐ Í SKÍFUNNI



1.799kr.

Corinne Bailey Rae



DVD CD

1.799kr.

Placebo - MEDS



1.799kr.

Little Willies ásamt Norah Jones



1.799kr.

SÖNGVAKEPPNI 2006



1.799kr.

Van Morrison – Pay The Devil



1.799kr.

David Gilmour – On an Island


1.799kr.

José Gonzalez - Veneer



1.799kr.

Donald Fagen - Morph the Cat


1.799kr.

Blindfold - Blindfold

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

**YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM**

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

**Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is**



**DR. OSCAR ARIAS** Fyrrverandi forseti Kosta Ríka og friðarverðlaunahafi Nóbels árið 1987.



**KIM DAE-JUNG** Forseti Suður-Kóreu og friðarverðlaunahafi Nóbels árið 2000.



**SHIRIN EBADI** Fyrsta múslimakonan til að fá Nóbelsverðlaun, árið 2003.



**DESMOND TUTU** Fyrrverandi erkibiskup Suður-Afríku, friðarverðlaunahafi árið 1984.



**JIMMY CARTER** Fyrrverandi forseti Bandaríkjanna og friðarverðlaunahafi árið 2002.

# Mannréttindi ofar pólitík

Eitt af markmiðum Sameinuðu þjóðanna er að stuðla að því að mannréttindi séu virt í heiminum. Í þessari viðleitni eru samtökin komin að ákveðnum krossgötum. Svíinn Jan Eliassson, forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, hefur síðastliðna fimm mánuði stýrt samningaviðræðum sem er ætlað að skila tillögum um breytingar á starfsemi mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir það góða starf sem nefndin hefur unnið í gegnum tíðina standa málin nú svo að hagsmunaaðilar beita henni í auknum mæli í pólitískum tilgangi. Það er ekki hlutverk nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að starfa í þágu þolenda mannréttindabrota í heiminum. Þess vegna verður að breyta starfsemi nefndarinnar.

**Ný nefnd að frumkvæði Annans**

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, stakk upp á því í fyrra að samtökin skiptu nefndinni út fyrir nýja og endurbætta nefnd. Í kjölfarið hafa aðildarríki SÞ velt því gaumgæfilega fyrir sér og rökrætt hvernig hin nýja mannréttindanefnd samtakanna eigi að vera.

Eliasson hefur nú lagt fram drög að ályktun um hvernig nýja mannréttindanefndin skuli vera. Ályktunin lofar að mörgu leyti góðu og hefur fundið hljómgrunn hjá meirihluta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Sum þeirra hafa hins vegar sagt að ályktunin sé aðeins léleg málamiðlun. Við sem skrifum þessa grein erum ósammála þeirri fullyrðingu.

Með nýju mannréttindanefndinni skapast sú von að aðildarríki SÞ muni leggja sig í líma við að vernda og stuðla að útbreiðslu mannréttinda í heiminum. Ætlast er til að aðildarríkin starfi með nefndinni að því marki sem hún telur nauðsynlegt og að ástand mannréttindamála í hverju ríki verði rannsakað í þaula. Mikilvægast í ályktunni er að aðildarríki sem gerist sekt um gróf og síendurtekin mannréttindabrot getur nú verið vikið úr Sameinuðu þjóðunum.

**Ný inngönguskilyrði**

Ályktunin felur í sér nýtt skilyrði þess efnis að meirihluti aðildarríkja allsherjarþings SÞ þarf að samþykkja allar aðildarumsóknir. Samkvæmt núgildandi reglum þarf aðeins meirihluti aðildarríkja SÞ sem eru í sama heimshluta og umsóknarríkið að samþykkja aðild þess.

Með hinum nýju aðferðum og þeirri nýbreytni að búið er að setja skilyrði um hvaða lönd geti fengið inngöngu í SÞ, höfum við fulla trú á því að í forsvari hinnar nýju nefndar fari lönd sem munu leggja sig meira fram við að vernda og breiða út mannréttindi.

Í stað þess að nefndin fundi aðeins einu sinni á ári, eins og hefur verið venjan, mun nýja nefndin funda oft á ári þannig að hún geti tekið á mikilvægum mannréttindamálum um leið og þau koma upp. Það mun leiða til þess að störf nefndarinnar verða reglubundnari, betri og faglegri en áður. Tekið verður á pólitískri slagsíðu og tvískinnungi núverandi nefndar með rannsóknum á því hvernig mannréttindamálum er háttað innan þess 191 ríkis sem er aðili að SÞ. Það skal tekið fram að staða mannréttinda í voldugustu aðildarríkunum verða líka rannsökuð gaumgæfilega.

Tillaga Eliassons mun auk þess tryggja aukna þátttöku samtaka og aðgerðasinna sem berjast fyrir mannréttindum í ráðslögum SÞ um mannréttindamál. Það er án efa mikilvægasti eiginleiki nýju nefndarinnar.

**Tímamót í sögu mannréttindayfirlýsingarinnar**

Þessar tillögur sem aðildarríki SÞ velta nú fyrir sér fela í sér miklar og mikilvægar breytingar á þeirri mannréttindanefnd sem hefur verið starfandi hingað til. Ef tillögurnar verða ekki samþykktar og hefja þarf samningaviðræður á ný fara þessar miklu umbætur líklega fyrir fyrir bí. Ef svo fer verður það vatn á myllu þeirra sem ekki vilja styrkja mannréttindastarf SÞ.

Verði tillögurnar felldar er hugsanlegt að vafasöm ákvæði um starfsemi þessa mannréttindaarms SÞ verði lögleidd. Til að mynda ákvæði um að valdamikil aðildarríki SÞ hafi yfirumsjón með embætti æðsta ráðamanns mannréttindamála innan samtakanna, sem nú er sjálfstætt embætti og veitir þolendum mannréttindabrota mikinn stuðning.

Markmið okkar hlýtur að vera að SÞ, einu hnattrænu samtök ríkisstjórna sem til eru, stuðli að því að mannréttindi séu virt og að þolendum mannréttindabrota sé veittur stuðningur.

Eliasson hefur sett fram tillögur sem allir geta sætt sig við. Nú, nærri sextíu árum eftir samþykkt mannréttindayfirlýsingarinnar, má kannski segja að við séum loksins komin á þann stað að við getum byrjað að láta þau lögmál sem felast í yfirlýsingunni leiða okkur í stað pólitískrar hentistefnu. Það yrði sannarlega öllum til hagsbóta.

*Höfundar greinarinnar hafa allir fengið friðarverðlaun Nóbels. Greinin birtist áður í The New York Times.*



**HÖFUÐSTÖÐVAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í NEW YORK**

curity



Ljósmynd tekin skammt fyrir utan Kirkuk í Írak.

HHS er grunnnám til BA gráðu sem fléttar saman heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Markmið námsins er að nemendur útskrifist með góðan skilning á alþjóðakerfinu, stjórnsýslu, hagfræði og vænan skammt af gagnrýninni hugsun.

Námið er góður undirbúningur fyrir nám í fjölmiðlum, við stjórnsýslu, ráðgjöf og við stjórnun fyrirtækja, heima og erlendis.

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN

BIFRÖST

Frekari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár**




**NEKTARDANSMEYJAR GEIRA Á GOLDFINGER** Hin rússneska Lana, eistneska María og úkraínska Olga búa saman í sátt og samlyndi í kjallaraíbúð í Kópavogi, en á kvöldin fækka þær fötum á gullsúlum Goldfingers. Allar dansa nektardans til að framfleyta fjölskyldum sínum ytra, þar sem stjórnmálaástand og efnahagur hrekur íbúana úr landi í atvinnuleit. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Neyðin kennir naktri konu að dansa

Á kvöldin eru þær hasarkroppar sem ganga um eggjandi í manndrápshælum og efnislitlum undirkjólum milli þess sem þær fetta stinna líkama sína á gylltum súlum, en á daginn eru þær með venjulegri stúlkum sem eyða dögunum á skíðum, skautum, í sundi og annarri heilsurækt. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** eyddi eftirmiðdegi með nektardansmeyjunum **Lönu**, **Olgu** og **Maríu**, sem allar dansa á næturklúbbnum Goldfinger.

Það er glaðlegur asi í eldhúsi þeirra Olgu, Lönu og Maríu sem deila saman íbúð í Kópavoginum. Nýlagað kaffi á brúsa verður brátt klárt í bollana en leiðin liggur í Bláfjöll úr því að snjóa nýtur á suðvesturhorninu.

„Dansari þarf að passa vel upp á línurnar og því förum við mikið í ræktina, sund, sána, skíði og skauta," segir hin ljóshærða, íturvaxna Olga frá Úkraínu, sem dansað hefur á Goldfinger síðastliðna fjóra mánuði. Olga er menntaður læknir og á tíu ára dóttur sem dvelur hjá foreldrum Olgu í Úkraínu meðan hún aflar tekna sem erótískur dansari á Íslandi.

„Móðir mín grætur auðvitað þessa ákvörðun mína og syrgir að læknanámið nýtist mér ekki, en læknapróf að heiman er ekki viðurkennt hérlendis. Pólitískt ástand í heimalandinu er með þeim hætti að næsta vonlaust er að ná endum saman fyrir hinn stritandi almúga. Verðlag í Úkraínu er svipað og hér, en launin enn smánarlega lág og hrekja íbúana úr landi í atvinnuleit," segir Olga og hristir höfuðið döpur á svip.

„Faðir minn er fyrrverandi hershöfðingi og móðir mín læknir á eftirlaunum. Pabbi fær 7.000 krónur og mamma 1.400 íslenskar á mánuði. Hérna get ég unnið mér fyrir allt að tvö hundruð þúsund krónur á mánuði, sem eru stórar upphæðir þrátt fyrir dýrtíðina heima, og stóran hluta launanna sendi ég heim svo að dóttir mín geti átt mannsæmandi líf og möguleika í framtíðinni," segir Olga, en þess má geta að flestir dansaranna á Goldfinger eru í sömu erindagjörðum og Olga, að skapa fjölskyldum sínum ytra skárri lífsafkomu.

**Ein, stór fjölskylda**

Hin hrokkinhærða og fíngerða María er hárgreiðslukona frá Eistlandi. Hún á fjögurra ára gamlan son sem dvelur í umsjá ömmu sinnar meðan móðirin dansar nakin fyrir íslenskar krónur í Kópavogi.

„Ég kom hingað fyrst fyrir rúmum tveimur árum, en fer reglulega heim og dvel þar mánuð í senn. Það er þyngra en tárum taki að vera fjarri syninum, en ég hef ekkert val. Atvinnuástand í Eistlandi er hörmulegt og engin von til þess að komast af eða láta drauma sína rætast. Mig langar að mennta mig og búa í haginn fyrir framtíð sonar míns, er alltaf á leiðinni að hætta nektardansinum en svo kallar buddan á meira. Ég geri mér grein fyrir því að dansinn er ekki framtíðarstarf svo ég reyni að vera duglegur að leggja fyrir og senda móður minni peninga út," segir María af raunsæi, en undir orð hennar tekur hin rússneska Lana sem dansað hefur með hléum á Goldfinger undanfarið eitt og hálft ár.

„Við erum hér allar vegna vandamála heima fyrir; pólitískt ástand gerir íbúunum erfitt að ná endum saman og framtíðarhorfur eru dökkar," segir Lana sem er rafmagnsverkfræðingur að mennt og á eiginmann í Rússlandi, rétt eins og Olga í Úkraínu.

„Okkar nánustu vita hvað við störfum við á Íslandi og það kostar tár hjá mæðrum okkar, en neyðin kennir naktri konu að spinna. Börnin eru framtíðin og enginn valkostur annar en að bera björg í bú," segir Lana, sem eins og Olga dansaði víða um heim áður en til Íslands kom.

„Það er mikill munur á starfi nektardansmeyja hérlendis. Íslendingar eru öðruvísi að upplagi en aðrar þjóðir þegar kemur að rólegu skapferli og vingjarnleika," segir Olga og þær Lana og María segjast sammála.

„Hér lifum við öruggu lífi, vinnuálagið er viðunandi, pappírar í lagi og ekkert rugl í gangi né vafasamt athæfi," segir María sem byrjaði dansferil sinn í Eistlandi.

„Annars staðar er starfið ekki jafn skýrt skilgreint og vinnuálagið ómannlegt. Þá vinna dansarar frá átta á kvöldin til sex á morgnana, alla daga vikunnar. Hér mætum við klukkan átta og vinnum til tvö á virkum kvöldum, en lengur um helgar og fáum þar fyrir utan okkar frídaga," segir Lana brosmild og bætir við að húsbændur þeirra séu miklir mannvinir.

„Í raun erum við eins og ein, stór fjölskylda. Geiri og Jaroslava konan hans hugsa um okkur sem dætur sínar og eru virkilega sanngjörn og góð við okkur."



**DANSAÐ FYRIR SONINN** Hér heldur eistneska dansmeyjan María á mynd af fjögurra ára syni sínum sem bíður móður sinnar ytra meðan hún dansar fyrir lífibrauðinu á Íslandi.

**Ástin er alls staðar**

Stelpurnar á Goldfinger vinna á prósentum, en laun þeirra ráðast mikið af aðsókn viðskiptavina. Suma daga er fámennt; aðra er troðfullt út úr dyrum.

„Engar vissar týpur koma á Goldfinger, heldur fjölbreyttur hópur í leit að afþreyingu og skemmtun," segir Olga sem eins og aðrar nektardansmeyjar dansa einkadans fyrir viðskiptavini í lokuðum rýmum.

„Fyrir kemur að konur biðja um einkadans en það heyrir til undantekninga. Flestar koma með körlum sínum til að horfa á erótískan dans og oftast mjög almennilegar þótt auðvitað geti örlað á afbrýðisemi stöku sinnum vegna athyglinnar sem við fáum," segir Lana sem er viss um að dagsdaglega geri fólk sér grein fyrir starfi þeirra þar sem þær skeri sig eilítið úr hópi íslenskra kvenna.

„Þær sem ekki eru vandar að virðingu sinni eiga ekki heima í þessu starfi. Fyrir okkur er þetta einungis starf og við ekkert annað en starfandi listamenn sem förum heim að sofa eftir vinnu. Dögunum eyðum við í holla lífshætti og glímum við eðlilega við heimþrá til fjölskyldna okkar heima," segir Olga og viðurkennir að vinnutíminn sé einna erfiðastur við starf erótíska dansarans.

„Það er erfitt að vinna mest á nóttunni þegar meginþorri þjóðfélagsins sefur vært og víst snýst sólarhringurinn við, en svona er lífið! Ekki alltaf dans á rósum," segir hún og hlær dátt.

„Erfiðast var að klæða sig úr hverri spjör og dansa fyrir ókunna karlmenn fyrstu skiptin, en svo hættir maður að leiða hugann að því," segir Lana og hinar taka undir, sammála þeirri upplifun.

„Nei, ríkar verðum við ekki af dansinum, en launin eru há miðað við það sem annars býðist og hér höfum við yfir engu að kvarta. Okkur er auk þess vel til vina í vinnunni og höldum hópinn utan vinnutíma, en vissulega getur örlað á samkeppni og stundum saklausri afbrýðisemi milli dansara, en það er eðlilegt og grær um heilt jafnóðum," segir Lana brosmild og geislandi, en alls dansa um 25 dansarar á Goldfinger, þar af tvær íslenskar stúlkur.

„Einstaka stelpa hefur fundið ástina með íslenskum mönnum, en ástina er alls staðar að finna þótt ekki leiti ég hennar á Goldfinger. Ég aðskil algjörlega einkalíf og vinnu og það sama á við um okkur flestar," segir Olga ákveðin.

„Karlkyns gestir skilja að við erum einungis í vinnunni enda ástæða komu þeirra oftast sú að gera sér glaðan dag og horfa á kvenlega fegurð. Vissulega geta þeir eignast sína uppáhaldsstúlku og með þeim bærst tilfinningar, en stelpurnar hafa til að bera sjálfsvirðingu þótt þær veiti félagsskap með því að sitja hjá mönnunum," segir María, en af og til vilja menn meira en saklaust samtal og reyna sig áfram.

„Þá kemur að okkur að stoppa menn af en ef þeir gerast of ágengir eru til staðar lífverðir sem koma okkur til hjálpar."

**Vertíðarlíf**

Hjá nektardansmeyjum snýst tilveran um fullkomið útlit og fer drjúgur peningur í snyrti- og hárgreiðslustofur, líkamsræktarstöðvar, ljósabekki, fatnað og stundum lýtaaðgerðir.

„Mér finnst ekkert athugavert við sílikonbrjóst, nefaðgerðir, varafyllingar eða hvað annað sem bætir útlitið, enda eru íslenskar konur ekki síður duglegar að leita til lýtalækna og áberandi margar með sílikonfyllingar í brjóstunum," segir Olga sem eftir barnsburð fann sig knúna til að endurheimta barm sinn með hjálp lýtalækna.

„Ég er enn náttúruleg að öllu leyti," segir Lana hlæjandi.

„Ég líka og held að maður þurfi ekki endilega lýtaaðgerðir ef maður hugsar vel um sig, stundar líkamsrækt og gufuböð sem eru frábær fyrir húðina. Heilsurækt er fyrirbyggjandi og varðveitir æskuljómann," segir María sem er yngst þeirra þriggja, 27 ára gömul.

„Heilsurækt er áhugamál mitt númer eitt, tvö og þrjú og draumur minn er að eignast líkamsræktarstöð heima í Úkraínu," segir Olga hugdjörf, en slíkar stöðvar eru nú geysidýrar fjárfestingar í föðurlandi hennar.

„Allar erum við hérna tímabundið og horfum með tilhlökkun til þess að komast aftur heim," segir Lana, en segja má að stúlkurnar starfi á einskonar vertíðum við dansinn.

„Það er virkilega erfitt að vera svo fjarri ástvinum og allar eigum gjörólíkt líf í heimalöndum okkar," segir María og telur algengastan misskilning um nektardansmeyjar vera þann að þær séu slæmar stelpur.

„Margir verða hissa þegar þeir tala við okkur og hafa á orði að þeim komi á óvart hve við erum góðar manneskjur og hjartahreinar sálir," segir María og brosir feimnislega.

„Ég hef reyndar á tilfinningunni að almenningsálitið skiptist alveg í tvennt," segir Olga meðan hún setur á sig skíðahanskana. „Sem betur fer hafa flestir skilning á að við erum venjulegar manneskjur þegar hlutverki nektardansmeyjarinnar lýkur; eigum okkar drauma og þrár, en einnig vonbrigði, söknuð og erfiðleika. Rétt eins og mannfólkið allt." ■

# Fermingartölvur 2006

## CLAWHAMMER 6600GT

MEDION V6

19"

6070IS
**MEDION V6 AMD64 3200+**
- AMD Athlon64 3200+ (Socket 939)
- nVidia GeForce 6600GT; 128 MB, VGA/DVI-I, TV-out
- 1024 MB DDR-RAM PC3200(400 MHz)
- 250 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
- FireWire - DV Ready
- Medion Media Bay
- DVD Skrifari

--- Hugbúnaður ---
- Microsoft Windows XP home
- MS Works 8.5
- Power DVD 8 channel
- Nero Burning ROM Software
- Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)
- CA eTrust Antivirus (90 days)

SONY GÆÐI

Nýtt korta-tímabil

**AMD Athlon 64 örgjörvi**
Frábær örgjörvi í alla þunga vinnslu og sérstaklega leikina. Fullur 64 bita stuðningur

**DV Ready**
Firewire tengi gerir það leik einn að tengja tökuvélar við vélina og klippa heimamyndböndin.

**MediaBay tengistöð**
Les allar gerðir minniskorta í dag. USB, Firewire hljóð og video tengi aðgengileg beint að framan.

36.000kr. lækkun

3.525*

250GB harður diskur

1024MB vinnsluminni

6600 GT leikjaskjákort

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 3.525* | 9.999 ** | 119.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

## Hugbúnaður

SPY SWEEPER
Öflugur, margverðlaunaður "anti-spyware" hugbúnaður. Flakkaðu á netinu áhyggjulaus.

"Webroot's Spy Sweeper 4.5 is the most powerful antispyware tool we've seen." PC Magazine

4.999

## Harður diskur

LACIE

301063EK
**LACIE 300GB BRICK USB2 8MB**

Taktu afrit af ljósmyndunum

17.999

## Prentari

hp

Q5911A
**HP LASERJET 1020**

Botn verð

11.999
~~12.999~~

## Prentari

Rugl verð

hp

Q3470B
**HP PHOTOSMART 8250**
Allt að 32 í svörtu, 31 bls. í lit

16.999
~~19.999~~

## Ljósmyndaprentari

Innbygt þráðlaust net

Canon

01958016
**CANON PIXMA IP5200R WIFI**
Enn betri ljósmyndaprentari - Gerðu samanburð!

Innbyggt Þráðlaust net - WiFi - Ekkert snúruvesen!
PictBridge - Tengdu myndavélina við prentarann!
Stök blekhylki - skiptu bara um það blek sem er búið!

1.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
23.988 Staðgreitt

## 20" LCD skjár

20,1"

ViewSonic

VA2012W
**ViewSonic 20.1" WIDESCREEN LCD**
- 1680 x 1050 pixla upplausn
- 8 ms "refresh"
- 300cd/m2 birta
- 600:1 skerpa
- DVI-I tengi
- Innbyggðir hátalarar

4.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
59.988 Staðgreitt

+2.299 vaxtalaust með tölvu
Uppfærðu úr 19"!

## MEDION V6 X1300

19"

MEDION V6

6071IS
**MEDION V6 X1300**
- 19" Sony flatskjár
- Intel Pentium 4 Processor 524
- Hypertheading technology
- ATI Radeon X1300 256MB TV-out
- 512MB DDR2 Vinnsluminni
- 160GB S-ATA Harður diskur 7200rpm
- FireWire - DV ready
- DVD Skrifari - Dual Layer
- Medion Media Bay
- Lyklaborð og mús

160GB harður diskur

512MB vinnsluminni

ATI X1300 leikjaskjákort

SONY GÆÐI

**HyperThreading**
Eykur afköst örgjörvans um allt að 30% miðað við sambærilegan Intel Pentium örgjörva án HyperThreading.

**DV Ready**
Firewire tengi gerir það leik einn að tengja tökuvélar við vélina og klippa heimamyndböndin.

**MediaBay tengistöð**
Les allar gerðir minniskorta í dag. USB, Firewire hljóð og video tengi aðgengileg beint að framan.

PC leikur FYLGIR

Bíómiðar FYLGIR

12.000kr. lækkun

3.528*

24 dósir af Pepsi Max FYLGIR

Heill kassi

BT

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 3.204* | 8.999 ** | 107.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

SKÚFFUSKÁLDIÐ } ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

# Um hrútinn sem lét ekki gelda sig

Skúffuskáldið að þessu sinni er kona ein sem oft hefur látið að sér kveða en þó ekki í bundnu máli nema að litlu leyti. Það er Ólína Þorvarðardóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði sem nú opnar ljóðahirslur sínar.

Hún var reyndar ekki há í loftinu þegar hún var farin að kveða með svo miklum ágætum að bestu bragfræðingar gætu lítið að kveðskapnum fundið. „Fyrsta vísan sem ég gerði varð til í rúminu hjá mömmu á sunnudagsmorgni,“ segir Ólína meðan hugur og hjarta horfa til bernskunnar. „Ég var fjögurra ára gömul og það fór vel um okkur mæðgurnar. Sólin skein fyrir utan gluggann og ég segi allt í einu við mömmu:

*Sjáðu hvernig sólin skín,*
*sú er ekki að fela sig.*

Mamma, sem er hagyrðingur, sperrti eyrun og hugsaði með sér að þetta væri nú bara ágætur fyrri partur. Hún var að gæla við þá hugmynd að botna þetta í minn stað þegar ég hélt áfram eftir svolitla þögn:

*Mamma finndu fötin mín*
*og farðu strax að klæða mig!*

En ekki viðrar svona vel á alla og skúffuskáldið er meðvitað um það og getur þá jafnvel átt það til að yrkja til þeirra sem búa við kulda og krap, eins og eftirfarandi dæmi sýnir: „Fréttir af bágum aðbúnaði verkamanna við Kárahnjúka hafa verið all tíðar undanfarin misseri og einhverju sinni þegar keyrði um þverbak urðu þessar vísur til.“

*Kalt er við Kárahnjúka,*
*kostur þar naumur bíður.*
*Klórar sér kalinn um búka*
*krókloppinn verkalýður.*

*Ófriðar eru þar læti,*
*enga finna menn hlýju*
*og fái þeir eitthvert æti*
*það efalaust veldur þeim klígju.*

*Já, kalt er við Kárahnjúka.*
*Kulið beitir menn hörðu.*
*Um tindana fannir fjúka*
*og frost þiðnar aldrei úr jörðu.*

Það er eins með Ólínu og aðra hagmælta skörunga að betra er að láta þá ekki frétta af óförum sínum. Annars getur lífi verið blásið í hrakfarasöguna með aðstoð skáldagyðjunnar. Ólína sýnir okkur fram á þetta með eftirfarandi sögu. „Á hagyrðingamóti fyrir fáum árum brá svo við að einn þátttakandinn, Jón Jens Kristjánsson bóndi í Ytri Hjarðardal í Önundarfirði, mætti til leiks með slysaumbúðir á hendi. Hann hafði verið að slátra hrúti undir hlöðuvegg og ákvað á síðustu stundu að gelda hrútinn nýskorinn til þess að fá ekki hrútabragð í kjötið. Skepnan barðist um, þótt deyjandi væri, og tókst að sparka þannig í hönd bóndans að hnífurinn fór í handlegg hans. Mér þótti þetta vel að verki staðið hjá gemlingnum að láta ekki gelda sig dauðan og gerði þessar vísur.“

*Frækinn varðist fjallanna son*
*sem fram á heiðar var eltur.*
*Aðeins á dauðanum átti hann von*
*en ekki að verða geltur.*
*Nú bóndi þarf sár að sápuþvo*
*og súpa á heitu toddí*
*því andóf hrútsins má orða svo*
*„over my dead body!“*

Ólína flutti fyrir nokkrum árum til Ísafjarðar og unir hag sínum vel þar vestra. Ekki leið á löngu uns skúffuskáldið var farið að fjalla um brýnustu málefni þar í bundnu máli. „Ég hafði ekki lengi verið fyrir vestan en ég var komin á bólakaf í umræðu um samgöngumál. Einhverju sinni á leið um Ísafjarðardjúp var mér allri lokið og þá varð þessi ferskeytla til.“

*Um samgöngumálin er spjallað og spurt,*
*sú speki nær fáa að laða.*
*Greiðustu leiðirnar liggja burt*
*og lakfært er milli staða.*

En skúffuskáldið hefur ekki einungis glöggt auga fyrir þeim málefnum sem brenna á fólkinu þar vestra. Heldur einnig fyrir þeirri fegurð sem náttúran bregður upp við sjóndeildarhring þeirra Ísfirðinga. Ljóst má vera að skáldmælta barnið sem kvað um hina rósfingruðu morgungyðju fyrir móður sína lifir enn innra með Ólínu og lætur einnig á sér kræla þegar sólin hnígur til viðar. „Þessi ferskeytla er ort um haustfegurðina á Ísafirði.“

*Laufið titrar, loga strá*
*lyngs á rjóðum armi.*
*Hneigir sólin höfga brá*
*að hafsins gyllta barmi.*

Sólin er sest og ljóðmælum skúffuskáldsins er aftur komið fyrir í hirslunum á ný. Þó er alltaf von á því að þau verði viðruð fljótlega og jafnvel að þeim bætist liðsauki svo lengi sem barnið skáldmælta lifir innra með þessu aðsópsmikla skúffuskáldi.



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR SKÚFFUSKÁLD** Ólína hreifst að hrútnum sem lét ekki gelda sig þó hálfdauður væri og slasaði bóndann sem hugðist svipta hann náttúrunni svona rétt áður en hann yrði sviptur lífi.








Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ – stærsti fjölmiðillinn

# NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

# LAGERSALA SENU

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

FRISSI FRÍSKI OG EGILS KRISTALL FRÍTT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA UM HELGINA!

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

## FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

KVEF?




Lyf & heilsa

**Við hlustum!**

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð · Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík



## STUÐ MILLI STRÍÐA Hraðaspurningar lífsins

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** STYÐST VIÐ STOÐTÆKI.



Ég stóð alltaf í þeirri trú þegar ég var barn að við tvítugsaldur myndi ég vita allt. Eins og pabbi sem veit alltaf allt um allt og alla. Pabbi er svona talandi Google-leitarvél.

En nei, því er nú ekki þannig farið. Fyrir tvítugt láðist mér að fá útskýringu á svo mörgum hlutum. Til dæmis láðist mér að fá líffræðilega útskýringu á því af hverju fullorðinstennur vaxa ekki aftur eftir að þær brotna. Bein gróa og brotnar neglur vaxa aftur en af hverju gróa ekki tennurnar? Einnig hef ég oft velt því fyrir mér hvar vindurinn byrjar. Ég veit þetta hefur eitthvað með loftþrýsting að gera en hvernig verður eitt blás að fellibyl? Einhver spurði mig um daginn af hverju gervihnettir eru aldrei sendir í lóðrétta stefnu út í geim í staðinn fyrir lárétta, og ég hreinlega dó úr forvitni að vita hvað væri í lóðréttu áttina. Og það fékk mig til að hugsa um hvar í fjáranum Voyager er niðurkominn. Flýtur hann enn um einhvers staðar lengst úti í geimrassgati? Af hverju er sumt fólk fífl og af hverju syngja Bee Gees í falsettu?

Örugglega eru til skýringar á öllu. En málið er að þegar ég er nú orðin föðursystir styttist í að ég þurfi að svara alls konar spurningum frá forvitnum frænda um hvað tyggjó sé og hvað rauður sé og af hverju jörðin er kúla og af hverju kíví er loðið. Og ég vil vera undirbúin.

Þess vegna er ég svo þakklát fyrir hið víðfræga stoðtæki fatlaðar fávísrar fullorðinskynslóðar er Google kallast. Ég held það eina sem maður þurfi í lífinu til að geta kallast fullorðinn sé Google, Wikipedia og Vísindavefur Háskólans. En þá er bara einni spurningu ósvarað, hvað gerðu fullorðnir áður en Google kom til sögunnar? Hringdu allir í pabba minn eða voru svörin við heimspekilegum spurningum smáfólksins bara búin til? Ég ætla að leyfa mér að efast og eyða þessum degi í að gúggla alla fyrir fram gefna visku sem ég bý yfir.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Stórútsölu-markaður

## í Kringlu, Smáralind og á Akureyri

**Hundruðir kvikmynda- og tónlistartitla á ótrúlegu verði!**

Úrval geisladiska verð frá **199 kr**

DVD myndir verð frá **699 kr**




Gildir til 24. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

**!** **Kl. 16.00**
*Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur heldur fyrirlestur í húsi Sögufélagsins við Fischersund. Erindið nefnir hún „Engill söngunnar – Um díalektískar myndir, óvæntar minningar og fortíðina í sjálfri mér.“*

# menning

menning@frettabladid.is

# Sjónþing og bókmenntir

Um helgina verður nóg um að vera í menningarmiðstöðinni Gerðubergi en í dag verður þar opnuð yfirlitssýning á verkum fatahönnuðarins Steinunnar Sigurðardóttur. Enn fremur verður haldið Sjónþing helgað Steinunni kl. 13.30 en þetta er í fyrsta skipti sem fatahönnuður er gestur slíks þings. Steinunn hefur skapað sér nafn í tískuheiminum og hefur starfað fyrir þekktustu fatahönnuði heims, svo sem Ralph Lauren, Calvin Klein og Carmelo. Sú nýbreytni er einnig að Gerðuberg mun í samstarfi við Símann bjóða landsmönnum að sjá sýningu Steinunnar á netinu, auk fjölda ljósmynda af verkum hennar og myndbanda frá tískusýningum. Vefsíðan verður opnuð í dag á slóðinni www.siminn.is/steinunn.

Í dag verður einnig haldin árleg ráðstefna um barnabókmenntir í Gerðubergi en að þessu sinni ber hún heitið „Heillandi heimur: Goð, börn og valkyrjur,“ og munu þau Sölvi Sveinsson, sagnfræðingur og skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR Á SJÓNÞINGI Í DAG**

Kristín Ragna Gunnarsdóttir myndskreytir halda erindi um goðsagnir í samhengi við barnabókmenntir. Ráðstefnan byrjar kl. 10.30 og stendur til 13.15.

## > Ekki missa af...

Sýningu nemenda frá Berlin Weissensee og LHÍ í Gallerí Gyllinæð, Laugavegi 23, og í SAFNI, Laugavegi 37.

Sýningunni Essens sem varpar ljósi á feril málarans Jóhannesar S. Kjarval. Síðasta sýningarhelgi á Kjarvalsstöðum.

Tónleikum tríósins Zimt og klezmerbandsins Kol-isha á Grand Rokk í kvöld kl. 21.00. Tregablandin en gáskafull gyðingatónlist.



**HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR SÖNGKONA** Kynnir tónleikagestum líf og störf Schumannshjónanna

# Tal og tónar

Tónlistardagskrá helguð einu frægasta þríeyki tónlistarsögunnar, þeim Clöru og Robert Schumann og fjölskylduvini þeirra Jóhannesi Brahms, verður flutt í Salnum í Kópavogi í dag kl. 17.00. Þar verður lesið upp úr dagbókum og bréfum þeirra hjóna ásamt því að tónlist þrenningarinnar verður flutt af þeim Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara, Huldu Björk Garðarsdóttur söngkonu og Steinunni Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara en Arnar Jónsson leikari mun lesa úr skrifum þeirra ásamt Huldu Björk.

Clara Schumann var einn eftirsóttasti píanóleikari 19. aldar, sjö barna móðir og tónskáld að auki. Hún giftist eiginmanni sínum árið 1840 en barneignir, heimilishald og stöðugir tónleikar urðu til þess að tónsmíðar hennar urðu fáar og eftir að eiginmaður hennar veiktist hætti hún alveg að semja. Ævi þeirra hjóna var enginn dans á rósum en gestir tónleikanna fá innsýn í stórbrotin og fögur sköpunarverk þeirra, vináttu og andagift bæði í tónum og tali.

Á efnisskránni verða rómönsur og sönglög eftir Schumann-hjónin og sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Brahms sem hann samdi í samvinnu við Robert Schumann.








**KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR OG THOMAS BLOCH GLERHÖRPULEIKARI** Fæðingarafmæli Mozarts fagnað með glæsilegum tónleikum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Glerharpan strokin

**Kammersveit Reykjavíkur fagnar 250 ára fæðingarafmæli Mozarts með tónleikum nú um helgina en þá mun glerharpa í fyrsta skipti hljóma á tónleikum hérlendis.**

Franski glerhörpuleikarinn Thomas Bloch er kominn hingað til lands til þess að kynna þetta dulúðuga hljóðfæri fyrir Íslendingum. Glerharpan er sjaldgæft hljóðfæri með langa sögu en hljóðfærið var algengt á dögum Mozarts en féll í gleymsku um miðja 19. öld. Í lok síðustu aldar var glerharpan endursmíðuð og vakin til vegs og virðingar að nýju.

Rut Ingólfsdóttir, fiðluleikari og listrænn stjórnandi Kammersveitar Reykjavíkur, er full tilhlökkunar vegna tónleikanna. „Ef fólk hefur einhvern tíma prófað að strjúka fingri yfir glasbrún þá er hljómurinn áþekkur,“ segir Rut og útskýrir að hljóðfærið sé gert úr fjölmörgum glerskálum sem snúist. „Þetta er mjög sérstakur og mjúkur hljómur,“ segir Rut en þetta er í fyrsta skipti sem hún spilar með glerhörpuleikara á tónleikum. „Tónninn er mjög sérstakur, við í Kammersveitinni spilum frekar veikt en mögnum upp hljóm glerhörpunnar,“ útskýrir Rut.

### Fjölbreytt dagskrá

„Þetta eru fyrri tónleikarnir sem við tengjum afmæli Mozarts, en við verðum með aðra stóra tónleika á Listahátíð,“ segir Rut. „Okkur langaði að gera eitthvað alveg sérstakt af þessu tilefni og við höfum lengi átt þennan draum að kynna glerhörpuna hér á landi.“ Thomas Bloch er víðförull einleikari og eftirsóttur og hefur Kammersveitin haft þessa tónleika á prjónunum í næstum heilt ár. Hann er talinn einn fremsti einleikari heims á tvö af sjaldgæfustu hljóðfærunum sem notuð eru í hefðbundinni vestrænni tónlist en hann spilar á glerhörpu og hljóðfæri sem nefnist Ondes Martenot.

### Frumflutningur á Íslandi

Að þessu sinni frumflytur Thomas Bloch verk eftir ungan Norðmann, Jan Erik Michaelsen, sem sérstaklega er samið fyrir Bloch. Að sögn Rutar spila fáir hljóðfæraleikarar á glerhörpu því tónverk fyrir hljóðfærið eru sjaldgæf og því krefst það mikillar sérhæfingar. „Því er sérstaklega gaman fyrir Bloch að fá nýtt verk samið sérstaklega fyrir sig,“ segir Rut. Á efnisskrá tónleikanna er líka verk eftir finnska tónskáldið Arvo Pärt. „Við reynum að blanda saman bæði nútímanum og Mozart,“ segir Rut en verkið eftir Pärt er að hluta byggt á Mozart-stefi. Eldri verkin á tónleikunum, meðal annars verkin eftir Mozart og C.P.E. Bach, eru að sögn Rutar mjög ljúf og nútímaverkið einnig þótt það sé allt annars eðlis.

Tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur verða haldnir í Duus-húsi í Keflavík í dag, í Salnum í Kópavogi annað kvöld og í Þorlákshafnarkirkju á þriðjudag.

kristrun@frettabladid.is

**Ford**Mondeo

*Nýtt tákn um gæði*




## Veldu Mondeo Ghia í dag

# Ríkulegri en Avensis Sol

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol

Ný hönnun færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru í samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákn um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast í hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samanburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðaðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford Mondeo.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm togi. Skoðaðu nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggiskerfið, hálshnykksvörnina, **ESP stöðugleikastýrikerfið** sem dregur úr líkum á að bíllinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upphitanleg. Í náttmyrkrinu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillinum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðuþurrkurnar af stað. Viðaráferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skottopnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðarhúnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Ford.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

**Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.***

| **Kaupverð** | *Beinskiptur* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i | **2.260.000 kr.** | **2.400.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i | **2.320.000 kr.** | **2.460.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i | **2.380.000 kr.** | **2.520.000 kr.** |

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TCS spólvörn
Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu
16" Ghia álfelgur
Viðaráferð í innréttingu
Regnskynjari í framrúðu
Upphitanleg framrúða
Aksturstölva
Hraðastillir
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum framsæta
Öryggispúðagardínur í hliðum
Stillanlegur hiti í framsætum
Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu
Rafknúnar rúður að framan og aftan
Hálshnykksvörn í framsætum
IPS öryggisbúnaður
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
Fjarstýrð samlæsing
Þokuljós að framan
Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari

### Hægt að fá aukalega:

Barnasetur í aftursæti
Leðuráklæði
Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti
DVD spilari og skjár
Rafdrifin sóllúga
Sony hljómflutningstæki
Upphitanlegt aftursæti
Xenon gasluktir
Þjófavörn
Bakkskynjari
Aðfellanlegir útispeglar
Dökklitaðar rúður að aftan
Leður/tau áklæði
Loftkælanleg framsæti

*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Fáðu meira fyrir minna. Keyptu Mondeo Ghia.
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi


**Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.930 kr.
Rekstrarleiga 27.980 kr.


**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.820 kr.


**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.


**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.


**Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.260.000 kr.
Bílasamningur 30.785 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.


**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.480 kr.
Rekstrarleiga 47.990 kr.


**Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.960 kr.


**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.


**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.


**Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.630 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.


**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.870 kr.
Rekstrarleiga 83.920 kr.


**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.280 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.


**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.610 kr.


**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.420 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

**brimborg**
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Ranger er tvílitur.

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS
Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning fim. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

GLITNIR

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 2/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 3/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Aukasýningar í mars:** sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 örfá sæti laus.
**Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
8. sýn. í kvöld lau. 18/3, 9. sýn. lau. 25/3 nokkur sæti laus.
**Aðeins þessar 3 sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í dag lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt - 50. sýning**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 **uppselt**, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**, sun. 26/3 **uppselt**, fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4, sun. 2/4.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Í kvöld lau. 18/3 **uppselt**, þri. 21/3 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, mið. 26/4 örfá sæti laus, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 örfá sæti laus.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

KROSSGÖTUR - Málþing um Pétur Gaut
**Í dag lau. 18/3 kl. 15:00**. Framsöguerindi flytur **Terje Mærli leikstjóri.** Pallborðsumræður. Þátttakendur: Baltasar Kormákur, Björn Hlynur Haraldsson, Karl Ágúst Úlfsson, Gretar Reynisson. Stjórnandi: Melkorka Tekla Ólafsdóttir. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl 14 UPPS. Su 19/3 kl. 14 UPPS.
Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS.
Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS.
Lau 8/4 kl. 14 Su 9/4 kl. 14
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14

CARMEN
Í kvöld kl. 20 Lau 25/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-
Su 19/3 kl. 20 Græn kort
Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20

WOYZECK
Fi 23/3 kl. 20 Á LEIÐ TIL LONDON

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur Lau 15/4 kl. 14
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 23/3 kl. 20 UPPS.
Fi 6/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fö 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 25/3 kl. 20 UPPS.
Fi 30/3 kl. 20 Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING
Lau 1/4 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

NAGLINN
Í kvöld kl. 20 UPPS. Su 19/3 kl. 20 UPPS.
Lau 25/3 kl. 20
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í ENDA APRÍL

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Su 26/3 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



**GUÐJÓN BJARNASON** Myndlistarmaður og arkitekt verður með sýningu í Hafnarhúsinu.

# Skrifað með dínamíti

Arkitektinn og myndlistarmaðurinn Guðjón Bjarnason hefur skrifað með dínamíti síðastliðin tíu ár og í dag verður opnuð fjölbreytt sýning á verkum hans í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu en þar má m.a. sjá óvenjulega stálskúlptúra sem listamaðurinn hefur sprengt af vísindalegri nákvæmni.

„Ég hef verið að vinna með þessa tegund skúlptúra undanfarin tíu ár,“ útskýrir Guðjón. „Fyrir mér eru þeir nátengdir arkitektúr og allri heimspekilegri umræðu um arkitektúr. Hver skúlptúr er einstakur. Ég nota dínamít eins og aðrir nota penna og blað, ég nota það til að teikna og forma hluti,“ segir Guðjón en hann sprengir stálskúlptúra sína og líkir efnismeðferð sinni við ósjálfráðar teikningar þar sem sprengingin mótar listaverkið. Afraksturinn sé síðan mun „brenglaðri og afstæðari heldur en mannshugurinn gæti nokkurn tímann látið sér detta í hug.“

Guðjón kveðst vera fjöllistamaður því hann vinnur með mörg listform og á sýningunni í Hafnarhúsinu má m.a. sjá ljósmyndir, kvikmyndaverk, skúlptúra, innsetningu, málverk og líkan af húsi sem arkitektinn Guðjón hefur hannað út frá sömu hugmyndafræði og ber heitið Sprungið hús. Verk Guðjóns teygja sig yfir í port Hafnarhússins þar sem sjá má innsetninguna MurMur Woogie, fjögur tonn af sprengdum málstrendingum sem fluttir voru af sprengistað sínum á Geldinganesi og endursviðsettir í portinu, en sú innsetning verður aðeins til sýnis í eina viku.

Fjöldi erlendra gesta er hingað kominn í tilefni af opnun sýningarinnar, m.a. listamaðurinn Dennis Oppenheim og Richard Vine, ritstjóri Art in America, en í tengslum við hana kemur einnig út vegleg bók um verk og feril Guðjóns Bjarnasonar. Nánar verður fjallað um sýninguna í sunnudagsblaðinu á morgun. ■

# Kenndi í brjósti um leikarana

Valgerður Sverrisdóttir var gestur á umdeildri sýningu Þjóðleikhússins á Virkjuninni eftir Elfriede Jelinek á fimmtudagskvöld. Eftir sýninguna tók ráðherra þátt í umræðum ásamt aðstandendum sýningarinnar og öðrum áhugasömum gestum.

„Ég hef oft skemmt mér betur í leikhúsi,“ sagði iðnaðarráðherra aðspurð hvernig henni hefði líkað sýningin en í máli hennar kom einnig fram að henni þætti verkið þröngsýnt og ófrumlegt og að hún hefði kennt í brjósti um leikarana.

Aðrir gestir voru margir á öðru máli og létu í ljós ánægju sína og hrósuðu framtaki Þjóðleikhússins og vinnu leikstjórans, Þórhildar Þorleifsdóttur og Maríu Kristjánsdóttur sem aðlagaði verkið.

Valgerði fannst verkið ekki nógu fyndið og hún bætti því við að það væri að bera í bakkafullan lækinn að sjá þessa sýningu þetta kvöldið því fyrr um daginn hefðu hin umdeildu vatnalög verið samþykkt í þinginu.

Í leikritinu er deilt á mannvirkja- og virkjunaráráttu, firringu og yfirborðsmennsku en sýningin hverfist um risavaxna og ógnvænlega virkjun en margir gestanna ræddu um hversu vel verkið næði að vísa til ástandsins í íslensku samfélagi.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Sá Virkjunina í Þjóðleikhúsinu. Myndin er samsett.

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri áréttaði að uppsetningin sem slík væri ekki ádeila á Kárahnjúkavirkjun heldur væri tilgangurinn með sýningunni meira að kynna Nóbelsverðlaunahöfundinn og leikskáldið Jelinek fyrir Íslendingum. Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri ræddi stuttlega um höfundinn og áréttaði hversu mikill sjáandi Jelinek væri en vinnuaðferðir hennar miðuðu að því að taka atburði úr umhverfinu og vefja þá inn í verk sín. Verk sitt samdi Jelinek um umdeilda virkjun sem reist var í heimalandi hennar í Austurríki.

Næstkomandi þriðjudag verður umræðum um sýninguna haldið áfram á fjórðu „Réttarhöldunum“ í Dómshúsinu við Lindargötu en þar munu Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar, og Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur fjalla um sýninguna og samhengi hennar við samtímann og verk Elfriede Jelinek.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

15 16 17 **18** 19 20 21

## Laugardagur

### TÓNLEIKAR

☐ 14.00 Hátíðartónleikar verða í **Háskólabíói** í tilefni af **50 ára afmæli skólahljómsveita í Reykjavík**. Fjórar sveitir starfa nú í borginni og munu á fjórða hundrað nemendur þeirra stíga á stokk og flytja fjölbreytta tónlist.

☐ 17.00 **Auður Hafsteinsdóttir**, **Hulda Björk Garðarsdóttir**, **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** og **Arnar Jónsson** flytja dagskrá í tali og tónum, helgaða Schumann-hjónunum og Brahms á vegum TÍBRÁR tónleikaraðarinnar í Salnum.

☐ 21.00 **Inge Mandos-Friedland Zimt** og **Kol isha** flytja dagskrá með söngvum og hljóðfæramúsík Gyðinga á **Grand Rokk.**

☐ 23.30 Hljómsveitirnar **Ókind** og **Dikta** leika á **Grand Rokk**. Aðgangseyrir litlar 500 kr.

### OPNANIR

☐ 15.00 **Elina Brotherus**, **Rúrí** og **Þór Vigfússon** opna sýninguna Tærleikar í **Gerðasafni**. Sýningin stendur til 23. apríl.

☐ 16.00 Myndlistarnemar opna sýningu í **Gallerí Tukt**, sýningarsal Hins hússins. Í kjallaranum **rokkar myndlistin** þar sem nemendur á námskeiði um mörk mynd- og tónlistar sýna sköpunarkraft sinn og möguleika listarinnar.

☐ 16.00 **Sleikjótindar (Lollitops) í Skaftfelli**. Myndlistarfólk sem undanfarið hefur starfað á vinnustofu á Seyðisfirði sýnir verk sín.

### SKEMMTANIR

☐ 00.00 **Dj Palli** í **Maus** þeytir skífum á **Bar 11**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 16.00 **Sigrún Sigurðardóttir** sagnfræðingur flytur erindi í húsi **Sögufélagsins** við Fischersund.

### FUNDIR

☐ 13.00 **Þjóðarhreyfingin** boðar til kvikmyndasýninga og almenns borgarafundar í **Háskólabíói**. Sýndar verða tvær heimildarmyndir um innrásina í Írak og á eftir verða pallborðsumræður undir stjórn **Arnar Bárðar Jónssonar**.

☐ 15.00 Aðalfundur félagsins **MÍR, menningartengsla Íslands og Rússalands** verður haldin í húsakynnum þess að Hverfisgötu 105.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 15.00 Síðasta sýningarhelgi á **Kjarvalsstöðum** á sýningunni Essens sem varpar ljósi á feril **Jóhannesar S. Kjarval**. Leiðsögn verður um sýninguna kl. 15.00 á sunnudag.

### UPPÁKOMUR

☐ 14.00 Hattahönnuðurinn og fjöllistamaðurinn **Algea** frá New York sýnir og selur einstaka kvenhatta og skemmtir gestum **Iðu-hússins** við Lækjargötu með músík og sagnalist.

### DANSLEIKUR

☐ 21.30 Argentískt tangóball í **Leikhúskjallaranum**. Kvöldið hefst á opnum byrjendatíma í umsjón **Kathrinar Schmucker** en svo tekur diskaþeytir við.

☐ **Hermann Ingi** spilar fyrir dansi á **Shooters**, Engihjalla 8 í Kópavogi.

### MÁLÞING

☐ 09.00 Félagsvísinda- og lagadeild **Háskólans á Akureyri** heiðrar **Ragnar Aðalsteinsson** hæstaréttarlögmann sem varð sjötugur á síðasta ári. Málþingið fer fram á Sólborg við Norðurslóð, stofu K201.

☐ 10.30 Barnabókaráðstefnan **Heillandi heimur. Goð, börn og valkyrjur** verður haldin í **Gerðubergi** frá kl. 10:30-13:15.

☐ 13.30 Sjónþing helgað **Steinunni Sigurðardóttur** fatahönnuði verður haldið í **Gerðubergi**. Einnig verður opnuð yfirlitssýning á verkum Steinunnar.























Sjónþing Gerðubergs




Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður
laugardaginn 18. mars kl. 13:30 - 16:00
Stjórnandi: Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við LHÍ
Spyrlar: Gunnar Hilmarsson, hönnuður
Páll Hjaltason, arkitekt
Yfirlitssýning á verkum Steinunnar stendur til 30. apríl
Sýninguna má sjá á www.siminn.is/steinunn

Laugardagur 18.mars kl.10:30 - 13:00 Aðgangur ókeypis!
Heillandi heimur: Goð, börn og valkyrjur
Fyrirlesarar á barnabókaráðstefnunni eru: Sölvi Sveinsson, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Sólveig Ebba Ólafsdóttir og Helgi Már Friðgeirsson

Söngur og sund sunnudaginn 19. mars kl.13
Raggi Bjarna syngur sjómannalög

Ort í ull - Sigrún Björgvinsdóttir
í Boganum • Síðasta sýningarhelgi

www.gerduberg.is
Síminn





**> Fljúgandi fiðrildi**

*...eru alltaf jafn krúttleg. Þessi peysa er úr versluninni Karen Millen í Kringlunni.*

**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN BIRTA BJÖRNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR OG EIGANDI JÚNIFORM

# *Vonast eftir að finna reimuð ökklastígvél*



**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég verð að sjálfsögðu að fylgjast vel með þar sem ég vinn við að hanna föt allan daginn.

**Lýstu þínum stíl:** Ég kaupi mest gömul föt, breyti þeim og set þau í nýjan búning. Blanda mikið saman gömlu og nýju. Mér finnst föt með karakter mest spennandi en passa mig að fara ekki út í of miklar öfgar og legg áherslu á kvenleikann.

**Uppáhaldshönnuðir:** Gríski hönnuðurinn Sophia Kokosalaki hefur verið lengi í uppáhaldi hjá mér. Hún leggur mikið í smáatriði og er snillingur í flóknum útfærslum. Svo er Balenciaga frábær með sitt barokkrokkstjörnuívaf í hönnun.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Aðallega gömlum fallegum kjólum, skarti og sólgleraugum.

**Hvaða flík keyptir þú síðast?** Ógeðslega flottan gulljakka í Spútnik.

**Hvað er flottast í tískunni núna?** Ég er í miklu stuði fyrir hvítu, blúndum og blómum þessa stundina. Annars er allt leyfilegt og alltaf gaman að sjá fólk klæðast eftir eigin sannfæringu.

**Hvað ætlar þú að kaupa fyrir vorið?** Ég vonast til að finna reimuð ökklastígvél með hinum fullkomna hæl, en yfirleitt þegar ég fæ svona dillur finn ég ekki það sem ég er að leita að.

**Uppáhaldsverslun:** Fyrir utan júniform hef ég í gegnum tíðina alltaf verslað mest í Spútnik og Gyllta kettinum eftir að hún var opnuð og svo hef ég gaman af Trilogiu. Þegar ég er í útlöndum fer ég á markaði og í H&M.

**Hvers gætir þú ekki verið án?** Heimafatanna minna, sem eru joggingbuxur og stuttermabolur. Ég fer í þetta um leið og ég kem heim til mín.

**Hvað eyðir þú miklu í föt á mánuði?** Ætli það sé ekki oftast í kringum tíu þúsund krónur. Það getur þó stundum verið meira ef ég rekst á eitthvað ómótstæðilegt.



## MÓÐUR VIKUNNAR

**> MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN**

# *Þjáningar fermingarforeldra*

Ég uppgötvaði það um síðustu helgi að ég tilheyri minnihlutahópi sem labbar niðurlútur um ganga Kringlu og Smáralindar. Ég er reyndar langt frá því að vera ein í þessum minnihlutahópi því ég hef lúmskan grun um að fleiri konur sem eiga börn eða stjúpbörn fædd 1992 séu í svipuðum sporum. Nema náttúrlega þeir ofurheppnu sem hafa heilaþvegið börnin sín um að ferming sé eitthvað sem þau eigi að sleppa.

Fósturdóttir mín er einmitt fædd þetta herrans ár og ætlar að feta hinn íslenska veg og láta ferma sig. Þar sem ég tel mig vera sérfræðing þegar kemur að fatakaupum óttaðist ég ekki að við stöllur myndum lenda í vandræðum með fermingarfötum. Ímyndaði mér ekki annað en við gætum farið í klukkutíma einn laugardagsmorgun og reddað málunum.

Ef ég væri að fermast núna myndi ég vera í hvítum hnébuxum, doppóttri skyrtu og kannski krúttlegum bólerójakka yfir. Ég myndi velja mér einhverjar huggulegar sokkabuxur og vera í fallegum og dömulegum spariskóm við með smá hæl. Þegar ég bar þessar hugmyndir mínar upp á fermingarstúlkuna lá við að hún ældi á gólfið í mátunarklefanum. Hún ætlaði sko ekki að vera í buxum og alls ekki hnébuxum. Henni finnst skyrtur asnalegar og ég held hún myndi ekki láta sjá sig dauða í bólerójakka. Saman fórum við búð úr búð, ég tíndi til, hún mátaði með semingi en komst alltaf að sömu niðurstöðunni: Fötin voru ekki að gera sig. Þegar við höfðum farið í allar unglingaverslanir í Kringlunni keyrðum við í Kópavog. Ég trúði ekki öðru en að Zara og TopShop gætu reddað málunum, en það var sama sagan, allt ómögulegt. Meðan ég var að skima eftir réttu fermingarfötunum fór ég að líta í kringum mig og sá, mér til mikillar skelfingar, að inni í búðinni var aragrúi af fermingarmæðrum með vonleysissvip á vör í nákvæmlega sömu stöðu og ég. Mig langaði helst að gráta á öxlinni á þeim en hætti við þegar ég áttaði mig á því að fermingarbarnið myndi líklega aldrei tala við mig aftur ef ég gerði það. Eftir vonlausa baráttu gengum við tvær niðurlútar út úr Smáralind, fatalausar og allslausar.











**ANDY WARHOL** Jakki frá versluninni Kultur í Kringlunni.

**LÍFLEGT** pils frá Andy Warhol By Cultura. Það fæst í Kultur.



**KÖFLÓTTUR DRAUMUR** sem passar við nánast hvað sem er. Hann er úr versluninni Oasis í Kringlunni.



**PÖNKARALEGIR** skór sem hæfa vel við pils en eru líka flottir við niðurmjóar gallabuxur. Þeir fást í GS skóm.



**BLÓMABARNAMYNSTUR** eru að koma gríðarlega sterk inn. Þessi kjóll er úr versluninni Oasis í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sameiningartáknið bláí liturinn

Blái liturinn skýtur alltaf upp kollinum af og til. Hann verður áberandi í sumar og þá sérstaklega þegar honum er blandað saman með rauðum og hvítum og jafnvel bleikum og gulum. Hann kemur í ýmsum litbrigðum, allt frá túrkislituðu upp í fjólublátt og allt þar á milli. Dökkblár og kántrýblár verða líka inni í myndinni. Báðir þessir litir eru sérlega fallegir með hvítu, sem verður einn af aðallitunum í sumar.

Í versluninni Kultur í Kringlunni er að finna merki sem kennt er við listamanninn Andy Warhol. Sköpunarkrafturinn ræður ríkjum en hönnuðir merkisins Andy Warhol By Cultura eru óhræddir við að feta ótroðnar slóðir. Hönnuðirnir leggja töluverða áherslu á gallaefni og poppa það upp með ýmsum prentum, ísaumi og pallíettum.

Ekki er vitað hvort kúrekaáhrifin í vortískunni tengist eitthvað kvikmyndinni Brokeback Mountain eða hvort það sé bara orðin regla að kúrekaföt verði „inn“ á nokkurra ára fresti. Við erum þó ekki að tala um kúrekastígvél heldur frekar köflótt í kjólum og skyrtum. Með bláa litnum sameinast svo sagt nokkur „trend“ eins og hippa, kúreka og hið listræna. Ekki slæmt það!

martamaria@frettabladid.is



**HIPPALEGUR** kjóll setur svip sinn á sumartískuna. Hann fæst í versluninni Kultur.



**LAKKRÍSKÁPA** frá danska hönnuðnum Malene Birger. Hún fæst í Kultur.



**BLÁIR OG VÆNIR** sem hressa svo sannarlega upp á tilverluna. Þeir fást í GS skóm.

# Töfrandi fallegt fyrir vorið



Vorlínan frá snyrtivörumerkinu Chanel er svolítið fjólublá ef svo má að orði komast. Augnskuggaboxið nr. 72 er sérlega fallegt með hlýjum millifjólubláum augnskugga en við hlið hans er annar ljósfjólublár sem fallegt er að nota í augnkrókinn. Þessir litir klæða dökkhærðar konur ógurlega vel en geta líka hentað konum eins og Söruh Jessicu Parker. Leikkonan Catherine Zeta-Jones er dæmi um konu sem fjólublátt klæðir sérlega vel enda notar hún augnskugga í þeim lit mjög mikið. Hún er heldur ekki hrædd við að nota



fjólubláa augnskugga með rauðum varalit. Sökum litarháttar kemst hún upp með það. Fyrir þær sem vilja vera í stíl er málið að vera með ljósfjólublátt naglalakk. Liturinn 210 Lilac Sky ætti að henta öllum týpum og líka ljóslillaða glossið frá Guerlain. Það er fallegt eitt og sér en líka yfir dekkri varaliti í bleikum tónum.








# Tími fyrir sólina

Chanel er miklu meira en bara snyrtivörur, töskur og föt. Sólgleraugnalínan er alltaf til fyrirmyndar bæði hvað útlit og gæði varðar. Merkið fylgir ávallt nýjustu tískustraumum sem ráða hverju sinni. Í sumar verða stór sólgleraugu málið bæði með plastumgjörðum og með þunnum, jafnvel gylltum málmumgjörðum. Litagleðin verður mikil eins og sést á stóru fjólubláu sólgleraugunum. Nú er bara málið að taka vorið snemma og fjárfesta í nýjum sólgleraugun ef þú ætlar ekki að verða þér til skammar í sumar. Ekkert er meira „off“ en sólgleraugu sem komin eru á síðasta söludag.




2006
16. – 26. MARS tískuvika
HJÁ DEBENHAMS

SÝNINGAR, KENNSLA, KYNNINGAR & VINNINGAR



PS DEBENHAMS Persónulegur stílisti

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 31781 03/2006

VERTU Í STÍL VIÐ SJÁLFA ÞIG OG VORIÐ

Komdu og taktu forskot á það flottasta fyrir vorið. Fáðu starfsfólk, stílista og heimsfræga fatahönnuði Debenhams í lið með þér til að sníða glæsilega vorlínuna að þér og þínum stíl.

SPENNANDI HLUTIR AÐ GERAST ALLA SÝNINGARDAGANA:

LUKKUPOTTUR OG VINNINGAR

Allir sem bóka tíma hjá Persónulegum stílista út apríl lenda í lukkupotti. Vinningar frá **Oroblu**, **Origins, Samsonite** og **Designers** gjafapakkar úr heimilisdeild, ásamt vöruúttekt hjá Persónulegum stílista að verðmæti **10.000**, **15.000** og **20.000** kr. Þrjú nöfn dregin út 1. maí.

AFSLÁTTUR OG GJAFAPAKKAR

**50 fyrstu** sem bóka sig hjá Persónulegum stílista fá lúxusprufur að gjöf frá Origins. Allir sem bóka tíma út apríl fá ráðgjöf í snyrtivörudeild og **15% afslátt** af því sem keypt er. Auk þess fæst **10% afsláttur** af **Designers at Debenhams** alla tískudagana.

MÁNUDAG – FÖSTUDAGS KL. 17 - 18

- Förðunarsýning: Það nýjasta í förðun, litum og útliti.
- Persónulegur stílisti gefur þér góð ráð
- Tískusýning starfsmanna: Starfsmenn sýna uppáhaldsmerkin sín

LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR KL. 14 - 16

- Tískusýning starfsmanna: Starfsmenn sýna uppáhaldsmerkin sín
- Förðunarsýning (laugardag): Það nýjasta í förðun, litum og útliti
- Persónulegur stílisti gefur þér góð ráð
- Bindishnútar (sunnudag): Sýnikennsla í gerð bindishnúta Hvaða hnútur passar við kragann?

DEBENHAMS
SMÁRALIND




## FRÉTT VIKUNNAR VALDIMAR ÖRN FLYGENRING LEIKARI

# Losnum loksins við herinn

„Það að við skulum loksins losna við þennan her er náttúrlega toppurinn á tilverunni,“ segir Valdimar Örn Flygenring leikari um frétt vikunnar. „Þetta gleður mitt hjarta og nú er vonandi að við getum tekið sjálfstæðar ákvarðanir upp úr þessu. Ég hef ekkert á móti Bandaríkjamönnum en við verðum að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir án þess að leggjast undir einhverjar stórþjóðir,“ segir Valdimar Örn.

„Við sjáum hvernig þeir hegða sér úti um allan heim og það fer illa með þetta ástarsamband. Nú getum við rekið okkar sjálfstæðu utanríkisstefnu.“ Valdimar segist aldrei hafa skilið tilgang hersins hér á landi. „Það getur vel verið að það hafi þurft að hafa hér ratsjárstöðvar en ekki meira en það. Kannski var þörf fyrir hann í kalda stríðinu en það er löngu liðin tíð.“

Aðspurður segist Valdimar vona að þeir sem missi vinnuna fái aðra í staðinn. „Guðni er búinn að segja það og ég trúi honum en auðvitað finnur maður til með fólki sem missir vinnuna. En stundum verður að fórna minni hagsmunum fyrir meiri, ég held það hljóti að vera.“

Hann vill meina að fréttin sé ekki einungis frétt vikunnar heldur einnig áratugarins hér innanlands á margan hátt. „Ef þessir stjórnmálamenn hefðu snefil af sjálfsvirðingu myndu þeir loka dyrunum núna. Mér skilst samt að þeir ætli að halda áfram að væla í þeim [Bandaríkjamönnum]. Ég frábið mér þannig hegðun og það hlýtur að vera einhver í þinginu sem getur stöðvað þennan ósóma.“



**VALDIMAR ÖRN FLYGENRING** Valdimar er ánægður með að herinn sé loksins á leiðinni burt frá Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Ný plata frá Prince

Tónlistarmaðurinn Prince gefur á þriðjudag út plötuna 3121, sem er sú fyrsta sem hann gefur út undir merkjum Universal Records.

Það verður að teljast til mikilla tíðinda þegar Prince gefur út nýja plötu, enda einn af sérstæðustu tónlistarmönnum samtímans. Tvö ár eru liðin síðan síðasta plata hans, Musicology, kom út við mjög góðar undirtektir.

Nýja platan inniheldur m.a. lögin „Te Amo Corazon (I Love You Sweetheart)“, „Beautiful, Loved & Blessed“ (flutt af honum og Tamar) og nýjasta smáskífulagið, „Black Sweat“. Allt er á huldu um nafngift plötunnar og hvað hún merkir, en Prince heldur því fyrir sjálfan sig.

Prince er einn áhrifamesti tónlistarmaður samtímans og fékk sinn sess í frægðarhöll rokksins árið 2004. Fyrsta plata hans kom út 1978 en ferillinn náði hæstu hæðum árið 1984 þegar myndin og tónlistin við Purple Rain sló öll met. Platan seldist í 11 milljónum eintaka í Bandaríkjunum og var samfleytt í 24 vikur í fyrsta sæti Billboard breiðskífulistans. Er hann einn fárra sem hafa átt á sama tíma lag, plötu og mynd í fyrsta sæti.

Í kjölfarið fylgdu plöturnar Around the World In a Day (1985), Sign O' the Times (1987), Batman Soundtrack (1989) og Diamonds and Pearls (1991), ásamt fleirum. Samtals hefur Prince selt yfir sextíu milljónir eintaka af plötum sínum.

Prince á einnig að baki eina sigursælustu tónleikaför sögunnar þegar hann árið 2004 fylgdi eftir plötunni Musicology með tónleikaferð og var sú ferð tekjuhæst það árið. Rolling Stone tímaritið setti hann jafnframt í fimmta sætið yfir helstu poppstjörnur síðustu 25 ára.



**PRINCE** Tónlistarmaðurinn merki gefur út nýja plötu á þriðjudag.



**DÓMNEFNDIN** Það kemur í hlut Þórarins Þórarinssonar, Ragnheiðar Eiríksdóttur, betur þekktrar sem Heiðu í Unun, og Kristjáns B. Jónassonar að velja átta ljóð sem síðan munu keppa um hylli lesenda Fréttablaðsins.

# Leitin að Sigurskáldinu hafin

Árið 2004 stóðu Edda útgáfa og Fréttablaðið fyrir ljóðakeppninni Sigurskáldið. Keppnin var haldin í Viku bókarinnar og tókst vonum framar þannig að ákveðið hefur verið að endurtaka leikinn.

„Keppnin mæltist geysilega vel fyrir og það er ekki síst fyrir hvatningarorð margra sem muna eftir þeirri skemmtilegu keppni að nú er farið aftur af stað,“ segir Kristján B. Jónasson, þróunarstjóri hjá Eddu og einn dómnefndarmeðlima.

Keppnin er opin öllum sem fæddir eru á árinu 1976 eða síðar og þegar er byrjað að taka á móti ljóðum á netfanginu ljod@edda.is. Keppendum er frjálst að senda inn eins mörg ljóð og þá lystir. Skilafresturinn rennur út 5. apríl en þá kemur til kasta dómnefndar sem í eru, auk Kristjáns, þau Ragnheiður Eiríksdóttir, sem er fulltrúi lesenda, og Þórarinn Þórarinsson, blaðamaður og gagnrýnandi, fyrir hönd Fréttablaðsins.

„Dómnefndin mun hafa meir en nóg að gera ef miðað er við viðbrögðin fyrir tveimur árum en þá bárust um 300 ljóð eftir tæplega hundrað höfunda,“ segir Kristján og talar af reynslu.

Keppnin er útsláttarkeppni og eftir að dómnefndin hefur valið átta ljóð kemur til kasta lesenda Fréttablaðsins, sem munu ráða endanlegum úrslitum. Ljóðin verða birt tvö og tvö saman á síðum Fréttablaðsins í Viku bókarinnar og lesendum gefst kostur á að velja það ljóð sem þeim lýst betur á í símkosningu. Það má því segja að um ljóðaídol sé að ræða enda fyrirkomulagið náskylt útsláttarfyrirkomulaginu í söngvakeppninni Idol-stjörnuleit. Ljóðskáldin keppa svo hvert við annað þar til eitt þeirra stendur uppi sem sigurvegari.

Sigurskáldið 2004, Kristín Eiríksdóttir, hefur heldur betur látið til sín taka síðan hún sigraði með ljóði sínu Sálin er rakki sem á skilið að þjást. Hún er rísandi stjarna á íslenskum bókmenntahimni, sendi frá sér sína fyrstu bók, Kjötbæinn, haustið 2004 og hefur nú gengið til liðs við Eddu sem mun væntanlega gefa út bók eftir hana í haust.

„Við hjá Eddu erum rífandi ánægð að fá í raðir okkar höfunda þetta framtíðarstórskáld,“ segir Kristján, sem gerir sér góðar vonir um að finna fleiri framtíðarskáld í keppninni í ár.

Edda mun verðlauna þau fjögur skáld sem komast lengst með veglegum bókagjöfum en auk þess geta heppnir þátttakendur í símakosningunum átt von á bókaverðlaunum á hverjum degi á meðan valið stendur yfir. Sigurskáldið 2006 verður svo kynnt 25. apríl þegar Viku bókarinnar lýkur formlega. ■

### SIGURLJÓÐIÐ 2004

*Sálin er rakki sem á skilið að þjást*

Maður gefur ekki ókunnugum
draumana sína
perlurnar sínar eyðileggur maður ekki
perlufestina sína
til þess að gefa með sér
maður hefur hana um hálsinn
og vonar að hún slitni aldrei.

Maður stingur ekki rýting
í bök vina sinna
maður stingur þá í hjörtun
horfir djúpt í augu þeirra
og lætur vaða.

Maður elskar ekki fólk
í alvörunni
alvaran er að vera einn
í myrkrinu og drekka Tab
og fróa sér
maður elskar fólk
í þykjustunni
í stuttan tíma
og forðar sér svo.

Maður gerir ekki innkaupin sín
í Hagkaup eða 10-11
maður verslar í Bónus
kaupir sér horaðan kjúkling
borðar hann hráan
og vonast til að fá salmónellu
til að þurfa ekki að
vinna þurfa ekki að lifa.



**KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR SKÁLDKONA, HÖFUNDUR KJÖTBÆJARINS**



# Neverland lokað


**MICHAEL JACKSON** Popparinn heimsfrægi hefur látið loka búgarði sínum Neverland.
FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Popparinn Michael Jackson hefur látið loka búgarði sínum Neverland og sagt upp hluta af starfsfólkinu.

Hann hefur þó ekki látið loka búgarðinum fyrir fullt og allt. „Almenningur veit að herra Jackson býr í Barein í Mið-Austurlöndum,“ sagði talsmaður Jackson. „Þess vegna ákvað hann að loka húsinu sínu og fækka starfsfólki.“

Tilkynnt var um lokunina degi eftir að Jackson samþykkti að borga starfsfólki um 20 milljónir í vangoldin laun. Komst hann þar með hjá því að höfðað yrði enn eitt málið gegn honum.

Ekki er vitað hvað Jackson ætlar sér með búgarðinn í framtíðinni en líklegt er að hann verði seldur til að borga gífurlegar skuldir Jacksons.

Söngvarinn er um þessar málir að jafna sig eftir að hafa verið sýknaður á síðasta ári af ákæru um kynferðislega misnotkun á ungum pilti.

# Vínþjónakeppni á Hótel Borg

Suður-Afríka er í sviðsljósinu þessa daga í Vínbúðunum og mörg vín eru á kynningarverði þessa dagana. Vínþjónasamtökin standa fyrir kynningu á vínum frá Suður-Afríku á Hótel Borg (Skuggabarnum) frá 14 til 17, í samstarfi við flesta víninnflytjendur sem bjóða upp á þau á markaðinum. Þar verður hægt að smakka mörg af þeim vínum sem fást í Vínbúðunum og ákveða hver þeirra henta manni best. Þetta er kjörið tækifæri til að kynnast betur vínum frá þessu spennandi og hátt skrifaða svæði.

En hvernig á að velja vínin? Höfuðþrúga Suður-Afríku, pinotage, er t.d. ótrúlega mismunandi eftir framleiðendum svo lítið dæmi sé nefnt. Spurningum sem þessum verður reynt að svara á Hótel Borg. Aðgangseyrir er 500 kr. og lágmarksaldur gesta er 20 ár.

Á sama tíma og á sama stað verður vínþjónakeppni en sigurvegarinn fer fyrir Íslands hönd í Evrópumeistaramót vínþjóna sem verður haldið í Reims í Frakklandi í júní næstkomandi. Vínþjónarnir verða að sýna fáguð vinnubrögð í umhellingu og blindsmökkun, svo og góða þekkingu í vínfræðum til að setja saman mat- og vínseðil og svara flóknum spurningum um vín.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Diskarnir tveir á nýjustu breiðskífu **Red Hot Chili Peppers**, Stadium Arcadium, nefnast Jupiter og Mars. Alls verða 25 lög á diskunum tveimur en gripurinn er væntanlegur í búðir 8. maí. Síðasta plata Red Hot, By the Way, kom út árið 2002.



Hjartaknúsarinn **George Clooney** hefur ákveðið að setja á uppboð varninginn sem hann fékk gefins á síðustu óskarsverðlaunum. Ágóðinn mun renna til fórnarlamba fellibyljarins Katrínar. Clooney segist ekki hafa neina þörf fyrir varninginn sem allar stjörnurnar sem mæta á hátíðina fá gefins. Á meðal þess sem var í pakkanum var forláta perluhálsfesti frá Tahítí og Blackberry-tæki.



Fyrrverandi kærasta leikarans **Colin Farrell**, **Nicole Narain**, fær rúmar 200 milljónir króna í fyrirframgreiðslu ef hún gerir kynlífsmyndband sitt með Farrell opinbert. Myndbandið var tekið fyrir þremur árum á meðan á stuttu ástarsambandi þeirra stóð. Nicole gerði samning við netfyrirtæki á síðasta ári um birtingu myndbandsins áður en Farrell lét setja lögbann á það.

**Tom Cruise** og **Katie Holmes** vöktu mikla kátínu viðstaddra þegar þau kysstust á landsleik Bandaríkjanna gegn Mexíkó í hafnabolta í Kaliforníu á dögunum. Þegar andlit þeirra birtust á stórum skjá nýttu þau tækifærið og kysstust þannig að allir á vellinum gætu séð hversu ástfangin þau eru.









SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1, 3.30, 5.45, 8 og 10.15 |
| BIG SÝND Í Í LÚXUS | kl. 1, 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 1, 3.30 og 6 |
| PINK PANTHER | kl. 1, 3.30, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.30 og 5.50 |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| ZATHURA M/ÍSL. TALI | kl. 1 B.I. 10 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 4, 6.50, 9 og 11.10 |
| RENT | kl. 2.40 og 5.20 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 5.30 og 8 B.I. 16 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 2.40 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NANNY MCPHEE | kl. 2 (400 KR.) |
| PINK PANTHER | kl. 2 (400 KR.) og 8 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 4, 8 og 10 |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 4 og 6 |
| RENT | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Björk og Antony á nýrri plötu Matmos

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir og Antony úr Antony and the Johnsons eru á meðal gestasöngvara á nýrri plötu frá rafdúettnum Matmos frá San Francisco.

Björk syngur í fyrsta lagi plötunnar, Roses and Teeth for Ludwig Wittgenstein, ásamt frönsku söngkonunni Laetitia Sonami sem er þekkt fyrir að hanna sjálf sín eigin hljóðfæri, þar á meðal sérstakan kvenhanska með skynjurum sem hún spilar á.

Matmos gerði flesta taktana á plötu Bjarkar, Vespertine, og á síðustu plötu hennar, Medúlla, forritaði dúettinn hin ýmsu búk- og raddhljóð yfir í takta eða önnur undrahljóð.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Söngkonan vinsæla er einn fjölmargra gestasöngvara á nýrri plötu Matmos-dúettsins.

Platan frá Matmos nefnist The Rose Has Teeth in the Mouth of a Beast og er væntanleg hinn 9. maí á vegum plötufyrirtækisins Matator. Matmos ætlar í tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin í haust til að fylgja plötunni eftir.






# Notalegur sunnudagur

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Orðatiltækið Silver Jew er víst notað um ljóshærða gyðinga. Þessi sveit hefur verið til í langan tíma og hefur meðal annars skartað Stephen Malkmus úr Pavement á gítar alveg frá því áður en sú merka sveit hóf störf. Hann gefur þó lítið af sínum safa í lagasmíðar en David Berman hefur séð um þær frá upphafi. Þetta er fimmta platan á tíu árum, en sú fyrsta sem Berman gefur út frá sér eftir að hafa slitið sig frá óskilgreindri efnafíkn.

Hljómur Silver Jews er ekki ósvipaður því sem ég get ímyndað mér að yrði til ef Smog og Interpol myndu gera plötu saman. Nokkuð einfalt rokk, með kántrílegum gítarstefjum og djúpri rödd sem þylur textana yfir lögin, nánast eins og ljóð. Hljómar þannig eins og svo margar sveitir í undirdjúpunum sem eiga líklegast aldrei eftir að brjóta sig almennilega upp á yfirborðið.

Enn það er einmitt kántrídaðrið sem gerir Tanglewood Numbers að skemmtilegri plötu. Lagið Sometimes a Pony Gets Depressed er frábært dæmi um þetta. Þar er öllu spilað til. Frábær banjóleikur sem færir hugann aftur til þeirrar kvalar og pínu sem Burt Reynolds og



**SILVER JEWS**

TANGLEWOOD NUMBERS

**Niðurstaða:** Kántrískotið indírokk með vitrænum textum, fluttum með djúpri lifaðri röddu. Silver Jews nær að framkalla eitthvað sem bæði grúskarar og almennir kántríaðdáendur ættu að geta tengt sig við.

félagar þurftu að þola í myndinni Deliverance og ærslafullur fiðluleikur sem minnir mann á kántrílagið frábæra The Devil Went Down to Georgia sem The Charlie Daniels Band gerði fyrst vinsælt.

Mér finnst það hálf súrt að allt sem er svolítið á kantinum er flokkað undir sama hatt, því ég er alveg viss um að þeir sem hafa gaman af heiðarlegri kántrítónlist gætu fundið eitthvað hér fyrir sinn snúð. Vandamálið er bara að þeir vita líklegast ekki hvar á að finna tónlist eins og þessa. Hún er falin í plötubúðum sem sérhæfa sig fyrir spekúlanta og nær yfirleitt aldrei í útvarpið. Silver Jews leikur afbragðs kántrískotið rokk og þó hún skjóti ekki af manni höfuðið í fyrstu verður þessi plata vinalegri með hverri hlustun. Nokkuð notalegur sunnudagur, með alvöru íslensku gluggaveðri.

**Birgir Örn Steinarsson**






# Væntanleg í nóvember

Leikjatölvan Playstation 3 frá Sony verður gefin samtímis út um allan heim í byrjun nóvember. Mikill spenningur er á meðal tölvuleikjaunnenda fyrir tölvunni, sem verður mun kröftugri en forveri hennar. Meðal annars verður hægt að tengja tölvuna við breiðbandið og ná þannig háhraðatengingu.

Sony hefur einnig ákveðið að styrkja enn frekar PSP-leikjatölvuna, sem hefur þegar selst í um 15 milljónum eintaka. Verður ýmsum nýjum eiginleikum bætt þar við.



**PLAYSTATION 3** Nýja leikjatölvan kemur út í byrjun nóvember víðsvegar um heiminn.

# Saga fyrri eiginkonu

Snemma á næsta ári er væntanleg bók frá Vivian Liberto Distin, fyrri eiginkonu kántríhetjunnar Johnny Cash.



**JOHNNY CASH** Kántrísöngvarinn hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bókin nefnist I Walked the Line og er titillinn vísun í lagið I Walk the Line, sem Cash samdi um þáverandi eiginkonu sína. Vivian lést á síðasta ári en samþykkti að gefa út bókina áður en hún lést. Byggir hún á bréfaskriftum á milli hjónanna fyrrverandi.

Ekki er langt síðan bíómyndin I Walk the Line var sýnd á hvíta tjaldinu en hún fjallar um samband Cash og seinni eiginkonu hans, June Carter Cash.





# Hafnaði stóru tilboði

Hljómsveitin The Smiths hefur hafnað tilboði upp á um 200 milljónir króna fyrir að koma fram á tónlistarhátíðinni Coachella sem er haldin í Bandaríkjunum á hverju ári.



**MORRISSEY** Tónlistarmaðurinn Morrissey er staddur á tónlistarhátíðinni South by Soutwest. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Sveitin var stofnuð árið 1982 en hætti fimm árum síðar. Morrissey, fyrrum söngvari The Smiths, er staddur á tónlistarhátíðinni South by Southwest og tjáði fjölmiðlum þar frá þessu tilboði. Hann segist hafa verið svekktur þegar sveitin hætti störfum. Það hafi verið ósk gítarleikarans Johnny Marr.



**DIKTA** Hljómsveitin Dikta er nýkomin úr vel heppnaði tónleikaferð um landið með Ampop og Hermigervli.

# Rokkað á miðnætti

Hljómsveitirnar Dikta og Ókind halda miðnæturtónleika á Grandrokki í kvöld. Dikta er nýkomin úr vel heppnaði tónleikaferð um landið með Ampop og Hermigervli.

Hljómsveitin hyggst spila í útlöndum í sumar og er meðal annars bókuð á Spot-tónlistarhátíðina í Árósum í júní. Fyrsta upplag plötu hennar, Hunting for Happiness, er nú búið en annað upplag er komið í verslanir.

Ókind var að gefa út sína aðra plötu, Hvar í Hvergilandi. Sveitin vakti fyrst athygli á sér í Músíktilraunum en er að festa sig í sessi sem ein frumlegasta og skemmtilegasta pönksveit landsins.

Húsið verður opnað á miðnætti og er aðgangseyrir 500 krónur.

# Ágætt en dapurlegt

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Hafnfirska hljómsveitin Úlpa gaf út þessa aðra breiðskífu sína fyrir síðustu jól eftir að útgáfunni hafði verið frestað nokkrum sinnum.

Fyrsta plata Úlpu, Mea Culpa, kom út árið 2001 og því höfðu aðdáendur sveitarinnar beðið talsvert lengi eftir þessum nýja grip.

Það eru margar ágætis pælingar á þessari plötu og ljóst að tilraunamennskan er liðsmönnum sveitarinnar í blóð borin. Sexy Dick er nokkuð óvenjulegt en flott rokklag og Yeah That´s Right hefur grípandi gítarlínu sem límist við heilabörkinn undir eins. Fjórða lagið, Atlantic Ocean, er rólegt og mjúkt tölvupopp í anda Depeche Mode og Girl er sömuleiðis áhugavert með sínum kynferðislega undirtón, sem er víðar að finna á plötunni, samanber Sexy Dick.

It Begins Today hefur síðan yfir sér Bowie-kenndan blæ en nær þó aldrei háum hæðum, rétt eins og restin af plötunni. Kannski síðrokkstíllinn dapurlegi sé þar einum of áberandi, enda sú stefna löngu búin að syngja sitt síðasta.

Textarnir á plötunni eru heldur ekkert til að hrópa húrra fyrir og virðist sveitin í of miklum mæli kjósa ódýrar kynferðislegar lausnir þegar kemur að þeim.

Best er Úlpan þegar hún leyfir gítarnum að dansa aðeins og hleypir jafnvel nokkrum tölvutónum með í leiðinni, rétt eins og Ensími hefur gert með góðum árangri.

Attempted Flight by Winged Men er ágæt plata sem þó nær ekki að halda athyglinni allan tímann. Gítarinn á góða spretti á köflum en það dugar einfaldlega ekki til.

**Freyr Bjarnason**




**ÚLPA: ATTEMPTED FLIGHT BY WINGED MEN**

NIÐURSTAÐA:

**Þetta** er ágæt plata sem þó nær ekki að halda athyglinni allan tímann. Gítarinn á góða spretti á köflum en því miður dugar það ekki til.

# Leita að söngvara

Tommy Lee, trommari Mötley Crüe, Jason Newsted, fyrrum bassaleikari Metallica og núverandi meðlimur Voivod, og Gilby Clarke, fyrrum gítarleikari Guns N´Roses, hafa stofnað ofurgrúppuna Supernova sem verður í aðalhlutverki í annarri þáttaröðinni af Rock Star.

Í fyrstu þáttaröðinni leituðu meðlimir INXS að söngvara fyrir sveitina í stað hins látna Michael Hutchence og varð J.D. Fortune á endanum fyrir valinu. Gaf sveitin út plötuna Switch með J.D. innanborðs í nóvember í fyrra.

Nú ætlar Supernova að feta í fótspor INXS og finna sér söngvara í gegnum þennan vinsæla raunveruleikaþátt. Framleiðendur Rock Star hafa ráðið lagahöfundinn Butch Walker sem upptökustjóra fyrir fyrstu plötu Supernova, sem er væntanleg á næsta ári. Samhliða henni mun sveitin fara í tónleikaferð um Bandaríkin með nýja söngvaranum. Walker hefur samið lög fyrir Avril Lavigne og Pink auk þess sem hann vann með Tommy Lee að sólóplötu hans Tommyland: The Ride sem kom út í fyrra.

Á meðal gestadómara í næstu þáttaröð af Rock Star verða Slash, Macy Gray, Moby og Rob Zombie.



**MÖTLEY CRÜE** Tommy Lee, trommari Mötley Crüe, hefur stofnað ofursveitina Supernova, sem mun leita að söngvara í þættinum Rock Star.








## Kvennalandsliðið í 19. sæti

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu er í 19. sæti á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins sem gefinn var út í gær og stendur þannig í stað frá síðasta lista þrátt fyrir að hafa beðið lægri hlut fyrir Englandi fyrr í mánuðinum. Heimsmeistarar Þýskalands eru í efsta sæti listans.

**sport**

sport@frettabladid.is

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON: ER Á FÖRUM FRÁ SÆNSKA FÉLAGINU HALMSTAD

# Á leiðinni í þýsku Búndeslíguna

Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji Halmstad, mun að öllum líkindum skrifa undir samning við stórt lið í þýsku úrvalsdeildinni í næstu viku.

„Ég vil helst fara til Þýskalands, ég tel að sú deild henti mér mjög vel. Það er rétt skref að fara þangað núna í stað þess að fara strax í ensku úrvalsdeildina þrátt fyrir áhuga einhverra liða þar. Það hefur alltaf verið draumur minn að komast í stærri deild og betra lið og vonandi verður gengið frá þessu fljótlega, ég geri fastlega ráð fyrir því að það gerist," sagði Gunnar Heiðar við Fréttablaðið í gær.

Nokkur lið í Þýskalandi hafa sýnt Gunnari áhuga en hann gat ekki greint frá því hvaða lið þar væru að svo stöddu, en sagði að liðin væru í efri helmingi deildarinnar. „Samt ekki Bayern München," sagði Gunnar og hló við. Nýskipaður formaður Halmstad, Arne Ekström, sagði við Fréttablaðið í gær að liðið myndi ekki standa í vegi fyrir honum ef lið í stærri deild byði í hann. „Við höfum ekki fengið nein tilboð enn sem komið er. Við höfum heyrt af áhuga liða á honum en Halmstad er fjölskylduklúbbur sem hugsar vel um sína leikmenn. Við gerum drengi að mönnum og góða leikmenn að frábærum leikmönnum og við viljum að Gunnar þroskist og eigi farsælan feril," sagði Ekström.

Gunnar Heiðar verður samningslaus hinn 1. júlí og að því gefnu að hann skrifi undir við þýskt félag fer hann þangað í sumar. „Það væri gott að fá sem mestan fyrirvara. Þrátt fyrir að ég sé sleipur í þýskunni verður maður að læra aðeins meira," sagði Gunnar Heiðar léttur í bragði en hann er nú kominn á fullt skrið eftir meiðsli sem hafa hrjáð hann að undanförnu.



## > Neville hrifinn af Bjarna

Phil Neville, hinn kunni leikmaður Everton, var í viðtali við stuðningsmannafélag félagsins í fyrradag þar sem m.a. kom fram að unglingalandsliðsmaðurinn Bjarni Þór Viðarsson er í miklum metum hjá enska landsliðsmanninum margreynda. Neville var spurður að því hvaða ungu leikmenn hjá félaginu hefðu heillað hann mest á hans tíma hjá Everton og svaraði hann að bragði að það væru þeir James Vaughan, einn allra efnilegasti framherji Englands, og síðan íslenski miðjumaðurinn Bjarni Þór. Það er greinilegt að Bjarni Þór, sem var nýlega í leikmannahópi Everton í ensku úrvalsdeildinni í fyrsta sinn, er búinn að stimpla sig rækilega í gegn hjá liðinu.













# Árangur er ekki keyptur

**Handboltadeild FC Köbenhavn er að byggja upp lið sem ætlunin er að verði komið í hóp þeirra bestu í heimi innan fárra ára. Aron Kristjánsson, þjálfari Skjern, hefur ekki miklar áhyggjur af þróuninni og minnir á að peningar kaupa ekki árangur.**

**HANDBOLTI** Danska félagið FC Köbenhavn ætlar sér að verða stórveldi í alþjóðlegum handbolta innan fárra ára og hefur smám saman verið að safna að sér leikmönnum til að ná því takmarki. Nýjasti liðsmaðurinn er Steinar Ege, markmaður norska landsliðsins, sem skrifaði undir þriggja ára samning fyrr í vikunni. Hann leikur með Gummersbach og mun klára leiktíðina með því liði áður en hann heldur til Kaupmannahafnar í sumar.



**ARON KRISTJÁNSSON** Þjálfari Skjern hefur enn sem komið er ekki áhyggjur af þróun dönsku úrvalsdeildarinnar en allt stefnir í að FCK verði þar orðið yfirburðalið innan fárra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/FREYR GÍGJA

Fyrir hjá liðinu eru ekki ómerkari menn en norski línumaðurinn Frank Løke, sænsku landsliðsmennirnir Martin Boquist og Kristjan Svensson og hinn gamalreyndi danski markvörður Peter Nørklit - allt leikmenn sem myndu líklega sóma sig vel með toppliðum í þýsku úrvalsdeildinni. Og til að stýra öllum stjörnunum fékk félagið til liðs við sig Magnus Andersson, fyrrum landsliðsmann Svía og einn besta leikmann heims á síðasta áratug.

„Þeir eru að koma upp mjög sterkum mannskap sem verður erfitt að keppa við," segir Aron Kristjánsson, þjálfari Skjern í dönsku úrvalsdeildinni, sem er einn helsti keppinautur FCK og hinna toppliðana í deildinni. Aron segir að áætlanir FCK séu gleðiefni fyrir danskan handbolta en jafnframt að það gæti verið áhyggjuefni ef liðið næði algjörri yfirburðastöðu á innlendum vettvangi.

„Það væri frábært fyrir danskan handbolta ef hér yrði til alþjóðlegt stórlið en það er ljóst að önnur lið í deildinni hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að keppa við FCK," segir Aron.

Handboltalið FC København er aðeins lítill hluti af íþróttafélaginu FCK, sem er það stærsta sinnar tegundar í Danmörku og skilar miklum hagnaði ár eftir ár. Fótboltaliðið er flaggskip félagsins og sá hluti sem felur í sér langstærstu veltuna, en það hefur ásamt Bröndby verið yfirburðalið í landinu mörg síðustu ár. Fyrir tveimur árum tók félagið hins vegar meðvitaða ákvörðun um að koma handboltaliðinu í hóp þeirra fremstu á alheimsvísu og þá skipti litlu hvaða kostnað það bæri með sér. Peningunum er nú dælt þangað inn og getur liðið boðið leikmönnum sínum jafngóð og laun og þau gerast best í Þýskalandi. Ekki er séð fyrir endann á þessari uppbyggingu en ljóst er að aðdráttarafl liðsins er jafnt og þétt að aukast og til marks um það má nefna að litlu munaði að stórskyttan frá S-Kóreu, Kiu-Shin Yoon, hefði farið til FCK. Á endanum tók hann Hamborg í Þýskalandi framyfir, eitt ríkasta félagið þar í landi.

FCK er í 2. sæti dönsku úrvalsdeildarinnar í handbolta sem stendur, fimm stigum á eftir toppliði GOG sem hefur haft nokkra yfirburði í ár. Búast má við því að FCK komi enn sterkara til leiks á næsta ári enda ætlar það að bæta við sig fleiri leikmönnum fyrir næsta tímabil. „En sem betur fer er það er margsannað að peningar kaupa ekki árangur, eins og Real Madrid hefur sýnt í fótboltanum síðustu ár," sagði Aron að lokum.

vignir@frettabladid.is






Íslandsmeistarar FH:

## Gætu gert Matzen tilboð

**FÓTBOLTI** Danski varnarmaðurinn Peter Matzen verður líklega með tvö tilboð í höndunum frá íslenskum félögum eftir helgina eftir að hafa verið við æfingar hjá Íslandsmeisturum FH í vikunni. Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri FH, sagði við Fréttablaðið í gær að Ólafur Jóhannesson væri að vega og meta stöðuna en þeim hefði litist ágætlega á það sem þeir sáu til Matzen.

Að því má leiða líkur að FH bjóði honum samning en Auðun Helgason, fyrirliði liðsins, verður ekki með í sumar vegna erfiðra meiðsla.

Matzen kom til reynslu hjá Keflavík í febrúar og bauð liðið honum samning. Þegar Keflvíkingar biðu svars fékk Matzen boð um að æfa með Hafnarfjarðarliðinu sem hann þáði, en hann þekkir til Tommy Nielsen, varnarmanns FH. Matzen er 29 ára gamall og er til mála hjá Vejle í Danmörku sem stendur. Hann getur leikið sem miðvörður eða bakvörður.

- hþh



RONALDO Snýr hann aftur til Inter Milan?
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Inter Milan:

## Ronaldo gæti snúið aftur

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru taldar á því að brasilíski framherjinn Ronaldo yfirgefi herbúðir Real Madrid í sumar en hann er nú hvað sterklegastu orðaður við sitt gamla félag Inter Milan. Massimo Moratti bætti olíu á eldinn hvað þá umræðu varðar með ummælum sínum í ítölskum fjölmiðlum í gær.

„Ef hann er ennþá sterkur, andlega og líkamlega, og við sjáum hann fyrir okkur frammi með Adriano þá kemur það vel til greina,“ sagði Moratti en Ronaldo spilaði í fimm ár með Inter áður en hann fór til Spánar fyrir metfé árið 2002.

Stuðningsmenn Inter urðu bálreiðir yfir þessu þar sem hann hafði verið mikið meiddur í tvö ár en liðið stóð með honum í gegnum allt sem á gekk. Síðan þá hafa stuðningsmenn ítalska liðsins hengt upp borða ótt og títt með þeim skilaboðum að Ronaldo skuli halda sig frá Inter. - hþh

Rafael Benítez:

## Af hverju ætti ég að fara?

**FÓTBOLTI** Rafael Benítez hefur bundið enda á allar vangaveltur um það að hann sé að fara frá Liverpool. Benítez hefur stöðugt verið orðaður við stjórastöðuna hjá Real Madrid sem er í leit að nýjum manni í brúna auk þess sem Spánverjinn hefur verið orðaður við Inter Milan.

„Ég er búinn að tala við stjórnina og Rick Parry og við erum allir að hugsa um það sama. Við viljum halda áfram að þróa liðið og klúbbinn. Við viljum vinna fleiri titla og við leggjum hart að okkur til þess, fyrir mér er það alveg nóg,“ sagði Benítez.

Talið er að Benítez fái um þrjátíu milljónir til leikmannakaupa í sumar en tveir framherjar eru efstir á óskalista Evrópumeistaranna,. einna helst Michael Own og Dirk Kuyt. Þá berast þær fregnir að Liverpool hafi þegar tryggt sér brasilíska vinstri bakvörðinn Fabio Aurelio sem má fara frítt frá gamla liði Benítez, Valencia, nú í sumar. - hþh

UEFA-bikarinn:

## Middlesbrough mætir Basel

**FÓTBOLTI** Enska liðið Middlesbrough mætir svissneska liðinu Basel í átta liða úrslitum UEFA-bikarsins en dregið var í gær.

„Basel er gott lið með langa sögu í Evrópukeppnum. Það hefur lagt mjög góð lið að velli, eins og reyndar við höfum gert. En ég tel að þetta gefi okkur mjög góða möguleika á að komast áfram,“ sagði Steve McClaren, stjóri Middlesbrough, um dráttinn.

**ÁTTA LIÐA ÚRSLIT:**

SEVILLA - ZENIT ST. PÉTURSBORG
BASEL - MIDDLESBROUGH
RAPID BÚKAREST - STEAUA BÚKAREST
LEVSKI SÓFÍA - SCHALKE

**UNDANÚRSLITIN:**

LEVSKI SÓFÍA/SCHALKE - SEVILLA/ZENIT
RAPID/STEAUA - BASEL/MIDDLESBROUGH

Stan Collymore hefur loksins náð að hasla sér völl í Hollywood:

# Leikur ástmann Sharon Stone

**FÓTBOLTI** Hinn gamalkunni knattspyrnumaður og ólátabelgur Stan Collymore leikur ástmann Sharon Stone í framhaldsmyndinni af hinni gríðarlega vinsælu Basic Instinct, sem væntanleg er í kvikmyndahús út um allan heim innan fárra vikna. Forverinn kom út árið 1992 og gerði Stone að alheimsstjörnu á augabragði, en þá lék hún á móti stórleikaranum Michael Douglas.

Collymore hafði margoft lýst því yfir að hann ætti sér þann draum að gerast leikari eftir að atvinnumannaferli hans lyki og ljóst er að hlutverk hans í Basic Instinct II getur reynst stór stökkpallur út í hringiðuna í Hollywood.

„Ég leik kærasta Sharon Stone,“ segir enski landsliðsmaðurinn fyrrverandi. „Þetta er ekki stórt hlutverk en í upphafsatriðinu njótum við ásta í bíl. Það má segja að ég hafi haft smá reynslu af slíku. Satt að segja reyndist sú taka mér afar auðveld,“ sagði kvennabósinn og glaumgosinn Collymore jafnframt. - vig



STAN COLLYMORE Fær að njóta ásta með Sharon Stone í bíl í Basic Instinct 2 og segir það hafa verið lítið mál. Enda búi hann yfir fínni reynslu af svipuðum athöfnum frá fyrri tíð.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES









# Vel að sigrinum komnir

**Skallagrímur vann 95-81 sigur á Grindvíkingum í átta liða úrslitum Iceland Express-deildarinnar í gærkvöldi. George Byrd var maðurinn á bak við sigur heimamanna en hann átti frábæran leik jafnt í sókn sem vörn.**



**SAMSTILLTIR** Valur Ingimundarson og lærisveinar hans í Skallagrími voru greinilega tilbúnir í slaginn þegar þeir mættu Grindvíkingum í gær. Skallagrímur hafði góðan sigur að lokum og er í lykilstöðu í einvíginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KÖRFUBOLTI** Leikur Skallagríms og Grindavíkur bar þess strax merki að mjótt yrði á munum í lokin og hart yrði barist til þar til laukaflotan gylli við. Sú varð raunin en svo fór að heimamenn unnu sanngjarnan sigur að lokum.

Leikurinn byrjaði af krafti og gestirnir komu gríðarlega ákveðnir til leiks og neyddu heimamenn til að taka leikhlé eftir aðeins einnar mínútu leik. Heimamenn tóku svo við sér með dyggum stuðningi áhorfenda sem létu öllum illum látum á pöllunum og héldu uppi frábærri stemningu frá upphafi til enda.

George Byrd, leikmaður Skallagríms, fór á kostum bæði í vörn og sókn og dró vagn heimamanna í leiknum. Byrd spilaði frábæra vörn auk þess sem hann var Grindvíkingum erfiður í sókninni en hann skoraði alls 29 stig í leiknum og var að öðrum ólöstuðum maður leiksins. Jeremiah Johnson og Páll Axel Vilbergsson fóru fyrir gestunum en þeir skoruðu 30 stig og dreif sá síðarnefndi sína menn áfram af miklum móð allan leikinn.

Heimamenn voru einu sigi undir í hálfleik, 42-41, en tóku síðan forystu sem þeir freistuðu að halda út leikinn. Lítið mátti sjá á milli þessara tveggja skemmtilegu liða, sem spiluðu bæði vel í leiknum. Sóknarlotur heimamanna voru þó erfiðar á tímum en að sama skapi var vörn Grindvíkinga götótt þegar mikið lá við og það var fyrst og fremst það sem gerði gæfumuninn fyrir heimamenn.

Grindvíkingar voru þó aldrei langt undan en náðu aldrei að jafna leikinn þar sem heimamenn gáfu ekkert eftir og unnu að lokum sannkallaðan baráttusigur, 95-81.

„Þeir voru einfaldlega betri en við á öllum sviðum leiksins. Það var eins og við værum að hlaupa á vegg og við þurfum að skoða okkar mál rækilega vel fyrir næsta leik. Skallagrímsmenn eru vel að sigrinum komnir enda eru þeir með frábært lið,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindvíkinga, eftir leikinn.

Valur Ingimundarson var stoltur af sínum mönnum eftir þennan glæsta sigur. „Við gerum alltaf eins vel og við getum og ég verð að segja að þetta er frábær árangur hjá okkur. Við vorum að spila vel í þessum leik, vörnin var frábær í síðari hálfleik og þetta er fyrst og fremst sigur liðsheildarinnar,“ sagði Valur.

„Byrd er að smella vel inn í hópinn en þessi leikur sýndi vel þann frábæra anda sem einkennir liðið og allt í kringum körfuboltann í Borgarnesi. Stemningin í kvöld var ótrúleg og við ætlum svo sannarlega að klára einvígið í Grindavík,“ sagði Valur Ingimundarson skælbrosandi að lokum.

Í hinum leik átta liða úrslitanna í gær vann Njarðvík sigur á ÍR eftir að leikurinn hafði verið í járnum framan af. Lokatölur urðu 77-67 eftir að Njarðvík hafði leitt með einu stigi í hálfleik.

hjalti@frettabladid.is



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### Iceland Express-deild karla:

| | |
|---|---|
| SKALLAGRÍMUR-GRINDAVÍK | 95-81 |

**Stig Skallagríms:** George Byrd 29, Dimitar Karadzovski 18, Jovan Zdravevski 14, Pétur Sigurðsson 13, Axel Kárason 7, Hafþór Gunnarsson 8, Pálmi Sævarsson 2, Hákon Þorvaldsson 2.

**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 30, Jeremiah Johnson 30, Helgi Jónas Guðfinsson 6, Pétur Guðmundsson 5, Páll Kristinsson 4, Netsen Biberovic 2, Guðlaugur Eyjólfsson 2, Þorleifur Ólafsson 2.

***Skallagrímur leiðir einvígið, 1-0.***

| | |
|---|---|
| NJARÐVÍK-ÍR | 77-67 |

***Njarðvík leiðir einvígið, 1-0.***

### DHL-deild karla:

| | |
|---|---|
| ÞÓR AK.-HAUKAR | 32-36 |
| ÍR-VÍKINGUR/FJÖLNIR | 29-28 |
| KA-FYLKIR | 24-28 |

***Leik Selfoss og FH var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.***

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 21 | 16 | 1 | 4 | 647-581 | 33 |
| **FRAM** | **20** | **15** | **2** | **3** | **577-523** | **32** |
| VALUR | 20 | 14 | 1 | 5 | 607-552 | 29 |
| **STJARNAN** | **20** | **12** | **4** | **4** | **588-546** | **28** |
| FYLKIR | 21 | 12 | 2 | 7 | 561-530 | 26 |
| **ÍR** | **21** | **9** | **3** | **9** | **668-645** | **21** |
| HK | 20 | 9 | 2 | 9 | 577-568 | 20 |
| **KA** | **21** | **8** | **3** | **10** | **580-592** | **19** |

### Þýska úrvalsdeildin:

| | |
|---|---|
| MAGDEBURG-DELTIZSH | 37-20 |

**Sigfús Sigurðsson** skoraði þrjú mörk fyrir Magdeburg en **Arnór Atlason** lék ekki með liðinu þar sem hann er enn að jafna sig eftir hnéspeglun.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KIEL | 22 | 20 | 0 | 2 | 739-625 | 40 |
| **G´BACH** | **23** | **18** | **2** | **3** | **723-610** | **38** |
| FLENSBURG | 22 | 18 | 2 | 2 | 758-620 | 38 |
| **MAGDEBURG** | **24** | **17** | **2** | **5** | **773-670** | **36** |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

15 16 17 **18** 19 20 21

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 14.00 **HK** og **KA/Þór** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Digranesinu.
- 14.00 **Grótta** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta á Seltjarnarnesi.
- 14.00 **Fram** og **Valur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Safamýri.
- 14.00 **ÍBV** og **FH** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Vestmannaeyjum.
- 16.00 **Fjölnir** og **Keflavík** mætast í úrslitakeppni Iceland-Express deildar karla í körfubolta í Grafarvogi.
- 16.00 **Snæfell** og **KR** mætast í úrslitakeppni Iceland-Express deildar karla í körfubolta í Stykkishólmi.
- 16.15 **Stjarnan** og **Fram** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Ásgarði.
- 16.15 **HK** og **Afturelding** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Digranesinu.
- 16.15 **ÍBV** og **Valur** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Vestmannaeyjum.
- 17.00 **KR** og **ÍA** mætast í Deildabikar karla í fótbolta í Egilshöll.

### SJÓNVARP

- 05.50 **Formúla 1** á RÚV - Tímataka.
- 12.45 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Everton** og **Aston Villa.**
- 15.00 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Charlton.** Aðrir leikir á dagskrá klukkan 15 eru sýndir á hliðarrásum Enska boltans.
- 17.15 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsendnding frá leik **Bimringham** og **Tottenham.**
- 15.50 **Iceland-Express deild karla í körfubolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Fjölnis** og **Keflavíkur.**
- 16.05 **DHL-deild karla í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Stjörnunnar** og **Fram.**
- 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Real Sociedad** og **Barcelona.**
- 21.00 **Golf** á Sýn. Bein útsending.

Arsene Wenger er orðinn þreyttur á orðrómnum um Thierry Henry og Barcelona:

# Þetta er einfaldlega skáldskapur

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, lét vel í sér heyra þegar hann ræddi við enska blaðamenn í gær og vísaði því algjörlega á bug að framherjinn Thierry Henry væri búinn að ná samkomulagi við forráðamenn Barcelona um að fara til Spánar í sumar, eins og greint var frá í gær. Wenger fer ófögrum orðum um spænsku dagblöðin og segir þau byggja stórfréttir sínar á sögusögnum sem eigi ekki við rök að styðjast.

„Fjölmiðlarnir á Spáni eru alveg eins og hér í Englandi. Þetta byrjar sem orðrómur og svo er gert meira úr því. Frétt birtist í spænsku dagblaði og þá taka ensku slúðurblöðin málið til sín og krydda það aðeins til. Svona er þetta bara og það er ekkert sem ég get gert í því,“ segir Wenger.



**SAMSTARFIÐ BRÁTT Á ENDA?** Thierry Henry og Arsene Wenger hafa náð vel saman í gegnum tíðina en svo gæti farið að þeir verði ekki saman eftir næsta tímabil.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Franski stjórinn segist ennþá trúa því statt og stöðugt að Henry verði áfram í herbúðum Arsenal og skrifi undir nýjan samning við félagið fyrr en síðar. „Ekki gleyma því að Henry er samningsbundinn Arsenal til ársins 2007 svo að ef eitthvað á að hafa verið samþykkt á milli hans og Barcelona þá hefur það ekki getað farið framhjá okkur. Þess vegna getur þetta ekki verið satt,“ útskýrir Wenger.

\- vig

Landsbankadeild karla:

# Gravesen í Fylki

**FÓTBOLTI** Fylkir gekk í gær frá samningum við Peter Gravesen, miðjumann frá Danmörku. Gravesen þessi er bróðir Thomas Gravesen sem er á mála hjá spænska stórliðinu Real Madrid. Hann skrifaði undir tveggja ára samning við Fylki.

Rétt eins og bróðir hans spilar Peter á miðjunni en munurinn á þeim er að hann er mun sókndjarfari auk þess sem hann er örvfættur. Þá er Peter talsvert hárprúðari er Thomas. Peter er 26 ára gamall og hefur að undanförnu leikið með Herfölge í dönsku úrvalsdeildinni. Hann var ekki á reynslu hjá Fylki en honum fylgdu góð meðmæli og þykir hann vera afar sterkur leikmaður.

\- vig



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„But I am mad about Jose. I honestly think I'd give up smoking if he asked me.“**

**Svar:**
Holly Golightly úr Breakfast at Tiffany's frá 1961

# dagskrá

## Í TÆKINU: KIRSTEN DUNST LEIKUR Í CRAZY/BEAUTIFUL Í SJÓNVARPINU KL. 00.20

# *Er kvikmyndaframleiðandi*

Tuttugu og fjöggurra ára leikkonan Kirsten Caroline Dunst fæddist í New Jersey í Bandaríkjunum. Foreldrar hennar skildu snemma en faðir hennar er þýskur og starfar sem framkvæmdastjóri lyfjafyrirtækis og móðir hennar er fyrrum eigandi listagallerís.
Kirsten byrjaði í skemmtiiðnaðinum aðeins þriggja ára gömul og í æsku lék hún í rúmlega 70 auglýsingum.
Árið 1989 lék Kirsten í sinni fyrstu mynd, New York Stories, sem Woody Allen leikstýrði. Stuttu síðar flutti fjölskylda hennar til Los Angeles og Kirsten hætti að leika um hríð. Árið 1994 lék Kirsten í myndinni Interview with the Vampire á móti leikurunum Brad Pitt og Tom Cruise. Fyrir leikinn hlaut Kirsten meðal annars MTV-verðlaunin og tilnefningu til Golden Globe-verðlaunanna. Árið 1995 komst Kirsten á lista People Magazine yfir 50 fallegasta fólk heims, þá aðeins 13 ára. Á næstu árum lék Kirsten í vinsælum myndum svo sem Little Women, Jumaji og Small Soldiers.
Árið 2000 var viðburðaríkt hjá Kirsten. Hún hlaut frábæra dóma fyrir leik sinn í The Virgin Suicides, sannaði leikhæfileika sína enn frekar í gamanmyndinni Bring It On og útskrifaðist úr menntaskólanum Notre



Dame í Los Angeles.
Kirsten er vinsæl Hollywood-leikkona í dag og er með eigið framleiðslufyrirtæki, Wooden Spoon Productions, ásamt móður sinni. Kirsten var í sambandi með Jake Gyllenhaal frá 2002 til 2004.



▶ 20.40 *Kvikmyndir*

THE BIRDCAGE



▶ 21.50 *Kvikmyndir*

ANCORMAN



▶ 19.30 *Gaman*

FRIENDS



▶ 20.00 *Gaman*

ALL OF US



▶ 15.50 **Körfubolti**

FJÖLNIR – KEFLAVÍK

## SJÓNVARPIÐ

**5.50** Formúla 1 **8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.08** Bú! (6:26) **8.19** Lubbi læknir (3:52) **8.32** Arthúr **8.59** Sigga ligga lá (3:52) **9.13** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (28:40) **9.35** Gló magnaða (42:52) **10.00** Kóalabirnirnir (25:26) **10.25** Stundin okkar **10.50** Formúla 1

**12.10** Kastljós **12.40** Katla og Kötluvá **12.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **14.15** Íslandsmótið í handbolta **15.45** Handboltakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (43:51)

**18.30 Frasier** (Frasier XI)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Fjölskylda mín (4:13)** (My Family) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.
**20.15 Spaugstofan**
▶ **20.40 Fuglabúrið** (The Birdcage) Bandarísk gamanmynd frá 1996 um hommapar sem villir á sér heimildir svo að sonur þeirra geti kynnt foreldra kærustu sinnar fyrir þeim.
**22.40 Ræningjarnir** (Rånarna) Sænsk spennumynd frá 2004 um lögreglumenn sem eiga í höggi við harðsvíraða bankaræningja í Stokkhólmi.

**0.20** Banvæn ást **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok **6.30** Formúla 1

## STÖÐ 2

**7.00** Músti **7.05** Pingu **7.10** Ljósvakar **7.20** Engie Benjy **7.30** Magic Schoolbus **7.55** Tiny Toons **8.15** Barney **8.40** Með afa **9.35** Kalli á þakinu **10.00** Home Improvement 4 **10.25** Uncle Buck

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol – Stjörnuleit **16.10** Meistarinn **17.00** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.10 Lottó**
**19.15 The Comeback (11:13)** (Endurkoman) Valerie er boðið á People's Choice verðlaunahátíðina og hún fellst á að leyfa sigurvegar í samkeppni hanna á sig kjólinn.
**19.45 Stelpurnar (8:20)**
**20.10 Bestu Strákarnir**
**20.40 Það var lagið** Gestasöngvarar Hemma í kvöld eru Sessý og Magni ámóti Soffíu og Ingvari Valgeirs.
▶ **21.50 Ancorman : The Legend of Ron Burgundy** (Fréttaþulurinn: Goðsögnin um Ron Burgundy)Í Bandaríkjunum eru fréttaþulir, aðalsjónvarpsstjórnurnar og Ron Burgundy er fullkomlega meðvitaður um það.

**23.25** Saw (Stranglega bönnuð börnum) **1.05** Open Range (Bönnuð börnum) **3.20** Western **5.20** The Comeback (11:13) **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**17.30** Fashion Television Nr. 18 (e) **18.00** Laguna Beach (13:17) (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Friends (15:24)** (Vinir 7)
▶ **19.30 Friends (16:24)** (Vinir 7)
**20.00 Kallarnir (e)** Það eru þeir Gillzenegger og Partý-Hans sem taka hina ýmsu karlmenn úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnakka.
**20.30 Sirkus RVK (e)** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar og Brynju Bjarkar, þar sem þau taka púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.00 American Idol 5 (17:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 8 – #519 – 8 Girls)Stelpurnar stíga á svið.
**21.50 American Idol 5 (18:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 8 – #520 – 8 Boys)Strákarnir stíga á svið.
**22.40 American Idol 5 (19:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)

**23.30** Supernatural (5:22) (e) **0.15** Extra Time – Footballers' Wive **0.40** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**10.30** Dr. Phil (e)

**12.45** Yes, Dear (e) **13.15** According to Jim (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **16.00** Dr. 90210 (e) **16.30** Celebrities Uncensored (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

**18.35 Sigtið (e)**
**19.00 Family Guy (e)** Yfirmaður Peters deyr og hann missir vinnuna í kjölfarið. Hann ákveður að láta langþráðan draum rætast og gerist riddari.
**19.30 Malcolm in the Middle (e)**
▶ **20.00 All of Us** Robert klæðir sig upp sem jólasveinninn og Bobby Jr. sér þegar jóli að kyssir Tiu.
**20.25 Family Affair** Bill er búin að skipuleggja fyrstu jól krakkana í New York en það fer allt forgörðum þegar krakkarnir smitast öll af flensunni.
**20.50 The Drew Carey Show**
**21.45 Law & Order: Trial by Jury** Stabler, Benson og Kibre vinna að því að koma raðnauðgara á bakvið lás og slá.
**22.30 Strange** Rúmenskir flóttamenn koma til borgarinnar til að ráða niðurlögum illra anda.

**23.30** Stargate SG-1 (e) **0.15** Law & Order: SVU (e) **1.05** Boston Legal (e) **1.55** Ripley's Believe it or not! (e) **2.40** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.10** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**9.00** Ítölsku mörkin **9.25** Ensku mörkin **9.55** Spænsku mörkin **10.25** World Poker **11.55** NBA 2005/2006 – Regular Season(San Antonio – Phoenix)

**13.55** Gillette World Cup 2006 **14.25** US PGA 2005 – Inside the PGA T **14.55** Skólahreysti 2006 ▶ **15.50** Iceland Expressdeildin(Fjölnir – Keflavík) Bein útsending. **17.50** A1 Grand Prix

**18.45 Súpersport 2006** Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jaðarsportið og háska frá öðrum sjónarhornum en vant er.
**18.50 Spænski boltinn** (Real Sociedad – Barcelona) Bein útsending frá leik í Real Sociedad og Barcelona í spænska boltanum.Barcelona tapaði óvænt fyrir Osasuna um síðustu helgi 2-1. Barcelona situ rí efsta sæti í deildinni 9 stigum á undan næsta liði sem er Real Madrid.Þrátt fyrir tapið um síðustu helgi virðist fátt ætla að koma í veg fyrirað Börsungar hampi titlinum í vor.
**21.00 US PGA Tour 2005 – Bein útsending** (Bay Hill Invitational)Bein útsending frá næstsíðasta deginum á Bay Hill Invitational golfmótinusem fer fram í Orlando á Flórída.

**0.00** Hnefaleikar (Ricky Hatton vs. Carlos Maussa) **02.15** Hnefaleikar (Vitali Klitschko vs. Danny Williams) **03.00** Hnefaleikar (Hasim Rahman vs. James Toney) Bein útsending.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Die Another Day (Bönnuð börnum) **8.10** Fame **10.20** Titanic **13.30** Ultimate X: The Movie **14.10** Fame **16.20** Titanic **19.30** **Ultimate X: The Movie** (Ofurhugar) Ungir ofurhugar leika listir sínar. **20.10 Die Another Day** James Bond fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa. B. börnum. **22.20 Intermission** (Millikaflar) Stranglega bönnuð börnum. **0.05** Old School (Bönnuð börnum) **2.00** Enough (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Intermission (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **13.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **14.00** E! News Special **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Uncut **17.00** The E! True Hollywood Story **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Dr. 90210 **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.10** Upphitun (e) **12.40** Everton – Aston Villa (b) **14.50** Á vellinum **15.00** Arsenal – Charlton (b) **17.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **17.15** Birmingham – Tottenham (b)

**19.30 Blackburn – Middlesbrough** Leikur sem fram fór í dag.
**21.30 W.B.A. – Man. Utd.** Leikur sem fram fór í dag.
**23.30** Man. City – Wigan **1.30** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Anchorman:** The Legend of Ron Burgundy **Stöð 2 kl. 21.50**

### *Veldi aðalfréttaþularins á áttunda áratugnum ógnað*



*Hinn sprenghlægilegi Will Ferrell fer á kostum í myndinni ásamt hinni gullfallegu Christinu Applegate.*

Í kvöld sýnir Stöð 2 geysivinsæla gamanmynd með einum eftirsóttasta gamanleikaranum í dag, Will Ferrell, í hlutverki heitasta fréttaþular í bransanum - á áttunda áratugnum. Í Bandaríkjunum eru fréttaþulir aðalsjónvarpsstjörnurnar og Ron Burgundy er fullkomlega meðvitaður um það. Stærra egó hefur enda ekki sést í sjónvarpi fyrr né síðar og hann nýtur sín að vera konungurinn í þessu mikla karlaveldi sem sjónvarpsfréttirnar voru í þá daga. Veldi hans og sjálfsmynd er ógnað verulega þegar kona er ráðin í hlutverk fréttaþular, ung og efnileg fréttakona, gullfalleg og með bein í nefinu, sem ætlar sér alla leið á toppinn og lætur enga karlpunga stöðva sig. Meðal leikenda eru Paul Rudd, Christina Applegate og Will Ferrell en leikstjóri er Adam McKay.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | | 8 | | |
| | | | | | | | 3 | 2 |
| | | | 2 | | 1 | 9 | 6 | |
| 3 | 8 | | | | | | | 9 |
| 1 | | | 6 | | 3 | | | 4 |
| 5 | | | | | | | 2 | 6 |
| | 1 | 2 | 8 | | 6 | | | |
| 8 | 5 | | | | | | | |
| | | 3 | | 5 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 5 | 4 |
| 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 6 | 7 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 9 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 2 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 1 | 8 | 2 | 5 | 9 | 7 | 4 | 3 | 6 |



**16.45** *Heimildamynd*

RYANAIR CAUGHT NAPPING

**NFS**

**10.00** Fréttir **10.05** Helgin – með Eiríki Jónssyni **11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **14.00** Fréttir **14.10** Helgin – með Eiríki Jónssyni **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** Skaftahlíð **16.45** Ryanair Caught Napping **1**

**8.00** Veðurfréttir og íþróttir
**18.30 Kvöldfréttir/veður**
**19.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar.
**19.45 Helgin – með Eiríki Jónssyni**
**20.45 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss**
**21.35 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar.
**22.10 Veðurfréttir og íþróttir**
**22.40 Kvöldfréttir/veður**

**23.20** Síðdegisdagskrá endurtekin í h **9.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Í þágu íbúanna **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Er ofbeldi fyndið? **14.35** Tónlist á laugardegi **15.00** Til í allt **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.26** Leikhúsmýslan **19.00** Kringum kvöldið **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying





## HRÓSIÐ

*...fær Hilmar Örn Agnarsson organisti í Skálholtskirkju fyrir að auka fjölbreytni í íslensku tónlistarlífi.*

## NÚNA

## BÚIÐ



Menn með skegg. Sýrlónu-lúkkið hans George Clooney gæti orðið trend.



Skólastelputísk-an. Einföld og sjarmerandi.



P'tit punch. Skvetta af rommi, kreista af lime og teskeið af hrásykri. Hressandi.



Árshátíðarkjólar. Þessir sem líta út eins og þú sért að fara að taka þátt í samkvæmisdansa-keppni. Oj bjakk.



Koffínlaust kaffi. Drekktu te í stað-inn, annað er bara tilgangslaust.

Fjúsjón-matur. Endurvektu frekar klass-íska matargerð.





**LÁRÉTT**
**2** hnapp **6** skóli **8** bein **9** er **11** slát-urfélag **12** fíflast **14** veldis **16** hvað **17** jafnvel **18** drulla **20** númer **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1** ýkja **3** hröð **4** nytjalist **5** þakbrún **7** gáta **10** mánuður **13** gerast **15** kven-klæðnaður **16** merki **19** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 tölu, 6 fg, 8 rif, 9 sem, 11 ss, 12 atast, 14 ríkis, 16 ha, 17 eða, 18 aur, 20 nr, 21 knús.

**LÓÐRÉTT:** 1 ofsa, 3 ör, 4 listiðn, 5 ufs, 7 getraun, 10 maí, 13 ske, 15 sarí, 16 hak, 19 rú.

**SVÖRIN VIÐ VEISTU SVARIÐ**

1. Magnus Carlsen.
2. Svavar Gestsson.
3. Stykkishólmi.

allt atvinna
Alla sunnudaga



**JÓN ÓLAFSSON** Athafnamaðurinn leikur prest í nýjustu kvikmynd Kevin Reynolds, Tristan & Isolde, en báðir eru þeir væntanlegir til lands-ins í tilefni af frumsýningu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**JÓN ÓLAFSSON:** FETAR Í FÓTSPOR KEVINS COSTNER

# Leikur prest í kvikmynd

Athafnamaðurinn Jón Ólafsson leikur feluhlutverk í nýjustu mynd leikstjórans Kevin Reynolds, Tristan & Isolde, sem skartar James Franco í aðalhlutverki. Verður athafnamaðurinn þar í hlutverki prests en Jón hefur áður brugðið sér í það líki, lék einnig guðsmann í Djöflaeyjunni sem Friðrik Þór Friðriksson leikstýrði.

Jón var staddur í kuldanum á Englandi þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum og sagðist kunna vel við sig í þessu hlutverki. „Þetta er bara ævistarfið mitt,“ segir hann og hlær. Hlutverk Jóns var nokkuð stórt í handritinu en hann þurfti að leggja í kringum fjörutíu línur á minnið. „Þetta voru heilir fjórtán tímar í tökum,“ segir Jón en bjóst alveg eins við að þær yrðu skornar niður í tíu til tuttugu sekúndna atriði. „Ég tala reyndar bara latínu í myndinni,“ bætir hann við. Jón og leikstjórinn Reynolds eru vinir frá fornu fari og því fannst honum það lítið tiltökumál að leika í einni kvikmynd fyrir hann. „Þetta var bara skemmtilegt.“

Kevin Reynolds er mikill Íslandsvinur og á hér vini og kunningja. Hann er væntanlegur til landsins fimmtudaginn 24. mars á vegum Iceland Film Festival en þá verður haldin sérstök sýning til styrktar EINN AF FIMM en það eru samtök sem vilja vekja athygli á þunglyndi. Reynolds er mikill áhugamaður um þetta verkefni og var það einn aðalhvatinn að komu hans. Jón Ólafsson staðfesti að hann yrði að sjálfsögðu einnig meðal gesta.

Reynolds á að baki merkilegan feril og er sennilega kunnastur fyrir samstarf sitt við stórstjörnuna Kevin Costner. Þeir gerðu kvikmyndina Robin Hood: Prince of Thieves sem sló eftirminnilega í gegn og lögðu síðan út í hina rándýru Waterworld. Þar kastaðist heldur betur í kekki með vinunum og Reynolds var rekinn fyrir tilstuðlan Costners. Síðasta mynd Reynolds, The Count of Monte Cristo, skartaði engum öðrum en Jesúleikaranum James Caviezel í aðalhlutverki auk Guy Pierce og Richard Harris.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Slúðurblöðin Séð&Heyrt og Hér&Nú hafa vitaskuld verið í harðri samkeppni frá stofnun þess síðarnefnda en nú hefur fyrst kastast almennilega í kekki milli ritstjórna blaðanna eftir að Séð&Heyrt birti frétt um að **Brynja Björk Garðarsdóttir**, blaðakona á Hér&Nú, og yfirfhnakkinn **Ásgeir Kolbeinsson** væru nýtt par. Í kjölfar fréttarinnar mun skammarsímtölum hafa rignt yfir ritstjórnarskrifstofu Séð & Heyrt. Í frétt Séð&Heyrt var sagt að Brynja Björk og Ásgeir hefðu sést mikið saman að undanförnu, meðal annars á fegurðarsamkeppni Suðurnesja. Það er svo sem satt og rétt en þau voru þó ekki að spóka sig í tilhugalífinu heldur voru þau að störfum fyrir sjónvarpsþáttinn Sirkus Rvk. sem þau stjórna saman. Hvort þessi fréttaflutningur sé til merkis um harðnandi átök á slúðurmarkaðnum skal ósagt látið en væntanlega hríslast kaldur hrollur um þau skötuhjú sem hljóta að hafa áhyggjur af áhorfinu á þáttinn ef kollegar Brynju á Séð&Heyrt vita ekki af því að þau stjórni honum saman.

Sjónvarpsþættirnir Kallarnir voru sýndir á sjónvarpsstöðinni **Sirkus** við miklar vinsældir en einungis fjórir þættir voru framleiddir enda voru þeir félagar mjög ósáttir við úrvinnslu þeirra. Einhverjar væringar eru nú um að þátturinn fari í „alvöru“ framleiðslu hjá **Saga Film** og staðfesti **Egill Einarsson**, betur þekktur sem Gilzenegger, það í samtali við Fréttablaðið. „Menn eru búnir að gera sér grein fyrir því að þetta er langbesti þátturinn í íslensku sjónvarpi fyrr og síðar og þess vegna viljum við fá Saga Film með okkur í lið,“ lýsti Egill yfir, kokhraustur að venju. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða þættirnir væntanlega teknir upp í sumar og hugsanlegt er að farið verði út á land til að kenna landsbyggðarfólki sitthvað í fræðum Kallanna. - fgg



## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðsinu í gær var sagt að ráð-stefna trúleysingja færi fram 25. og 26. júní en hið rétta er að hún verður 24. og 25. júní. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Gómsætir fiskréttir í sparifötum

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Nylon ferðast með Westlife

Stúlknahljómsveitin Nylon mun hita upp fyrir strákasveitina Westlife og ferðast með piltunum um England þvert og endilangt. Nylon-flokkurinn hélt til Bretlands í mars og nú hafa þrotlaus vinna og eilíf ferðalög skilað sveitinni þeim árangri að stúlkurnar fjórar hita upp fyrir einhverja vinsælustu strákahljómsveit heims. Ferðalagið hefst í Manchester 21.apríl og lýkur á Wembley-leikvanginum þar sem reikna má með að fjórtán þúsund gestir berji sveitina augum.

Einar Bárðarson, umboðsmaður sveitarinnar, var að vonum ánægður þegar Fréttablaðið hafði tali af honum. „Þær hafa verið á kynningarferðalagi að undanförnu og fengið mjög góð viðbrögð,“ útskýrir Einar en hópurinn var kominn með tilboð frá Íslandsvinkonunum í Sugababes. „Þetta datt síðan inn á borðið til okkar og við þáðum það enda miklu stærra verkefni,“ segir hann.



**NYLON** Sveitin hitar upp fyrir strákahljóm-sveitina Westlife en tónleikaferðalagið hefst í Manchester 21. apríl.

Nylon sló fyrst í gegn fyrir tveimur árum og fyrsta plata sveitarinnar seldist í bílförmum. Stelpurnar voru enn fremur með sjónvarpsþátt á Skjá einum en eflaust hafa einhverjir spáð því að þær væru tískubóla sem spryngi ansi snögglega. Annað hefur komið á daginn því önnur plata sveitarinnar gekk mjög vel og nú er nýr kafli hafin í sögu sveitarinnar. „Þetta er mikið ævintýri fyrir alla en fyrst og fremst erum við að uppskera laun erfiðisins,“ segir Einar. - fgg

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

# Með ánægðustu viðskiptavinina!

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Allt frá upphafi hefur Nóatún lagt megináherslu á sérhæfingu og góða þjónustu með kjötvörur. Með árunum hefur Nóatún þróað stefnu sína enn frekar þannig að ferskleiki, fagmennska og góð þjónusta eru ávallt í fyrirrúmi.

Enn eitt árið er Nóatún með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.

Nóatún lítur á niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar sem hvatningu til þess að halda áfram á sömu braut og tryggja áfram ánægju viðskiptavina sinna með framúrskarandi þjónustu og gæðavörum.




**_Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði samkvæmt íslensku ánægjuvoginni hjá Gallup!_**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

## Gefins bók

Geir H. Haarde nýtur augljóslega trausts manna í Washington því að hjólin þar hafa byrjað að snúast með býsna miklum hraða eftir ákveðið frumkvæði af hans hálfu.“ Svo skrifaði leiðarahöfundur Morgunblaðsins þann 4. febrúar síðastliðinn eftir að utanríkisráðherra Íslands, tiltölulega nýr í embætti, hafði átt fund með Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Það er dálítið fyndið að rifja þennan leiðara upp í ljósi nýjustu tíðinda. Hjólin byrjuðu aldeilis að snúast virðist vera, eftir þennan fund. Núna rúmum mánuði síðar er varnarliðið að fara nánast í heild sinni.

**HIÐ** allra fyndnasta er það, að Mogginn var að sjálfsögðu með skýringu á reiðum höndum á því af hverju samskiptin við Bandaríkin væru komin í svona afskaplega góðan farveg með tilkomu Geirs. „Enda er utanríkisráðherrann menntaður þar í landi,“ skrifaði leiðarahöfundur, „og hefur margvísleg persónuleg tengsl við áhrifamenn þar.“ Höfundur Staksteina bætti síðan um betur í sama tölublaði. Þar var bent á að Geir hefði verið í fylgdarliði íslenska forsætisráðherrans þegar hann heimsótti Hvíta húsið 1988, þegar Ronald Reagan var forseti.

**„TIL** þess var tekið í þessari heimsókn,“ skrifaði Staksteinahöfundur, „hversu vel fór á með Reagan og Geir H. Haarde, raunar svo mjög, að þegar hinn síðarnefndi hafði orð á því við forsetann, að bók um hann, sem hann hefði haft áhuga á að lesa væri uppseld, lét Reagan sækja bókina í bókasafn sitt og gaf Geir.“

**VÁ.** Reagan gaf Geir bók. Það verður að segjast eins og er að ákveðin öfl á hægri væng stjórnmálanna á Íslandi hafa alla tíð lagt á það nánast sjúklega áherslu að einungis leiðtogar Sjálfstæðisflokksins hafi reynslu, þekkingu og burði til þess að tala við Bandaríkjamenn. Skemmst er að minnast þess að Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra ákvað að viðræður um framtíð varnarliðsins skyldu fara fram undir hans stjórn en ekki þáverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar. Hann taldi greinilega að hann væri betur til þess fallinn sem sjálfstæðismaður að láta hjólin byrja að snúast. Þeir fengu jú gefins bók.

**VONANDI** lærum við öll af þessu þá hörðu lexíu að undirlægjuháttur borgar sig aldrei í samskiptum ríkja. Við eigum til dæmis ekki að rjúka í styrjaldarbrölt með Bandaríkjamönnum úti í heimi vegna þess að við teljum þá vera svo góða vini okkar. Við eigum að móta og aðhyllast okkar sjálfstæðu stefnu, byggða á raunsæi, okkar hagsmunum og hugsjónum. Umfram allt vona ég heitt og innilega að hin blindu Kanasleikjuöfl sem svo oft hafa haldið sig vera besta vin aðal láti sér nýjustu tíðindi að kenningu verða. Maðurinn sem fékk gefins bók fékk núna símtal í hvelli frá undirsáta. „We´re gone, dude,“ sagði sá. „So long. Take it easy.“ ■


